VESTFIRSKIR VERKTAKAR
Háþrýstiþvottur
Kjarnaborun
Steinsögun
www.vverk.is Sími: 456 6600

Íbúðalán.is
- kynntu þér lánakjörin

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk
Fimmtudagur 20. desember 2007 · 51. tbl. · 24. árg.

Símanúmer Landsbankans á Ísafirði er 410 4156
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Fjárhagsáætlun samþykkt

Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar var samþykkt á bæjarstjórnarfundi í síðustu viku. Hallarekstur Ísafjarðarbæjar er áætlaður 148 milljónir á næsta ári, sé tekið tillit til afskrifta, lífeyrisskuldbindinga og annarra reiknaðra liða. Veltufé frá rekstri jókst milli umræðna og er áætlað 190 milljónir. Gjaldskrá bæjarins hækkar um 4,5 prósent sem er í takt við verðlagsþróun. Í einhverjum tilfellum lækkar hún. Meðal annars mun gjaldskrá leikskóla lækka um 10 prósent, leikskólapláss fimm ára barna verður gjaldfrjáls fyrir hádegi, afla- og kranagjald mun lækka og almenningssamgöngur verða gjaldfrjálsar. Sorphirðugjöld munu hinsvegar hækka verulega, eða um tæp 21 prósent.

Ísafjörður.

Alls er gert ráð fyrir 457 millj. kr. í fjárfestingar. Helstu verkefnin eru lok framkvæmda við nýbyggingu Grunnskólans á Ísafirði, viðhaldsverkefni í gatnagerð Í hafnarframkvæmdum verður farið í Mávagarð vegna olíubirgðastöðvar og aðrar framkvæmdir á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri s.s. dýpkanir, flotbryggjur og endurnýjun stálþils á Suðureyri.Gert er ráð fyrir fjármagni til hönnunar á nýrri sundlaug og íþróttamiðstöð á Torfnesi. *– smari@bb.is*

Skatttekjur aukast um 14%

Skatttekjur Ísafjarðarbæjar eru áætlaðar 1.817 milljónir króna á næsta ári samanborið við 1.564 milljónir fjárhagsáætlun 2007. Munurinn er 14%. Hækkun skatttekna skýrist af hærri útsvarstekjum og auknu framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Í fjárhagsáætlun 2008 er reiknað með óbreyttri útsvarsprósentu eða 13,03%. Gert er ráð fyrir að breyting launataxta á næsta ári, óbreyttur íbúafjöldi miða við fjölda í október 2007 og svipað atvinnustig leiði til tæplega 3% hækkunar útsvarstekna frá spá um útsvarstekjur á þessu ári. Í spá um tekjur vegna útsvars á næsta ári er tekið tillit til spár um tekjusamdrátt vegna skerðingar á aflaheimildum í byggðarlaginu.

Eins og áður segir er gert ráð fyrir óbreyttri álagningarprósentu útsvars. Halldór Halldórsson bæjarstjóri sagði í stefnuræðu sinni að einungis sjö sveitarfélög á Íslandi væru með lægri útsvarsprósentu. Ennfremur sagði hann að í tilfelli Ísafjarðarbæjar gengi lægri útsvarsprósenta ekki upp, því þá yrði sveitarfélagið af ákveðnum framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Úr boltanum í bankann

Ísfirðingurinn Halldór Guðbjarnason var um árabil einn af forystumönnum íslenskrar bankastarfsemi. Í ítarlegu viðtali við BB fer Halldór yfir ýmis mál sem settu þjóðfélagið á annan endann, æskuárin á Ísafirði og margt fleira.

Flugskírteini nr. 9

Ísfirðingurinn Magnús Guðmundsson, fyrrv. flugstjóri segir frá æskuárunum á Ísafirði og fleiru

Dagurinn í dag

20. desember 2007 – 354. dagur ársins

Þennan dag árið 1930 var Landspítalinn tekinn í notkun, án allrar viðhafnar. Þennan dag árið 1974 féllu snjóflóð á Neskaupstað og ollu stórtjóni á húsum og öðrum mannvirkjum. Tólf manns fórust. Margir voru grafnir upp úr snjónum og 19 ára piltur bjargaðist eftir 20 klst.

Áætlun strætisvagna yfir hátíðarnar

Strætisvagnaferðir innan Ísafjarðarbæjar um hátíðirnar verða með hefðbundnu sniði. Að vanda eru engar ferðir laugardaga og sunnudaga en á aðfangadag og gamlársdag, sem ber upp á mánudag í ár verða síðustu ferðir á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri farnar frá Pollgötu klukkan 12. Innan Skutulsfjarðar verða síðustu ferðir í Hnífsdal og Holtahverfi farnar frá Pollgötu klukkan 16. Engar ferðir eru á jóladag, annan í jólum eða nýársdag.

Sex Vestfjarðamet

Sex Vestfjarðarmet voru slegin á Kiwanismóti Sundfélagsins Vestra í Sundhöll á Ísafirði á laugardag. Auk þess voru 11 Ísafjarðarmet slegin. Voru þar að verki sundkapparnir Ástrós Þóra Valsdóttir og Martha Þorsteinsdóttir. Ástrós Þóra var með fimm Vestfjarðamet og Martha eitt.

Keppt var í 50 metra flug-, bak-, bringu- og skriðsundi og 100 metra flug, bak, bringu og skrið. Einnig verður keppt í 66 metra fjórsundi.

Nýr vefur

Fossadalur, sem framleiðir eina íslenska fluguveiðihjólið, hefur opnað nýjan vef. Þar er að finna greinargóðar upplýsingar um hjólin ásamt ýmsum fróðleik. WISH hjólin hafa verið í þróun frá 2004. Hjólin eru að öllu leiti hönnuð og framleidd á Ísafirði.

Ók á grjót

Lögregla og sjúkrabíll voru kölluð á Súðavíkurhlíð á sunnudagskvöld þar sem bifreið hafði ekið á grjót sem fallið hafði úr hlíðinni.

Talið var að slys hefðu orðið á fólki en svo reyndist ekki vera en betur fór en á horfðist og einungis um eignartjón að ræða.

Mugiboogie toppar Mugimömmu

„Er´ða ekki bara fullt hús stjarna?“, eru lokaorð plötudóms Andreu Jónsdóttir í DV þar sem Mugiboogie er til umfjöllunar. Hún segir að með plötunni hafi hann toppað síðustu breiðskífu sína, Mugimama, is this monkey music, sem hlaut fádæma góðar viðtökur gagnrýnenda og almennings þegar hún kom út árið 2004. Hún getur sérstaklega hljómsveitarinnar og segir að þeir séu eitt, bæði andlega og líkamlega. Hún líkir hughrifunum að hlusta á Mugiboogie við það þegar hún hlustaði á nýjar Bítlaplötur í gamla daga. Sítarleikur Björgvins Gíslsonar segir hún eiga einkar vel við í laginu George Harrison. „Og þetta er ekki það eina Bítla-lega við þessa plötu, ég vil ganga svo langt að líkja Mugieboogie við sjálfa Revolver-skífu The Beatles, en fólk er enn að rökræða hvort hún eða Sgt. Pepper´s Lonely Hearts Club Band sé besta plata hinna bresku Bítla“, segir Andrea í dómnum.

Ennfremur segir hún: „Lögin eru margvísleg, maður veit ekkert á hverju maður getur átt von á næst; allskonar stílar í gangi...ballaða, dauðarokk, blús..., og allt knúið áfram af listrænni sköpunargleði og -þörf listamansins, sem nýtur þess greinilega að öskra og hvísla og allt þar á milli með félögum sínum, sem standa með honum eins og einn maður. Textarnir eru í stíl við lögin...eða öfugt...lýsa alls konar hughrifum...eru sexý, örvænt-ingarfullir, mjúkir og bæði alvarlegir og með glotti, sem sagt ekta rokk í þeim, og þeir verða órjúfanlegur partur af lögunum í ákafri túlkun Mugisonar.“

– smari@bb.is

Enn ein rósin í hnappagat Mugison.

Sýknaður af ákæru um ölvunarakstur

Karlmaður hefur verið sýknaður fyrir Héraðsdómi Vestfjarða af ákæru um ölvunarakstur. Manninum var gert að sök að stjórnað og reynt að stjórna bifreið undir áhrifum áfengis er hann settist undir stýri bifreiðarinnar og reyndi að gangsetja hana. Átti hann að hafa látið hana renna afturábak nokkra metra á bifreiðastæði í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp uns bifreiðin staðnæmdist. Vínandamagn í blóði hans reyndist vera 1,73 ‰. Er atvikið átti sér stað barst lögreglunni á Vestfjörðum tilkynning um að tveir ölvaðir menn væru með ólæti í Reykjanesi við Ísafjörð. Talið var að mennirnir ætluðu sér að aka bifreið og væru þeir að reyna að gangsetja hana. Tveir lögreglumenn héldu þegar af stað frá Hólmavík áleiðis í Reykjanes. Á leiðinni á vettvang barst lögreglu tilkynning um að annar mannanna hefði fært bifreiðina úr stað og síðan sofnað ölvunarsvefni í bifreiðinni. Hinn maðurinn hefði verið sagður farinn af vettvangi.

Síðar kom í ljós að engir lyklar voru í kveikjulás bifreiðarinnar. Eina vitni atburðarins bar við aðalmeðferð málsins að málsatvikalýsing sem það hafði áður gefið væri röng. Vitnið hefði ekki séð ákærða fara inn í bifreiðina og færa hana heldur einungis séð að bifreiðin hafði verið færð, en hver það gerði gæti það hins vegar ekki um borið. Hinar röngu sakargiftir fyrir lögreglu skýrði vitnið með hefnigirni í garð ákærða, hann hefði verið ákærða reiður fyrir skrílslæti og apagang er hann var við gleðskap ásamt félögum sínum á bar hótelsins.

Í dómsorði segir að við mat á hinum breytta framburði verður ekki fram hjá því litið að viðkomandi hefur eitt vitna borið um akstur ákærða umrædda nótt. Verður framburði þess fyrir dómi því ekki vikið til hliðar í málinu þó svo skýringar á hinum breytta framburði verði að teljast með nokkrum ólíkindablæ. Því fór fjarri að ákæruvaldinu hafi tekist að sanna gegn neitun ákærða, svo ekki verði véfengt með skynsamlegum rökum að hann hafi umrædda nótt ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis.

– thelma@bb.is

Jólasveinar

Grýlusynir

Í Tjöruhúsinu

10. sýning fim. 27. des. kl. 17.00

Gleðileg Jól

Miðasala sími: 8917025 og á www.komedia.is

Kómedíuleikhúsið

Sundlaugarnar opnar um jól og áramót

Þegar grunnskólarnir fara í jólafrí rýmkast opnunartími sundlauga fyrir almenning og því tilvalið að bregða sér í laugarnar, láta hugann reika og ræða málefnin í heitu pottunum og brenna jólahlaðborðunum í nokkrum sundtökum. Sundhöll Ísafjarðar verður opin miðvikudaginn 19. desember til og með föstudegi, og á Þorláksmessu og dagana 28. desember og 2. og 3. janúar frá 7 til 11 og aftur frá kl. 13 eftir hádegi til 22 um kvöldið. Laugardag og sunnudag verður hún opin frá 10 til 16. Aðfangadag og gamlársdag verður opið frá 9 til 12 og 27. desember frá 10 til 11 og 13 til 22. Aðra daga jólahátíðarinnar verður lokað.

Sundlaugin á Þingeyri verður opin dagana 20., 21., 27. og 28. desember frá 7:45 til 11:30 og 16 til 21 en 2. og 3. janúar byrjar hádegislokunin klukkan 11. Laugardaginn 22. desember og á Þorláksmessu verður opið frá 10 til 18 og á aðfangadag og gamlársdag frá 7:45 til 12. Laugardag og sunnudag milli hátíða verður opið frá 10 til 16.

Á Suðureyri verður laugin opin á Þorláksmessu milli 12-17 og á aðfangadag milli 10 og 12. Dagana 27. og 28. desember verður opið frá 16 til 20 og helgina fyrir áramót, og á gamlársdag verður opið frá 12 til 17.

– sigridur@bb.is

Gjaldskrá Funa á að endurspegla kostnað

Íbúar Ísafjarðarbæjar borga hæstu sorphirðu- og sorpeyðingargjöld landsins og versnar enn í því á næsta ári því þau munu hækka um fimmtung frá áramótum. Í-listinn lagði til að þau hækkuðu ekki meira en aðrar gjaldskrárhækkanir, eða um 4,5 prósent. Meirihluti bæjarstjórnar hafnaði tillögunni með þeim rökum að rekstur Funa og sorphirðing kostar meira en innheimt er af heimilum og fyrirtækjum. Því telur meirihlutinn eðlilegt að gjaldskráin endurspegli kostnað. Samkvæmt upplýsingum frá Halldóri Halldórssyni bæjarstjóra borgar bærinn 23 milljónir með sorpmálum á þessu ári.

Úrskurðarvald til Ísafjarðar

Sýslumaðurinn á Ísafirði er að taka við nýju verkefni, sem er úrskurðarvald í útlendingamálum. Er um sérverkefni að ræða á vegum Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og í umboði þess. Verið er að auglýsa stöðu lögfræðings við sýslumannsembættið á Ísafirði, vegna þessa. Á hann að hefja störf sem fyrst en umsóknarfrestur rennur út 31.desember.

Styttist í opnun reiðvegar milli Engidals og Arnardals

Löng bið hestamanna í Engidal eftir reiðvegi frá Engidal út í Arnardal er senn á enda. Gámaþjónusta Vestfjarða hefst nú brátt handa af fullum krafti við að móta reiðveg þann sem staðið hefur til að leggja um nokkurn tíma. Ákveðið var að gera reiðveg fyrir ofan þjóðveginn, í samræmi við tillögur nefndar um könnun á aðstöðu til hestamennsku á landsbyggðinni og stuðning ríkissjóðs við uppbyggingu hennar, frá árinu 2005, og sér Vegagerðin um að hrinda þessum verkefnum úr vör. Reiðvegur er skipulagður frá hesthúsahverfinu í Engidal um Kirkjubólshlíð út í Arnardal og er búið að leggja 2,4 km af veginum en reiðvegurinn verður tengdur gamla þjóðveginum uppi í hlíðinni og sá vegur verður loks tenging við Arnardal.

Þegar öryggissvæði Ísafjarðarflugvallar var stækkað fékk Vegagerðin leyfi hjá bænum til að taka efni úr Kirkjubólshlíð svo úr yrðu svokallaðir snjóflóðaskápar gegn því að gengið yrði vel frá sárunum. Vegagerðin ákvað í samræmi við fyrrnefnt nefndarálit og í samstarfi við hestamannafélagið Hendingu að leggja þyrfti reiðveg á þessari leið en fjármagn fékkst ekki til að klára verkið fyrr en seint í haust.

Ragnar Á. Kristinsson hjá Gámaþjónustu Vestfjarða á von á beltagröfu fyrirtækisins á næstu dögum, en hún hefur verið í undirverktöku hjá KNH fyrir sunnan. Þegar beltagrafan kemur í bæinn verður hægt að byrja almennilega að móta veginn, en undirbúningsvinna er að mestu búin, svo sem að ræsa fram eina mýri. Í vor þegar þornar ráðgera Gámaþjónustumenn að klára að ganga frá, setja möl yfir og gera fínt í kring. Hestamenn í Engidal ættu því vonandi að geta farið ríðandi á sumarblót í Arnardal, óhræddir við umferðina.

Í nefndarálitinu segir almennt um reiðleiðir: „Nefndin leggur til að hætt verði að leggja reiðleiðir meðfram þjóðvegum eftir því sem frekast er kostur. Þess í stað verði þegar hafist handa við það, í samstarfi við Landssamband Hestamanna og Vegagerðina að leggja reiðleiðir þar sem þær voru áður eftir því sem heimildir og kort mæla fyrir um, eða á nýjum stað, en ekki við þjóðveginn eða á helgunarsvæði hans. Gripið verði til aðgerða til að tryggja lagningu slíkra reiðleiða.“

Afli Vestfirðinga dregst saman um 6.400 tonn

Heildarafli á Vestfjörðum dróst saman um 6.400 tonn á fyrstu 11 mánuðum þessa árs, samanborið við sama tímabil í fyrra. Þorskaflinn dróst saman um 6.300 tonn og steinbítsafli um 1.000 tonn. Ýsuveiðar jukust talsvert, eða um 1.400 tonn. Sé nóvember mánuður skoðaður kemur fram að þorskafli dróst saman um 1.000 tonn milli ára meðan ýsuveiði jókst um 1.400 tonn.

Heildarafli í nóvembermánuði var 4.400 tonn samanborið við 3.800 tonn í fyrra. Þessar upplýsingar um fiskafla sem eru fengnar á vef Hagstofunnar og eru bráðabirgðatölur. Þær byggjast á upplýsingum Fiskistofu sem berast frá löndunarhöfnum innanlands (Lóðs), útflytjendum afla og frá umboðsmönnum erlendis og er safnað af Fiskistofu.

– smari@bb.is

Flateyri.

Nýsmíðað kirkjugarðshús fauk

Töluvert eignatjón varð vegna veðurs á Flateyri aðfaranótt föstudags í síðustu viku. Fiskihjallur fauk og hús sem nýbúið var að smíða fyrir kirkjugarðinn, og var staðsett fyrir utan garðinn, og splundraðist á legsteinunum. Gluggar fuku úr nýju sumarhúsunum sem reist voru fyrir sjóstangaveiðimenn og eitthvað losnaði af þökunum. Fiskikör og járnplötur voru eins og hráviðri út um allan bæ.

Að sögn Ívars Kristjánssonar, formanns björgunarsveitarinnar Sæbjargar, hefur hreinsun ekki verið lokið en henni verður fram haldið í vikunni. Engin slys urðu á fólki utan að björgunarsveitarmaður varð fyrir fiskikari. Honum varð ekki meint af fyrir utan marbletti en var fluttur til aðhlynningar læknis.

Aðfararnótt laugardags var sjógangur svo mikill að Brimnesvegur hvarf og var ekki fólksbíla fær. Hreinsun hófst á honum strax morguninn eftir og er hann orðinn vel fær núna að sögn Ívars. *– thelma@bb.is*

Áhugi enn fyrir hendi á olíuhreinsistöð

Ólafur Egilsson, hjá Íslenskum hátækniiðnaði, segir að hann og hans samstarfaðilar séu að kynna sér efni skýrslanna um staðarval fyrir olíuhreinsistöð sem kom út fyrir helgi. „Við erum að fara yfir skýrslurnar með okkar verkfræðingum. Skýrslurnar eru gott skref í þá átt sem við viljum stefna“, segir Ólafur. Áhugi er enn fyrir hendi hjá erlendum samstarfsaðilum Íslensks hátækniiðnaðar fyrir að reisa olíuhreinsistöð á Vestfjörðum að sögn Ólafs. Ekki er tekin afstaða til mismunandi staða í skýrslunum, en um er að ræða Hvestu í Arnarfirði og Sanda í Dýrafirði. Ólafur segir að enginn tímarammi um ákvarðanatöku liggi fyrir.

„Við höfum áhuga á því að unnið verði áfram að málinu á eðlilegum hraða og á vandaðan hátt. Við erum núna að þýða skýrsluna og það tekur tíma en aðalatriðið er að þetta er á hreyfingu“, segir Ólafur Egilsson.

– smari@bb.is

ÍSAFJARÐARBÆR

ÚTBOÐ

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Fráveituútrás í Fjarðarstræti.“ Ofangreindu verki skal vera að fullu lokið eigi síðar en 1. desember 2008.
Helstu magntölur eru:

Lagnaskurðir	900 m
Lagnir	
DN250	80 m
DN315	230 m
DN400	765 m
Brunnar	16 stk.

Útboðsgögn eru til sölu á kr. 3.000.- hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði. Tilboðin verða opnuð á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, **þriðjudaginn 15. janúar 2008 kl. 11:00** að viðstöddum þeim bjóðendum, sem þess óska.

Sviðstjóri umhverfissviðs.

ÚTBOÐ

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Brotajárn.“ Um er að ræða þjónustusamning til þriggja ára. Útboðsgögn verða afhent hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði. Tilboðin verða opnuð á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu **þriðjudaginn 15. janúar 2008 kl. 11:30** að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sviðstjóri umhverfissviðs.

Allt í jólamatinn
í Samkaup Úrval

Úrbeinað hangilæri, hangframpartur og svínahamborgarhryggur m/beini 15% afsláttur á kassa

KEA Úrbeinað hangilæri og hangiframpartur 10% afsláttur á kassa

Samkaup úrval

Tilboðin gilda frá 20. desember til 22. desember

Ísafirði og Bolungarvík

Allt í jólapakkann
í Samkaup Úrval
30% afsláttur
8.395 kr/pk. m/afsl.
Pirates of the caribbean
30% afsláttur v/kassa
3.990 kr/pk.
30% afsláttur
2.445 kr/pk. m/afsl.
Barbie sportbíll
40% afsláttur
5.995 kr/pk. m/afsl.
Þríhjól
40% afsláttur
3.595 kr/pk. m/afsl.
Mega block Pirates - Spiderman
30% afsláttur
2.795 kr/pk. m/afsl.
Mega blocks kubbar - 80 stk.
30% afsláttur
2.795 kr/pk. m/afsl.
Dora the explorer
30% afsláttur
4.895 kr/pk. m/afsl.
Bratz 3 in 1 movie
30% afsláttur
2.445 kr/pk. m/afsl.
Fisher price búgarður
30% afsláttur
3.495 kr/pk. m/afsl.
Fisher price kastali
20% afsláttur
1.999 kr/pk. m/afsl.
Búðarkassi
30% afsláttur
6.295 kr/pk. m/afsl.
Black og decker vinnuborð
30% afsláttur
2.795 kr/pk. m/afsl.
Fisher price flugvél og skólabíll
15% afsláttur
9.890 kr/pk.
Samkaup úrval
Tilboðin gilda frá 20. desember til 22. desember
Ísafirði og Bolungarvík

Fauk 500 metra og lenti á ljósastaur

Mikið óveður geisaði aðfaranótt fimmtudags í síðustu viku á Vestfjörðum í suðvestan stormi og fóru ýmsir lausamunir á flug. Maður nokkur ætlaði að vitja um eigur sínar á höfninni árla morguns á fimmtudag en þegar út úr bílnum kom vildi ekki betur til en að hann fauk um koll og þurfti að leita til læknis vegna meiðsla á hendi. Engin önnur slys urðu á fólki, svo vitað sé. Að sögn lögreglunnar á Ísafirði fuku nokkrar kerrur og aftanívagnar og laus aftanívagn fauk um 500 metra áður en hann endaði á ljósastaur og annar vagn sem hékk aftan í flutningabíl fauk til og endaði í vinkil við bílinn.

Jólasveinar heimsóttu íþróttaskólabörn

Íþróttaskóla Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar lauk á dögunum en hann er ætlaður börnum 2-5 ára. Í lokatíma námskeiðsins heimsóttu jólasveinar börnin og færðu þeim gjafir. Að sögn Árna Ívars Heiðarssonar, umsjónarmanns skólans, tóku börnin vel á móti gestunum og var mikið fjör. „Þetta var rosa gaman. Krakkarnir komu með gesti með sér, afa og ömmur, pabba og mömmur og ég veit ekki betur en að allir hafi skemmt sér vel.“ Í skólanum er lögð áhersla á fjölbreytta og skemmtilega hreyfingu. Skólinn er starfræktur í 10 vikur í hvert sinn og fer námið fram í íþróttahúsinu.

Ritstjórnargrein

Kertaljós í bláum fjarska

Jól,
kertaljós í bláum fjarska,
bak við ár,
æskuminning um fegurð.

Jólaljós barnsins í *Þorpinu,* litla sjávarplássinu sem varð síðar fulltíða manni hjartfólgið yrkisefni, var sviplítið miðað við ljósaflóðið sem augu barna nútímans fanga. Ef til vill lítið kerti, brætt á rúmbrík, ljósgjafi við lestur fágætrar bókar. Jólaljós, æskuminning frá kreppu- og styrjaldartímum sem hið ofhlaðna, nútíma íslenska allsnægtasamfélag nær ekki að hrófla við.

Stíg ég hreinn upp úr bala
á eldhúsgólfinu,
signdur af þreyttri móður,
færður í nýja skyrtu.

Breytingarnar sem orðið hafa í samfélaginu frá því vestfirska skáldið stóð sem lítill drengur upp úr balanum hjá þreyttri móður, sem fól hann Guði sínum til verndar og færði í nýja flík til að hann færi ekki í Jólaköttinn, hafa sem betur fer verið flestar á þann veg að enginn vil hverfa aftur til fyrra horfs.

Jól,
fagnaðartár
fátæks barns-

Sagt er að augun séu spegill sálarinnar. Hvergi er jólagleðin einlægari en í augum barns, sem kertaljósið speglast í; blikið sem skáldið sá í minningunni sem fagnaðartár þess sem skynjar og tekur á móti hinum eina og sanna boðskap jólanna.

Heilbrigði og fagurt mannlíf er ekki að finna í hillum stórmarkaða. Dagurinn í dag kann að færa okkur allt í haginn. Morgundagurinn er óráðinn. Valt er veraldar gengið. Velmegunin sem við nú búum við var ekki sjálfgefin og það er ekki sjálfgefið að hún vari. Gleymum heldur ekki að þrátt fyrir allt sitja margir til hlés.

Bæjarins besta sendir lesendum sínum og velunnurum nær og fjær sem og landsmönnum öllum hugheilar óskir um að jólin færi þeim frið og fögnuð.

s.h. – Jól: Jón úr Vör.

Á þessum degi fyrir 20 árum

Minningarathöfn um björgunarafrek

Félagar úr björgunarsveitum við Patreksfjörð minntust í gær björgunarafreksins við Látrabjarg fyrir 40 árum með athöfn á bjargbrúninni þaðan sem sigið var niður eftir skipsbrotmönnum af enska togaranum Doon.

Kveikt var á 12 kertum til að minnast skipbrotsmannanna 12 sem komust af og 12 björgunarmanna sem sigu niður eftir þeim á Flauganef í miðju Látrabjargi. Þá var einnig komið fyrir þremur blómaskreytingum á bjargbrúninni til að minnast skipsverjanna þriggja sem fórust með Doon.

Það voru félagar úr björgunarsveitinni Blakki frá Patreksfirði, slysavarnardeild Unnar á Patreksfirði og Bræðrabandinu í Rauðasandshreppi sem stóðu að þessari athöfn, en félagar úr síðastnefndu sveitinni tóku þátt í björguninni á sínum tíma. Tveir björgunarmanna tóku þátt í athöfninni, þeir Ásgeir Erlendsson, vitavörður á Látrum, og Bjarni Sigurbjörnsson frá Hænuvík, en hann er einn eftirlifandi af þeim fjórum sem fóru niður í fjöru að enska togaranum.

Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi. 3X-Technology á Ísafirði.

Húsasmiðjan á byggingarréttinn

Komið hefur í ljós eftir mikið grúsk tæknifræðinga og umsjónarmanna skipulagsmála hjá Ísafjarðarbæ að Húsasmiðjan á byggingarréttinn á lóðinni Sindragötu 4a, einnig þekkt sem Wardstún. Við sögðum frá því hér í blaðinu fyrir tæpum mánuði að bærinn hefði óskað lögfræðiálits vegna þeirrar flækju sem komin var upp í kringum eignarhaldsmál lóðarinnar Sindragötu 4. Upphaf þessa máls má rekja til kvörtunar sem 3X-Technology sendu bænum vegna sóðaskaps á Wardstúninu svokallaða sem var mikill þyrnir í augum starfsmanna og ekki síst gesta fyrirtækisins. Málið fór að minna á brauðbakstur litlu gulu hænunnar þar sem enginn kannaðist við neitt.

Árið 2004 fluttu fyrstu íbúar inn í Sindragötu 4 sem byggingarfyrirtækið Ágúst og Flosi ehf. byggðu og áttu. Nokkrum misserum seinna fór fyrirtækið í gjaldþrot en hafði þá verið með annað fjölbýlishús á lóðinni á prjónunum. Byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar sagði í nóvember í samtali við blaðið: „Þegar Ágúst og Flosi ehf. byggja húsið sem stendur á lóðinni núna höfðu þeir möguleika á að byggja á 900 fermetrum til viðbótar. Þeir voru komnir með málið í þann farveg að breyta deiliskipulaginu svo úr yrði Sindragata 4 og 4a en svo fer fyrirtækið í þrot og deiliskipulagsbreytingin fór aldrei í samþykki. Lóðin er náttúrulega í eign Ísafjarðarbæjar en íbúar í Sindragötu 4 borga af henni leigu í gegnum fasteignagjöldin sín.“

Við þessi tíðindi um ofgreiðslu fasteignagjalda gróf einn íbúi fjölbýlishússins fram afrit af þinglýsingu þar sem lóðinni hafði verið skipt í tvennt, í Sindragötu 4 og 4a. Fólkið hafði frá því það flutti inn viljað byggja bílskúra á lóðinni en þeim hafði verið sagt að Ágúst og Flosi ættu lóðina og því væri það ekki hægt.

Jóhann Birkir Helgason, bæjartæknifræðingur staðfesti það í samtali við blaðið að nú væri það á hreinu að Húsasmiðjan ætti byggingarréttinn. Við gjaldþrot Ágústar og Flosa ehf. hefði veðið sem Húsasmiðjan átti í húsinu, Sindragötu 4, verið fært yfir á byggingarréttinn, líklega til að forða íbúðareigendum frá vandræðum vegna gjaldþrotsins. Hjá Fasteignamati ríkisins væri lóðin skráð sem ein heil lóð, en þær upplýsingar fær fasteignamatið frá bænum.

Lóðin er skipulögð fyrir íbúðarhúsnæði, en það var gert rétt fyrir þrot Ágústar og Flosa ehf. og hefðu byggingaráætlanir haldið áfram hefði þar líklega risið annað fjölbýlishús. Það skal ósagt látið hvað Húsasmiðjan gerir við byggingarréttinn, en það er ljóst að fyrirtækið hefur ekki borgað fasteignagjöld af lóðinni, eins og lög gera ráð fyrir, heldur íbúar Sindragötu 4.

Íþrótta- og jólahátíð gegn kynferðislegu ofbeldi

Íþrótta- og jólahátíð barna verður haldin í íþróttahúsinu á Torfnesi laugardaginn 22. desember. Ágóði hátíðarinnar fer óskiptur til Sólstafa, systursamtaka Stígamóta á Vestfjörðum. „Ástæðan fyrir hátíðinni er sú að við fordæmum kynferðislegt ofbeldi og viljum styrkja þessu ungu og frábæru samtök auk þess sem við viljum bjóða upp á fjör og skemmtun fyrir krakka“, segir Árni Heiðar Ívarsson, sem stendur fyrir hátíðinni ásamt Benedikt Sigurðssyni.

Hátíðin er ætluð fyrir öll börn á Vestfjörðum og boðið verður upp á leiki og fjör fyrir krakka á öllum aldri. Jólasveinar láta sig að sjálfsögðu ekki vanta auk þess sem boðið verður upp á góðgæti frá vestfirskum fyrirtækjum og jólastemmningu. „Við treystum á að allir krakkar á Vestfjörðum mæti“, segir Benedikt.

„Allir sem koma að hátíðinni gefa vinnu sínu og gera þetta ánægjunnar vegna, svona í anda jólanna. Meðal annars munu krakkar úr Sundfélaginu Vestra hjálpa okkur við að setja hátíðina upp og vestfirsk fyrirtæki leggja hönd á plóg“, segir Árni og bætir við. „Jólastemmning mun ríkja á Torfnesi daginn fyrir Þorláksmessu.

– thelma@bb.is

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564
Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is* · Sigríður Gísladóttir, símar 456 4694 og 697 8797, *sigridur@bb.is og* Smári Karlsson, sími 866 7604, *smari@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. · **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

Jólasteikur í miklu úrvali
gildir 20. des. - 23. des.
1.199 kr/kg
Verð áður 1.622 kr/kg
Léttreyktur lambahryggur
1.469 kr/kg
Verð áður 1.959 kr/kg
Villikryddað lambalæri
1.298 kr/kg
Verð áður 1.764 kr/kg
Frönsk sveitaskinka
529 kr
Verð áður 694 kr
Vanillu- og súkkulaðiís 2 ltr
89 kr
Verð áður 175 kr
Seven-Up venjulegt og Free 2 ltr
139 kr/kg
Verð áður 194 kr/kg
Sætar kartöflur
229 kr
Verð áður 299 kr
Jólaostur 2007 Havart ættaður
Samkaup úrval
Akureyri • Blönduós • Bolungarvík • Borgarnes • Dalvík • Egilsstaðir • Hafnarfjörður • Húsavík • Ísafjörður • Neskaupsstaður • Njarðvík • Ólafsfjörður • Selfoss • Siglufjörður • Skagaströnd
Verð birt með fyrirvara um prentvillur • Tilboðin gilda 20. des. - 23. des. • *Á eingöngu við þar sem fersk kjötborð eru á staðnum

Sameining ekki á döfinni

Sameining Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkurkaupstaðar er ekki á döfinni. Á vefsíðu Ríkisútvarpsins er greint frá því að líkur á sameiningu sveitarfélaganna hafi aukist til muna vegna aukinnar samvinnu sveitarfélaganna. Grímur Atlason, bæjarstjóri Bolungarvíkur, segir að það sé íbúanna að ákveða sameiningu. „Ég tel að það sé mikilvægt að vinna að sem flestum hlutum í sameiningu og í þá átt hafa málin verið að þróast. Til dæmis hafa tæknideild Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur verið sameinaðar og starfandi er sameinuð barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjarða. Aukin samvinna og jarðgöng eru forsendur sameiningar en það eru náttúrulega íbúarnir sem ákveða það í kosningu“, segir Grímur.

Stöðugildum fjölgar

Stöðugildum Ísafjarðarbæjar fjölgar um sex á næsta ári. Þetta kemur fram í fjárhagsáætlun meirihlutans í Ísafjarðarbæ. Áætlaður heildarfjöldi starfsmanna er í frumvarpinu rúmar 295 ársstöður borið saman við 289 ársstöður á fjárhagsáætlun þessa árs. Í stefnuræðu bæjarstjóra kom fram að fjölgun stöðugilda byggir á samþykktum tillögum stjórnsýslunefndar. Nefndin lagði til ný stöðugildi mannauðsstjóra, starfsmanns Eignasjóðs, umhverfisfulltrúa o.fl.

Gerður ráðin mannauðsstjóri

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að ráðningu Gerðar Eðvarðsdóttur í starf mannauðsstjóra bæjarins. Ráðningin var samþykkt með atkvæðum meirihlutans en minnihlutinn sat hjá. Deilur hafa staðið um samþykkta bæjarráðs um ráðningu Gerðar og mælti Sigurður Pétursson, oddviti Í-listans, með ráðningu Mörthu Lilju Marthensdóttur Olsen. Ingi Þór Ágústsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, lagði fram svohljóðandi bókun.

„Bæjarstjórn óskar Gerði Eðvarsdóttur til hamingju með starfið. Bæjarstjórn vill þakka öðrum umsækjendum fyrir umsóknir þeirra. Um var að ræða mjög hæfa einstaklinga, sem sómi hefði verið að hafa við störf hjá Ísafjarðarbæ. Bæjarstjórn óskar umsækjendum alls velfarnaðar.“ Bókunina samþykktu allir bæjarfulltrúar.

Snerpa og Míla taka höndum saman um fjarskiptakerfi

Snerpa ehf. og Míla ehf. skrifuðu í síðustu viku undir samstarfssamning þess efnis að Snerpa taki að sér að þjónusta fjarskiptakerfi Mílu á norðanverðum Vestfjörðum. Samningurinn við Mílu leiðir af sér að þrír starfsmenn Mílu flytjast yfir til Snerpu frá og með áramótum. Starfsmenn Snerpu eru átta en verða ellefu við þessa breytingu. Með því að taka að sér starfsemi Mílu á Vestfjörðum fær Snerpa tækifæri á því vaxa og er það í takt við stefnu fyrirtækisins. Um er að ræða töluverð samlegðaráhrif og hagræði fyrir bæði fyrirtækin hvað varðar nýtingu á mannafla og húsnæði.

Einnig mun þetta skila sér í bættri þjónustu enda verða fleiri starfsmenn tiltækir við þjónustu beggja fyrirtækja með tilkomu samningsins. Við upphaf samningsins verður þjónustusvæðið sem Snerpa sinnir það sama og starfsstöð Mílu á Ísafirði hefur sinnt hingað til, eða frá norðanverðum Arnarfirði allt til Steingrímsfjarðarheiðar. Möguleiki er á að svæðið stækki enn frekar síðar með bættum samgöngum á svæðinu.

„Það er mjög ánægjulegt fyrir Snerpu að gera samning um að þjónusta jafn stórt fjarskiptakerfi. Þetta er ein aðferð fyrir Snerpu til þess að vaxa innanfrá og gefur heimamönnum tækifæri á að taka að sér krefjandi verkefni. Einnig metum við mikils það traust sem samningur sem þessi felur í sér,“ segir Matthildur Helgadóttir, framkvæmdastjóri Snerpu.

Matthildur Helgadóttir, framkvæmdastjóri Snerpu og Páll Á. Jónsson, framkvæmdastjóri Mílu skrifa undir samninginn með bros á vör. Mynd: Ágúst Atlason.

„Ég er sannfærður um að þjónusta við viðskiptavini Mílu á eftir að styrkjast við þessa breytingu. Míla er með starfsemi á 13 stöðum á landinu. Við höfum verið að straumlínulaga starfsemina og höfum farið þá leið að vinna með verktökum í ákveðnum tilvikum í stað þess að vera með starfsemi í hverju bæjarfélagi. Það hefur gengið mjög vel,“ segir Páll Á. Jónsson, framkvæmdastjóri Mílu.

Snerpa var stofnuð árið 1994 á Ísafirði og er með elstu fjarskiptafyrirtækjum landsins. Fyrirtækið rekur alhliða tölvu og netþjónustu og hafa starfsmenn fyrirtækisins sérhæft sig í umsjón tölvukerfa fyrir fyrirtæki og stofnanir, vefforritun og hugbúnaðargerð auk almennrar tölvuþjónustu. Snerpa er í samstarfi við ýmis öflug fyrirtæki. Má þar nefna að fyrirtækið á og rekur fjarskiptakerfið INmobil sem er gervihnattaþjónusta til skipa í samstarfi við Símann og sér um alrekstur Opinna kerfa á Vestfjörðum.

Míla ehf. rekur fjarskiptanet um allt land. Fyrirtækið er í eigu Skipta hf. og var nýlega skilið frá Símanum. Kjarnastarfsemi Mílu er að byggja upp og reka traust og öflugt fjarskiptanet á Íslandi. Önnur fjarskiptafyrirtæki tengjast þessu neti í gegnum mismunandi lausnir. Hlutverk Mílu er að selja lausnir sínar til fyrirtækja og stofnana sem stunda fjarskiptastarfsemi. Míla sérhæfir sig m.a. í rekstri og ráðgjöf vegna fjarskiptakerfa, aðstöðuleigu fyrir upplýsingatækni og dreifikerfi.

STAKKUR SKRIFAR

Misjafnt hafast þeir að

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Líða fer að jólum og þá kemur yfir okkur öll andi góðvildar og vináttu, sem mætti gjarna endast betur og lengur. Íslendingar eru þó enn þeirrar gerðar að kunna að finna til samkenndar hver með öðrum og öðru fólki. Um jól safna margir fé til að létta þeim samferðarmönnum okkar sem minna mega sín, hvort heldur er innanlands eða utan, ferðina um þetta líf sem við eigum öll sameiginlegt að lifa. Þó er það með mjög misjöfnum hætti hvernig lífskjör og aðbúnaður er.

Vissulega eru einhverjir sem eru ólánsamir og njóta ekki góðs af og sumir enn ólánsamari að vilja ekki láta aðra njóta góðs af góðum kjörum sínum. Sú trú er rík hjá okkur flestum að allir vilji vera góðir og sýna þann hug gagnvart öðrum. Þá er hollt að líta til bókmenntanna. Í Biblíunni er margt gott að finna. Í Nýja testamentinu er flest af góðlátari tegundinni. Hið gamla er grimmara og því miður margir, allt of margir sem taka það bókstaflega. Vart verður því trúað að guð vilji að við séum vond við hvort annað. Og svo eru einhverjir sem ekki vilja taka mark á tilvist hans hjá öðrum mönnum.

Í Bréfi Páls postula til Rómverjanna er að finna merka athugasemd um það að hið góða sem hann vill gera, gjöri hann ekki. En hið vonda sem hann ekki vill geri hann. Texti hinnar nýju þýðingar Biblíunnar er heldur flatari og tilvísunin ekki sú sama. En að því frátöldu getur þessi niðurstaða átt við okkur öll. Við gleymum okkur í amstri dagsins. Þá vill góðviljinn víkja fyrir öðru sem er okkur ofar í huga.

Nú skömmu fyrir jól höfum við séð ríki, sem stjórnað er af trúuðum forseta, sýna þegnum íslenska ríkisins ótrúlegan hrottaskap á flugvelli í New York. Kona er sett í járn á höndum og fótum, og um sig miðja. Annarri er kastað í kompu með lítilli dóttur sinni og í báðum tilvikum var sýndur fádæma dónaskapur, sem engri siðvæddri þjóð sæmir. Þetta er þjóð sem margir hafa litið upp til. Bandaríkjaforseti gasprar um guð í tíma og ótíma en eitthvað hlýtur sambandið að vera truflað. Kannski er hann í gryfjunni sem Páll postuli varaði trúbræður sína við fyrir nærri tvöþúsund árum.

Við höfum hins vegar þann háttinn á að jafnvel þótt rannsökuð séu alvarleg mál eins og manndráp af gáleysi og nauðgun og beðið sé niðurstaðna ganga grunaðir menn lausir. Mannréttindi eru því í hávegum höfð á Íslandi. En einhvers staðar hljóta að liggja mörk.

Við þurfum ævinlega að gæta þess að koma fram við meðbræður okkar eins og við viljum að komið sé fram við okkur sjálf. En þá þurfum við líka að muna eftir þeim sem eiga bágt og þeim sem misgert er við. Svo einfalt er það.

Öllum lesendum er óskað gleðilegra jóla.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Bónus gjafakortin

Rafræna Bónus gjafakortið er góð jólagjöf. Þú kaupir inneign á kortið að eigin vali !

Fæst aðeins á skrifstofu Bónus Skútuvogi 13 s.588 8699 gjafakort@bonus.is

Skatan er komin í Bónus
Þrjú tonn í boði !

Saltfiskbitar útvatnaðir **725 kr/kg.**
Sjófryst ýsuflök roðlaus **808 kr/kg.**

Skata kæst og söltuð **899 kr/kg.**
Tindaskata kæst og söltuð **499 kr/kg.**

Matgæðingar DV segja:
Ali Hamborgarhryggurinn bestur!



Ali hamborgarhryggurinn sem valinn var besti hryggurinn af matgæðingum DV fæst í Bónus

BÓNUS **BÓNUS BÝÐUR BETUR**
AFGREIÐSLUTÍMI Í DESEMBER: www.bonus.is

Aventukvöld í Súðavíkurkirkju 1997

Hvað tíminn líður! Liðin eru tíu ár frá einu eftirminnilegasta aðventukvöldi sem ég hef tekið þátt í. Þá var ég nýkominn til starfa í Ísafjarðarprestakalli, hafði tekið vígslu í apríl sama ár og senn var fyrsta hátíðardagskrá aðventu og jóla framundan. Það var ekki laust við að það færi um nýbakaðan klerkinn sem þóttist fær í flestan sjó en vissi þó innst inni að svo var ekki. Margt var eftir ólært og framundan var þessi mikla dagskrá þar sem helgihald fór fram á ýmsum stöðum og í mörg horn að líta.

Það var þó löngu ljóst hversu kraftmikið menningarlífið var á svæðinu og hvergi var þar slegið slöku við. Og reyndar hófst undirbúningur fyrir þetta aðventukvöld löngu áður en flestir aðrir bæjarbúar voru farnir að huga að undirbúningi jólanna. Einhvern tímann í október hófust reglulegar ferðir í Álftafjörðinn með fríðu föruneyti tónlistarfólks þar sem dagskráin var æfð. Vikulega lá leiðin inneftir og í uppljómaðri kirkjunni æfðu kórar hátíðarsöngva og dagskráin var undirbúin í smáatriðum. Oft hef ég hugleitt það síðan hversu mikil eljan var í fólkinu.

Loks rann kvöldið upp og vantaði ekkert upp á hátíðleikann. Þykkur snjór lá yfir jörðinni, himinninn stjörnubjartur og þorpið var ljósum skrýtt. Æfingunum hafði ekki verið varið til einskis. Feilnótur voru engar en stöku kórfélagar ofmátu kunnáttu sína í textanum og sungu blaðalaust. Þar sem minnið sveik gilti þá að hugsa hratt og semja nýjan texta í eyðurnar. Vakti það nokkra kátínu hjá þeim sem næstir stóðu í kórnum en ekki minnist ég þess að gestir hafi haft af þessu ama.

Að lokinni stundinni drukkum við jólaglögg í einu af nýju húsunum í Súðavík og ræddum um árangur þessa kvölds sem svo lengi hafði verið okkur í huga og var nú að baki.

Hvað tíminn líður hratt! En dagarnir lifa mislengi í minningunni. Flestir þeirra gleymast æði fljótt, renna saman í eitt, og er ómögulegt að rifja upp hvað þeir báru í skauti sér. Aðrir lifa eitthvað lengur og svo eru dagar og kvöld sem gleymast seinna. Mér finnst það svolítið undarlegt að liðinn sé áratugur frá aðventukvöldinu góða í Súðavík en undirbúningnum hefur greinilega verið vel varið því ég man það eins og það hafi gerst í gær.

Það þótti mér líka góð byrjun á prestsferlinum að kirkjugestir þarna um kvöldið voru fleiri en íbúarnir í sókninni. Því miður hefur mér ekki tekist að endurtaka þann leik og geri það vart úr þessu.

Súðvíkingum og öðrum Vestfirðingum nær og fjær óska ég gleðilegra hátíðar!

Sr. Skúli Sigurður Ólafsson.

Skýrslur um olíuhreinsistöð kynntar

Skýrsla um staðarval fyrir olíuhreinsistöð á Vestfjörðum var kynnt á blaðamannafundi í Þróunarsetrinu á Ísafirði í síðustu viku. Einnig var þar kynnt skýrsla þar sem skoðaðir eru valdir samfélagsþættir á Vestfjörðum. Anna G. Edvardsdóttir, formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga, og Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sambandsins, kynntu skýrsluna. Fram kom að sértækar skýrslur um náttúrufar við Hvestu í Arnarfirði og á Söndum í Dýrafirði verða ekki gerðar opinberar að svo stöddu. Aðspurð um ástæðu þess sagði Anna að Fjórðungssambandið og Íslenskur hátækniiðnaður, sem hefur lýst áhuga á byggingu olíuhreinsistöðvar, hafi gert með sér samkomulag um að binda þessar skýrslur trúnaði meðan á undirbúningi stendur vegna þess að efni þeirra nýtist við umhverfismat og fyrirtækið hafi viljað vera í forgangi.

Ef Íslenskur hátækniiðnaður hættir við áform sín verða skýrslurnar gerðar opinberar. Fram kom að Fjórðungssambandið hafi lagt 8,5 milljónir undirbúning að olíuhreinsistöð. Framlag Íslensks hátækniiðnaðar er viðskiptahugmyndin.

Ekki er tekin afstaða til mismunandi staða í skýrslunum. Anna sagði að ætlunin með skýrslugerðinni hafi ekki verið að gera upp á milli staða heldur hafi átt að kanna hvort eitthvað stæði í vegi fyrir starfsemi olíuhreinsistöðvar á þessum stöðum. Í byrjun næsta árs er ráðgert að halda málþing þar sem skýrsluhöfundar kynna skýrslurnar. Anna sagði að boltinn sé nú hjá fjárfestum og forsvarsmönnum Vesturbyggðar og Ísafjarðarbæjar.

– smari@bb.is

Anna G. Edvardsdóttir og Aðalsteinn Óskarsson.

Innilegar þakkir til allra Vestfirðinga sem sýndu okkur samhug, stuðning og hlýju vegna veikinda og andláts ástkærrar dóttur okkar

Guðbjartar Lóu Sæmundsdóttur

Lyngholti, Dýrafirði

Sérstakar þakkir færum við læknum og hjúkrunarfólki Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði, heimahlynningu og starfsfólki og nemendum Menntaskólans á Ísafirði

Auðbjörg Halla Knútsdóttir Sæmundur Kr. Þorvaldsson
Salvör Sæmundsdóttir

Útskrift úr íslenskunámskeiðum

Sextán manna hópur Pólverja útskrifaðist í síðustu viku úr íslenskunámskeiðum á vegum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Tveimur námskeiðum lauk með þessu og fengu nemendur viðurkenningarskjal fyrir góðan námsárangur. Byrjendur luku námi í íslensku eitt, en þar er lagt upp með að fólk læri stafrófið og myndun íslenskra málhljóða og séu þokkalega með á kynningu og kveðjur auk daglegs orðaforða.

Nemendur á íslenskunámskeiði þrjú eiga að kunna mismundandi gerðir texta s.s. atvinnuumsóknir, auglýsingar og tenging texta og mynda með einfaldri atburðarrás. Samskipti við opinberar stofnanir og textar úr dagblöðum og af netinu. Æfingar í málfræði voru einnig teknar fyrir á þessu námskeiði. Björgvin Bjarnason var kennari á þessu námskeiðum og veitti Smári Haraldsson viðurkenningaskjölin við hátíðlega athöfn í Einarshúsi. Frá þessu segir á vikari.is.

– sigridur@bb.is

PÓLLINN

vodafone

Tónlist beint í símann

Milljón íslensk og erlend lög til eignar í Vodafone tónlistarsímann þinn

Skráðu þig í tónlistarklúbbinn og fáðu ótakmarkaðan aðgang að íslenskri tónlist.

Tónlistarklúbburinn

- Hátt í **1.000.000 íslensk og erlend lög!**
- **Íslensk tónlist innifalin** (almennt verð 149 kr.)
- Kauptu **erlenda tónlist** á einfaldan og löglegan hátt í fyrsta sinn á Íslandi – **99 kr.** lagið (almennt verð 149 kr.)
- **3ja mánaða áskrift** að tónlistarklúbbnum fylgir útvöldum tónlistarsimum (mánaðaráskrift kostar 990 kr.)

Nokia 6120

Þægilegur tónlistarspilari. Symbian stýrikerfi, 2 mp myndavél, 3G, EDGE. Fer á netið með Vodafone live! Fæst í svörtu og hvítu.

24.900 kr.

Kynntu þér tónlist í símann hjá **Pólnum**, umboðsaðila Vodafone á Ísafirði.

Gríptu augnablikið og lifðu núna

Magnús Guðmundsson (Magnús á Heklunni) lét tvisvar af störfum í fluginu fyrir aldurs sakir með sjö ára millibili

Flugskírteini númer 9

Magnús Guðmundsson flugstjóri skrapp fyrir nokkrum vikum vestur á æskuslóðir á Ísafirði í tilefni af Kötukvöldinu sem haldið var í flugstöðinni á Ísafjarðarflugvelli. Þar var afhjúpað líkan af Catalína-flugbát, sem Guðbjörn Charlesson flugvallarstjóri lét smíða, en meðal annars þeim vélum flaug Magnús í innanlandsfluginu í gamla daga.

Magnús er fyrsti Ísfirðingurinn sem lærði flug og hlaut hann íslenskt flugskírteini númer 9. Hann átti mjög langan feril sem flugmaður og lengst af flugstjóri á ótal gerðum flugvéla, og verður sá ferill að kallast farsæll þó að einu sinni hafi út af brugðið. Þar er átt við Geysisslysið fræga á Vatnajökli í aftakaveðri haustið 1950. Sáralítil meiðsl urðu á fólki, að minnsta kosti ef miðað er við aðstæður, þannig að ýmsir hafa talað um kraftaverk. Enda mun sjaldgæft að fólk hafi sloppið eins farsællega frá eins svakalegri brotlendingu.

Gamlir Ísfirðingar þekkja Magnús flugstjóra undir nafninu Magnús á Heklunni. Þar er hann kenndur við æskuheimili sitt, Hekluna að Aðalstræti 15 á Ísafirði. Foreldrar hans voru Guðmundur Árnason og Una Magnúsdóttir, sem þar áttu heima. Fullu nafni heitir hann reyndar Árni Magnús Guðmundsson en hefur aldrei notað fyrra nafnið. Í æsku kveðst hann oft hafa verið kenndur við móður sína, eins og altítt var á Ísafirði, og kallaður Maddi Unu.

Eiginkona Magnúsar Guðmundssonar, Agnete Símson, er líka Ísfirðingur að uppruna. Foreldrar hennar voru Guðný Gísladóttir og Martinus Símson, ljósmyndarinn og trjáræktarfrömuðurinn góðkunni úr Danaveldi sem allir Ísfirðingar og miklu fleiri þekktu á þeim tíma og kannast við enn í dag.

Af skyldfólki Magnúsar frá fyrri tíð er nú ekkert eftir á Ísafirði. Hins vegar er dóttir þeirra hjóna komin vestur á ættarslóðir foreldra sinna. Það er Una Þóra Magnúsdóttir lögfræðingur, fulltrúi hjá sýslumannsembættinu á Ísafirði. Hún er yngst í þriggja systkina hópi, en eldri eru Guðný Magnúsdóttir sálfræðingur og Guðmundur Magnússon flugstjóri.

Magnús Guðmundsson er fæddur 9. ágúst árið 1916 og því kominn á nítugasta og annað aldursár. Ekki verður þó vart við þann fremur háa aldur þegar rætt er við manninn. Röddin er örugg og styrk, minnið virðist ekkert farið að bila. Undirritaður spjallaði við Magnús í síma eftir að hann var kominn aftur suður til Reykjavíkur eftir áðurnefnda heimsókn vestur.

- allir sluppu lítt eða ekki meiddir úr Geysisslysinu á Vatnajökli fyrir 57 árum þrátt fyrir geigvænlega brotlendingu

Magnús ólst upp á Ísafirði og var búsettur þar fram til sautján ára aldurs árið 1933, en þá fór hann til Akureyrar og lærði rafvirkjun. Á Akureyri var hann í fimm til sex ár og þar komst hann í kynni við flugið og fékk bakteríuna, eins og kallað er.

Svifflugfélag Akureyrar var stofnað í ágúst 1936, daginn eftir að Magnús varð tvítugur. „Ég gekk í félagið og starfaði í því meðan ég var fyrir norðan“, segir hann. Árið eftir var Flugfélag Akureyrar stofnað, Waco-flugvélin Örninn keypt til farþegaflugs og póstflugs og flugskýli byggt fyrir hana. „Þarna var meira um flug en annars staðar á þeim tíma og þetta skapaði áhuga“, segir Magnús. Þremur árum síðar var nafni Flugfélags Akureyrar breytt í Flugfélag Íslands.

Þegar flugbakterían var komin var lífsferill Magnúsar jafnframt ráðinn og hann hélt vestur til Winnipeg í Kanada til að læra flug. „Ég var kominn með einhver réttindi eftir árið. Þá voru Kanadamenn á kafi í stríðinu eins og aðrir. Lítið var um að vera á flugvellinum þar sem flugskólinn var en vandalaust að fá vinnu hjá hernum. Ég var á annað ár að fljúga fyrir kanadíska herinn.“

Flugmaður hjá Flugfélagi Íslands

Í árslok 1943 sneri Magnús heim til Íslands með prófin upp á vasann og réðst til starfa hjá Flugfélagi Íslands snemma árs 1944. Það ár keypti félagið tvær vélar af gerðinni de Havilland Dragon Rapid og Magnús var ásamt fleirum flugmaður á þeim. Þetta voru enskar tveggja hreyfla tvíþekjur sem tóku átta farþega en flugmaðurinn var aðeins einn.

Sama ár fékk Flugfélag Íslands fyrsta Catalína-flugbátinn til landsins frá Bandaríkjunum. Það var stærsta vél íslenska flugflotans fram að því og gat tekið 22 farþega. Fyrsta millilandaflug íslensks flugfélags var á Catalínu til Skotlands sumarið 1945. Þá um haustið var síðan farið í fyrsta sinn alla leið til Danmerkur með millilendingu í Skotlandi og var Magnús flugmaður í þeirri ferð en flugstjóri var Jóhannes Snorrason.

Hjá Loftleiðum

Tímamót urðu í íslenskri flugsögu þegar Loftleiðir fengu Skymastervélina Heklu (Douglas DC-4) árið 1947. Um það leyti hætti Magnús hjá Flugfélagi Íslands og réðst til Loftleiða. Árið eftir fékk félagið aðra vél sömu tegundar, Geysi. Þetta voru fjögurra hreyfla vélar og gátu flutt hátt í 90 farþega en voru einnig notaðar til vöruflutninga, líkt og þegar Geysir fór sína síðustu ferð sem endaði á Vatnajökli síðla árs 1950.

Síðan tók ein flugvélategundin við af annarri hjá Magnúsi Guðmundssyni eftir því sem flugvélakostur Loftleiða var á hverjum tíma. Þar á meðal flaug hann Monsunum eins og þeir voru kallaðir, Canadair CL-44 skrúfuþotum sem notaðar voru í Ameríkufluginu. Síðast stjórnaði Magnús þotum af gerðinni Douglas DC-8, sem voru flaggskipin í íslenska flugflotanum á áttunda áratug liðinnar aldar. Síðustu sex árin sem Magnús var flugstjóri í farþegafluginu var hann starfsmaður Flugleiða, sem urðu til við sameiningu Loftleiða og Flugfélags Íslands árið 1973, og má segja að hann hafi þar verið kominn að nokkru leyti til upphafsins.

Þegar Magnús náði 63 ára aldri árið 1979 varð hann að láta af starfi hjá Flugleiðum samkvæmt gildandi aldursmörkum. Þá réðst hann til Flugmálastjórnar og var þar flugmaður til sjötugs árið 1986, en í það skiptið voru það ákvæði um opinbera starfsmenn sem réðu starfslokatímanum. Þá hafði hann verið flugmaður og flugstjóri að atvinnu nokkuð á fimmta áratug.

Flugstjóri á Geysi

Geysisslysið á Vatnajökli er einn af þekktustu viðburðum liðinnar aldar hérlendis. Magnús samsinnir því að nánast hafi verið með ólíkindum hversu vel áhöfn vélarinnar slapp og hversu vel allt fór að lokum. Magnús var flugstjóri á Geysi í þessari síðustu ferð vélarinnar og var þá 34 ára að aldri.

Geysir var væntanlegur til Reykjavíkur frá Lúxembúrg seint að kvöldi fimmtudagsins 14. september 1950. Vélin var þá í leiguflugi fyrir bandarískt flugfélag í vöruflutningum milli Lúxembúrgar og New York og átti að millilenda í Reykjavík. Sex manna áhöfn var um borð en engir farþegar nema átján hundar. Áhöfnina skipuðu Magnús Guðmundsson flugstjóri, Dagfinnur Stefánsson flugmaður, Guðmundur Sívertsen siglingafræðingur, Bolli Gunnarsson loftskeytamaður, Einar Runólfsson vélamaður og Ingigerður Karlsdóttir flugfreyja.

Síðast heyrðist frá Geysi rétt fyrir kl. hálfellefu um kvöldið. Tilkynnt var að vélin væri nokkuð á undan áætlun, yrði væntanlega yfir Vestmannaeyjum klukkan tíu mínútur yfir ellefu og síðan klukkan hálf-

16 síður

Morgunbladid

HVERNIG GEYSISÁHÖFNIN KOMST AF Á JÖKLINUM HLJÓMAR SEM KYNJASAGA

Frásagnir Geysismanna

Kommúnistum þar verður lítið úr vörnum

„Gerfivörur“

Vilja sameina Nýju Guinea og Indonesíu

Norður fyrir 38. breiddarbaug!

Tveir heimar - og annar hafnar allri samvinnu

16 síður

Morgunbladid

Áhöfn Geysis heil á húfi

Myndir af flaki Geysis á jöklinum

Flakið er á Vatnajökli

Leiðangur frá Akureyri sækir fólkið

Flugið yfir flak Geysis á Vatnajökli

Flaggað fyrir gleðifrjelli

Frjelfir ulan úr heimi eru á bls. 12 og 16

MORGUNBLADIB

SAMTÖL VIÐ ÁHÖFNINA Á GEYSI

DATT UPP Í ÞAKIÐ OG LENTI Í SNJÓNUM

Frásögn Guðmundar Sívertsen

Við vorum órugg um að við myndum finnast

Frásögn Magnúsar Guðmundssonar flugstjóra.

Magnús Guðmundsson við afhjúpun líkans af Catalínu flugbátnum á Ísafjarðarflugvelli fyrir stuttu.

tólf í Reykjavík. Eftir það heyrðist ekkert frá vélinni.

Fljótlega eftir að komið var fram yfir áætlaðan komutíma og ekkert heyrðist meira frá Geysi var farið að óttast um afdrif vélarinnar. Strax um nóttina voru skip látin vita og beðin að svipast um, leitarflokkar voru gerðir út frá Hornafirði, Kirkjubæjarklaustri og fleiri stöðum sunnanlands og með birtingu voru einar níu flugvélar frá Reykjavík og Keflavík sendar til leitar. Geysir átti að hafa bensín til þess að vera á lofti fram til klukkan fjögur um nóttina.

Áhöfn Geysis talin af

Morgunblaðið var komið í prentun þegar ljóst þótti að eitthvað hefði komið fyrir Geysi. Pressan var stöðvuð og skipt um forsíðu. Efst yfir þvera nýju forsíðuna var fyrirsögnin*„Geysis“ Loftleiða er saknað*.

Daginn eftir, laugardaginn 16. september, var aftur fyrirsögn yfir þvera forsíðu á Morgunblaðinu: *Leitin að „Geysi“ bar engan árangur í gær*. Þar voru einnig andlitsmyndir af öllum í áhöfninni. Sagt var frá vangaveltum um það hvað hefði getað komið fyrir. Einna líklegast þótti að vélin hefði borist af leið og inn yfir landið og rekist á fjall. Jafnframt var greint frá því, að fólk á Suðausturlandi teldi sig hafa heyrt til flugvélar um klukkan hálfellefu á fimmtudagskvöldið. Ef það hefði verið Geysir, þá hefði vélin verið komin allmikið af réttri leið.

Svo virðist sem strax á föstudeginum hafi ekki aðeins vélin sjálf heldur einnig áhöfnin verið talin af. Í forystugrein Morgunblaðsins á laugardagsmorguninn er fjallað um hvarf Geysis og segir þar í upphafi:

Sá sorglegi atburður hefur nú gerst, að ein af millilandaflugvélum okkar Íslendinga, Skymasterflugvélin Geysir, hefur farist með 6 manna áhöfn. Öll þjóðin harmar þennan atburð og sendir venslamönnum hins unga flugfólks sem fór þessa síðustu ferð Geysis innilegar samúðarkveðjur. Og forystugreininni lýkur með þessum orðum: *Íslenska þjóðin harmar örlög Geysis og áhafnar hans. En ef þau verða til þess að hvetja til enn aukinnar varúðar og öryggis í flugmálum okkar, þá er hins unga flugfólks að nokkru minnst.*

En leitin hélt áfram, í lofti, á landi og á sjó. Fjölmargar leitarflugvélar voru stöðugt á ferðinni og margir leitarflokkar á landi.

Geysir loksins fundinn

Þriðjudaginn 19. september er enn fyrirsögn yfir þvera forsíðu Morgunblaðins:*Áhöfn Geysis heil á húfi*. Jafnframt eru þar myndir af flakinu, teknar úr lofti. Fram kemur að flakið sé á hájökli Vatnajökuls, skammt frá Bárðarbungu.

Bolli Gunnarsson loftskeytamaður hafði getað gert að nokkru við laskað senditæki og það var laust eftir hádegi á mánudag sem loftskeytamaður á varðskipinu Ægi heyrði skeyti frá honum. Enda þótt það heyrðist mjög óglöggt var ekki um að villast, að einkennisstafir Geysis komu til skila og jafnframt að áhöfnin væri öll á lífi en þau vissu ekki hvar þau væru.

Þegar þetta fréttist var Vestfirðingur, Catalína-flugbátur Loftleiða, sendur austur yfir Vatnajökul. Rétt fyrir klukkan fimm síðdegis kom síðan skeyti frá Vestfirðingi: *Geysir er fundinn, við sjáum mennina á lífi*. Líka fór fréttamaður Morgunblaðsins flugleiðis austur yfir Vatnajökul og skrifar hann í blaðið daginn eftir á þessa leið:

Það leyndi sér ekki að áhöfn Geysis var í besta skapi á jöklinum í gærkvöldi er Douglasvél frá Flugfélagi Íslands flaug nokkrum sinnum yfir flakið af Geysi og kastaði niður talstöð í fallhlíf til Geysismanna. Þau stóðu sex í hnapp við flakið og hoppuðu í loft upp og veifuðu til flugvélarinnar sem flaug það lágt að úr henni mátti greina hvert andlit. Einn af hundunum sem í Geysi voru trítlaði kringum flugmennina og brá á leik í kringum fólkið er hann varð var við gleðilæti þess.

Þegar talstöðin var komin heilu og höldnu í hendur Bolla loftskeytamanni bárust eftirfarandi upplýsingar frá honum, sem þjóðin fylgdist með í fjölmiðlum: *Öll sæmilega frísk og höfum það gott. Við höfum haft sæmilegan hita í vélinni og nóg föt, frekar lítið að borða þar til nú.*

Daginn eftir lenti bandarísk skíðaflugvél hjá flakinu af Geysi. Ætlunin var að flytja fólkið af jöklinum með henni en skíði vélarinnar sukku í mjúkan snjóinn og ekki var hægt að komast aftur á loft. En leiðangursmenn frá Akureyri héldu áfram ferð sinni á landi áleiðis upp á Vatnajökul og miðaði ferð þeirra öruggglega.

Það var síðdegis miðvikudaginn 20. september sem allur mannskapurinn lagði af stað fótgangandi norður af Vatnajökli - leiðangursmennirnir sem komu til bjargar, áhöfn Geysis og áhöfn bandarísku skíðavélarinnar sem skilin var eftir, enda hafði hún laskast við síðustu flugtakstilraun. Hundunum var lógað áður en lagt var af stað nema einum schäferhundi, sem var tekinn með. Hann týndist hins vegar á leiðinni niður af jöklinum.

Til Reykjavíkur viku á eftir áætlun

Daginn eftir voru tvær flugvélar sendar eftir fólkinu og lentu þær á söndunum nálægt upptökum Jökulsár á Fjöllum. Til Reykjavíkur kom áhöfnin af Geysi loksins fimmtudaginn 21. september, viku á eftir upphaflegri áætlun.

Í Morgunblaðinu daginn eftir er enn á ný fyrirsögn yfir þvera forsíðu: *Hvernig Geysisáhöfnin komst af á jöklinum hljómar sem kynjasaga*. Þar er einnig stór mynd af áhöfninni við komuna til Reykjavíkur og í blaðinu eru birtar frásagnir allra í áhöfninni. Þar er m.a. mynd af Magnúsi flugstjóra og Agnete konu hans, þar sem hann er með Guðnýju dóttur þeirra í fanginu, þegar þær tóku á móti honum við komuna til Reykjavíkur.

Flakið mjög illa farið

Þegar Geysir fórst var stórviðri af norðaustri auk náttmyrkurs og mikil ísing farin að hlaðast á vélina. Af einhverjum ástæðum hafði Geysi borið verulega af leið og var það án minnsta fyrirvara fyrir áhöfnina sem vélin brotlenti á hájöklinum. Svo virðist sem vinstri vængur flugvélarinnar hafi fyrst rekist í jökulinn og rifnað af en eftir að skrokkurinn hafði tekið nokkur loftköst endaði hann illa farinn á hvolfi. Fremsti hlutinn með stjórnklefanum hafði rifnað frá skrokknum og lá hann á hliðinni.

Meiðsl fólksins voru miklu minni en mátt hefði ætla eftir því hversu illa farið flakið var. Eins og áður segir má það raunar teljast kraftaverk. Ingigerður varð verst úti með brákað rif og brákaða hryggjarliði en Dagfinnur skarst illa í andliti. Áhöfnin ákvað strax að reyna ekki að fara neitt frá vélinni heldur njóta skjólsins í skrokki hennar, auk þess sem líklegt þótti að hann myndi sjást úr lofti.

Gríðarmikið var fjallað um slysið og björgunarstarfið í dagblöðunum á hverjum degi, sem vonlegt var, og nærri má geta um útvarpið. Öll þjóðin fylgdist með þessum atburðum. Geysisslysið sem varð á liðinni öld nákvæmlega miðri er einn af minnisstæðustu atburðum hennar hérlendis.

Hefði ekki valið aðra leið

Magnús Guðmundsson, Magnús á Heklunni eða Maddi Unu, segir að hann hefði ekki viljað fara aðra leið í lífinu en hann gerði. Það hefði aldrei komið til álita, hvað þá meira.

Ekki getur hann tilgreint neinn annan alvarlegan viðburð alla þá áratugi sem hann var í fluginu. „Auðvitað kom fyrir að maður lenti í einhverjum erfiðleikum“, segir hann. Nefnir þó eitt atvik, sem raunar var engin lífshætta samfara.

Seinni Catalína-flugbátarnir sem komu til Íslands voru búnir hjólum og gátu því líka lent á landi. „Það var eitt sinn þegar við vorum að koma til Reykjavíkur frá Akureyri að nefhjólið vildi ekki koma niður.Við vorum að baksa við það án árangurs að reyna að koma því niður þangað til við urðum bensínlausir. Ég sveif þá bara út á Sundin og lenti þar“, segir hann.

Magnús kveðst ekkert hafa flogið sjálfur eftir að hann lauk störfum fyrir aldurs sakir í seinna skiptið fyrir meira en tuttugu árum. „Nei, ég lagði það alveg af“, segir hann. „Mér fannst sérstaklega gaman að fljúga þegar ég var að byrja en svo dvínaði það af manni með tímanum. Ég legði ekkert upp úr því að fara að fljúga núna, jafnvel þó að ég ætti þess kost að leika mér við það,“ segir ísfirski flugstjórinn Magnús Guðmundsson, handhafi flugskírteinis nr. 9.

– Hlynur Þór Magnússon.

Fóstursonur Súðavíkur finnur upp hangikjötssúpu

Gunnar Jónsson, leikari og dyravörður sem er Súðvíkingum að góðu kunnur hefur fundið upp á hangikjötssúpu sem fæst á Café Óliver í Reykjavík. „Það er meira en ár síðan ég fékk þessa hugmynd," segir Gunnar, eða Gussi eins og hann er oftast kallaður, í samtali við 24 stundir. Hann starfar sem dyravörður þar og fékk hugmyndina að súpunni við að sitja og hugsa. Grunnstefið í súpunni er komið úr hefðbundinni íslenskri kjötsúpu en þó með jólalegu ívafi. „Ég viðraði hugmyndina við kokkinn sem var að vinna á Óliver í fyrra og honum leist vel á, en við komum því aldrei í verk að útfæra hugmyndina. Svo kom nýr kokkur í haust og ég gaukaði hugmyndinni að honum. Honum leist vel á og við þreifuðum okkur áfram." Í súpunni er auk hangikjöts, rauðkál og grænar baunir. Frá þessu segir í 24 stundum.

Meirihluti bæjarráðs mælir Gerði í starf mannauðsstjóra

Meirihluti bæjarráðs Ísafjarðarbæjar mælir með ráðningu Gerðar Eðvarðsdóttur í stöðu mannauðsstjóra en Sigurður Pétursson, fulltrúi minnihlutans, mælir með ráðningu Mörthu Lilju Marthensdóttur. Fulltrúar meirihlutans, Svanlaug Guðnadóttir og Birna Lárusdóttir, mæltu með Gerði í samræmi við niðurstöðu R3-ráðgjafar, sem gaf það álit að Martha Lilja og Gerður kæmu báðar til greina en mælt var með ráðningu Gerðar vegna stjórnunarreynslu hennar. Sigurður byggir ákvörðun sína á því að krafist var háskólamenntunar þegar starfið var auglýst.

„Þegar ákveðið var að auglýsa í stöðu mannauðsstjóra var gengið út frá því að krafist yrði háskólamenntunar. Ég vil ekki gefa neinn afslátt á þeirri kröfu og afstaða mín byggir á því. Að öllu öðru leyti er Gerður hæf í starfið." Aðspurður hvort það sé ekki í samræmi við kröfur Í-listans að fá óháða aðila til að sjá um ráðningarmál bæjarins segir Sigurður:

„Við höfum viljað fá óháða ráðgjöf, það er rétt. En ég veit ekki hvaða forsendur ráðgjafinn fékk þar sem ekkert samráð var haft við okkur í Í-listanum um það." Sigurður segir að í áliti ráðgjafans hafi verið farið yfir kosti Gerðar í starfið en lítið fjallað um hæfni Mörthu Marthensdóttir og hann veltir því fyrir sér hvort ráðgjafinn hafi gefið það álit sem meirihlutinn vildi.

Gerður er eiginkona Gísla Halldórs Halldórssonar, bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ.

– smari@bb.is

Enn á ný eru ráðningarmál Ísafjarðarbæjar í brennidepli.

Bæjarstjóri vísar ummælum Sigurðar til föðurhúsanna

„Það er dapurlegt að umsækjendur skuli dregnir inn í svona mál", segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, um ummæli Sigurðar Pétursonar hér að ofan. Ummælin lét Sigurður falla um samþykkt meirihlutans í bæjarráði að mæla með Gerði Eðvarðsdóttur í starf mannauðsstjóra. Hann ýjaði að því að ráðgjafinn sem fenginn var til að fara yfir umsóknir hafi komist að þeirri niðurstöðu sem er meirihlutanum þóknanleg. Einnig sagði Sigurður að honum sé ekki kunnugt hvaða forsendur ráðgjafinn fékk þar sem ekkert samráð var haft við Í-listann. Halldór segir minnihlutann margoft talað um að fá óháðan ráðgjafa. „Þegar það er gert þá er gefið í skyn að hann geri það sem meirihlutinn vill. Ég vísa þessu alfarið til föðurhúsanna. Talandi um hvaða forsendur hafi verið gefnar þá eru þær að sjálfsögðu umsóknirnar, umsagnir um umsækjendur og ráðningarviðtöl. Þetta eru sömu forsendur og ávallt varðandi ráðningar", segir Halldór.

Hann segir vinnubrögð meirihlutans í ráðningarmálum vera fagleg. „Fullyrðing Sigurðar segir meira um hvernig hann vill vinna og myndi vinna ef hann gæti, en um vinnubrögð meirihlutans." Sigurður sagði að hann hafi byggt sína afstöðu á að krafist var háskólamenntunar við auglýsingu starfsins og hann hafi ekki viljað gefa neinn afslátt af þeirri kröfu. Um menntunarkröfur sem gerðar voru til starfsins segir Halldór: „Það var krafist háskólamenntunar í auglýsingu um mannauðsstjóra, ekki háskólaprófs. Þetta er mjög algengt. Gerður er með háskólamenntun og gríðarlega reynslu af starfsmanna- og mannauðsstjórnun. Þess vegna taldi óháður ráðgjafi hana best til þess fallna að taka þetta starf að sér. Það er ekki verið að gefa neinn afslátt af kröfu um menntun."

Halldóri er greinilega farið að leiðast aðfinnslur Í-listans við ráðningar hjá Ísafjarðarbæ. „Það er leitt að Í-listinn skuli alltaf sjá ástæðu til að skapa leiðindi í kringum ráðningarmálin. Það er hlutverk minnihluta að veita málefnalegt aðhald, ekki að skapa sundrungu og leiðindi", segir Halldór. Halldór segir tengls gerðar við bæjarfulltrúa hafi aldrei verið rætt að viðkomandi bæjarfulltrúa nærstöddum og aldrei rætt við hann í ferlinu.

– smari@bb.is

Ný sundlaug hönnuð á næsta ári

Áætlað er að hefja hönnun nýrrar sundlaugar og íþróttamiðstöðvar á Torfnesi á næsta ári. Í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir næsta ár er gert ráð fyrir nægilegu fjármagni til að hanna mannvirkin og útbúa útboðsgögn strax á árinu 2008. Halldór Halldórsson bæjarstjóri segir að gert sé ráð 25 milljóna framlagi til hönnunar á mannvirkinu.

„Það var búið að vinna þarfagreiningu en nú á að halda áfram og við teljum að 25 milljónir nægi til að hanna þetta", segir Halldór. Gróft áætlað má gera ráð fyrir að sundlaug og íþróttamiðstöð á Torfnesi kosti um hálfan milljarð. Halldór segir að það sé vissulega stór biti fyrir sveitarfélagið en hann hefur trú á verkefninu. „Við teljum þetta vera leið til að laða fólk til bæjarins sem og að halda hér fólki. Þetta er lífsgæðamál sem ég hef fulla trú á."

Engin ákvörðun hefur verið tekin um hvenær hafist verði handa eða verkið boðið út. Halldór segir að það byggist m.a. á hvort bærinn byggi og eigi mannvirkin sjálfur eða hvort farin verði leið einkaframkvæmdarinnar.

– smari@bb.is

„Trúi þessu ekki fyrr en ég sting mér til sunds"

Benedikt Sigurðsson, yfirþjálfari sundfélagsins Vestra er ánægður með jólaglaðninginn sem bæjaryfirvöld hafa gefið sundmönnum og almenningi með ráðgerðri hönnun sundlaugar og íþróttamiðstöðvar á Torfnesi á næsta ári. Í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir næsta ár er gert ráð fyrir nægilegu fjármagni til að hanna mannvirkin og útbúa útboðsgögn strax á árinu 2008 og í samtali við blaðið sagði Halldór Halldórsson bæjarstjóri að gert sé ráð 25 milljóna framlagi til hönnunar á mannvirkinu. Benedikt slær þó nokkra varnagla við þessa ákvörðun.

„Þetta er gott og blessað, og skref í rétta átt, en ég trúi þessu ekki fyrr en ég sting mér til sunds. Við eigum þetta virkilega skilið því bæði erum við með afreksfólk í sundi í okkar röðum sem þurfa góða æfingaaðstöðu og svo er þetta svo mikilvægt fyrir almenning, þetta er eiginlega lágmarks aðstaða og peningum verður betur varið í þessari framkvæmd en til að mynda gervigrasvöllinn, sem hefur ekki eins breiða notkunarmöguleika," segir Benedikt.

Eins og kunnugt er hafa ýmis félagasamtök verið stofnuð til að knýja á um framkvæmdir og standa á bak við fjárfestingar líkt og styrktarsjóður um húsbyggingu tónlistarskóla og söfnun fyrir sneiðmyndatæki eru dæmi um. Benedikt segist aðspurður ekki vita til þess að nein slík formleg söfnun sé í gangi en áhugamenn um sundlaugarbyggingu og aðstandendur sundfólks stofnuðu þó reikning í tengslum við sjósund þeirra Benedikts og Árna Heiðars Ívarssonar íþróttakennara yfir Pollinn í sumar. „Þegar fólk sér að eitthvað er að gerast held ég að fleiri vilji setja pening í þetta."

– sigridur@bb.is

Benedikt Sigurðsson synti yfir Pollinn í sumar til að vekja athygli á þörfinni á stærri sundlaug.

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
BLIKK BLIKKSMIÐJA ehf
Árnagötu 1 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA
Aðalstræti 21 · Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Kómedíuleikhúsið

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
oddi hf
Patreksfirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Vélsmiðja Ísafjarðar
Mjósundi 1 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Gámaþjónusta Vestfjarða ehf
UMHVERFIÐ ER FRAMTÍÐIN GÆTTU ÞESS VEL

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
BÍLATANGI HF. ÍSAFIRÐI
Suðurgötu 9 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
RAFSKAUT ehf
Suðurtanga 7 · Ísafirði

Sendum félagsmönnum okkar og Vestfirðingum öllum bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
F.O.S. Vest.

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
WWW straumur
Sindragötu 12b · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Bílaverið
Sindragötu 14 · Ísafirði
www.bilaverid.is

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Hafnarbúðin
Hafnarhúsinu · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Spýtan ehf.,
Njarðarsundi 2 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
PÓLLINN EHF.
Pollgötu 2 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Hafnarstræti 1 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Málningarbúðin
Sindragötu 14 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Svæðisútvarp Vestfjarða
Aðalstræti 22 · Ísafirði

Helg eru jól

Nýfallinn snjór umvafinn í jólaljósum

Guðrún Hafdís Thoroddsen, bikarmeistari í módelfitness

– Hvað finnst þér einkenna góð jól?

– Að vera fyrir vestan hjá fjölskyldunni og borða matinn hennar mömmu. Hvort sem það er hamborgarahryggur, kalkún eða eitthvað annað þá klikkar ekki maturinn hennar mömmu. Hún eldar auðvitað besta matinn. Svo að hafa súkkulaði í skálum um allt hús, það er náttúrulega möst því það má bara um jólin.“

– Hvernig væru hin fullkomnu jól í þínum huga?

„Ég mundi vilja byrja að opna pakkana og svo borða matinn. Maður breytist ekkert þótt maður sé orðinn fullorðinn. Það væri allavega gaman að prufa það kannski einu sinni. Annars er það fjölskyldan mín sem að gera jólin fullkomin, ég er farin að sjá þau svo sjaldan.“

– Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

„Það er stígasleðinn sem ég fékk þegar ég var svona 7-8 ára. Hann var í svo stórum pakka og var stærri en jólatréð. Mín var ekkert smá ánægð með gripinn og merkti hann bak og fyrir, var ekki sú eina sem átti stigasleða í Hnífsdal. Svo einn veturinn hvarf hann bara. Ég var alveg búin að gleyma honum, þangað til einn dag í fyrravetur hringir mamma í mig í og segir mér að hann Dagur bróðir minn hafi fundið hann í einhverjum bakgarðinum í Hnífsdal vel merktan mér og ekki að sjá á honum. Þannig að í dag geta bræður mínir að leikið sér á honum, svo að það hlýtur að vera eftirminnilegasta jólagjöfin.“

– Hvað langar þig helst í jólagjöf?

„Pravda tösku, kitchenAid blandara og bara það sem á eftir að koma úr pökkunum. Ég fæ nú oftast góðar gjafir frá mínu fólki. Ég hlakka mikið til að rífa gjafirnar upp.“

– Hvað er ómissandi um jólin?

„Það sem gerir jólin svona ómissandi er að heyra öll jólalögin í desember. Einnig að sjá alla í jólaandanum og raula sama jólalagið. Jólaandinn er algjörlega ómissandi. Svo auðvitað að sjá öll jólaljósin í öllum gluggum og allt í kring, það lífgar upp á skammdegið. Reyndar það sem ég hef saknað svolítið undanfarin ár er að sjá allan snjóinn sem á að vera um jólin. Því hvað er flottara en nýfallinn snjór umvafinn í jólaljósum og grýlukertum í blanka logni.“

Fullkomin jól í faðmi fjölskyldunnar

Ólafur Halldórsson, sjúkraþjálfari á Ísafirði.

–Hvað finnst þér einkenna góð jól?

„Almenn jólastemmning með jólasnjó, klukknahljómi, jólasöngvum, jólatónleikum og jólaljósum.“

– Hvernig væru hin fullkomnu jól í þínum huga?

„Ég er mikill fjölskyldumaður, og segi því, að njóta alls þessa í faðmi fjölskyldunnar, eru hin fullkomnu jól.“

– Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

„Ætli það hafi ekki verið Fisher gönguskíðin sem að pabbi gaf mér þegar ég var 12 ára.“

– Hvað langar þig helst í jólagjöf?

„Tryggingu fyrir því að fært verði á milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar þannig að börnin mín komist á milli yfir hátíðarnar.

– Hvað er algjörlega ómissandi um jólin?

„Hangikjöt, rjúpur, hamborgarahryggur, fleskesteg og rjómasósa hvað mat varðar. Svo finnst mér alveg ómissandi að hlusta á jólamessuna og að gefa mér tíma til að njóta jólanna til fullnustu.“

Jólin nálgast óðfluga og bæði börn og fullorðna hlakkar til. Þó hátíðarhaldið sé ef til vill með svipuðu sniði á flestum heimilum þá er mismunandi hvað hverjum og einum finnst skapa hina einu sönnu jólastemmningu sem allir sækjast eftir. Nokkrir Vestfirðingar tjáðu Bæjarins besta hvað þeim þætti einkenna góð jól.

Fjölskyldan ómissandi um jólin

– Hvað finnst þér einkenna góð jól?

„Það sem fyrst kemur upp í hugann þegar ég hugsa um góð jól er góður matur, smákökur, fjölskylda og vinir. Fleira sem nefna mætti er jólasnjórinn, afslöppun – bækur og púsluspil.“

– Hvernig væru hin fullkomnu jól í þínum huga?

„Hin fullkomnu jól hefjast á Þorláksmessukvöldi þegar fjölskyldan kemur saman og skreytir jólatréð. Aðfangadagur hefst svo snemma þegar við systkinin keyrum út jólakortin og jólagjafirnar til fjölskyldu og vina. Ýmsar hefðir hafa myndast í tengslum við jólakortaaksturinn og er hann orðinn þaulskipulagður eftir margra ára reynslu. Þegar farið er að líða að síðustu pökkunum og kortunum stoppum við hjá Lóu frænku og fáum jólaöl, hangikjötsklatta og smákökur, sem eins og alltaf renna ljúflega niður. Þegar komið er heim bíður jólabaðið og nýi jólakjóllinn, því ekki má enda í jólakettinum. Lagt er á borð og aðstoðað eftir megni í eldhúsinu. Jólalög hljóma í útvarpinu og beðið er eftir að klukkan slái sex. Borðhald hefst eftir að jólin hafa gengið í garð og um sama leiti byrja snjókorn að falla í logninu og glitra fallega í birtu jólaljósanna. Jólin eru komin og fjölskyldan er öll saman við matarborðið. Það skiptir mestu máli og gerir jólin fullkomin án tillits til gjafa, veðurs eða matar.“

Albertína Elíasdóttir, meistaranemi.

– Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

„Ég hikaði lengi við þessa spurningu. Eftirminnilegasta jólagjöfin? Var það leikfang ég fékk sem barn? Var það bókin, eyrnalokkarnir eða náttfötin? Ég hringdi í mömmu hálf miður mín, ég mundi eftir öllum gefendunum, en hvað ég fékk og hvort það var í jólagjöf eða afmælisgjöf eða einfaldlega gjöf? En svo áttaði ég mig á því að það skiptir varla máli. Ég man eftir gleðinni við að opna pakkana á aðfangadagskvöld. Ég man eftir gleðinni á jóladag að vakna og hringja í vini og fjölskyldu og þakka fyrir góðar gjafir. Ég man eftir fólkinu sem gaf mér gjafirnar og hver og ein gjöf er þannig eftirminnilegasta jólagjöfin mín.“

– Hvað langar þig helst í jólagjöf?

„Þessi jólin þá er ofarlega á óskalistanum að fá bækur, bæði fræðibækur og skáldsögur - margar spennandi íslenskar að koma út núna. Þá væru hlý og góð náttföt einnig vel þegin.“

– Hvað er algjörlega ómissandi um jólin?

„Það er svo sem fátt sem er algjörlega ómissandi um jólin, nema auðvitað fjölskyldan. En hefðirnar eru margar og oft erfitt að sleppa eða breyta þeim. Má þar nefna smákökurnar og jólasnjóinn sem spila ótvírætt hlutverk á jólunum. Þá eru jólakortaaksturinn, aspassúpan hennar mömmu, púsluspilið í möndlugjöf á aðfangadagskvöld og fjölskylduboðið á Seljó á jóladag mikilvægur hluti þeirra hefða sem gera jólin svo yndisleg.“

Hrafnhildur Hafberg, íslenskukennari.

Veraldlegar áhyggjur lagðar til hliðar

– Hvað finnst þér einkenna góð jól?

„Kyrrð, friður, nýfallinn snjór, stjörnur á himni, gleði í hjörtum litlum sem stórum.“

– Hvernig væru hin fullkomnu jól í þínum huga?

„Laus við allt stress, veraldlegar áhyggjur lagðar til hliðar um sinn.“

– Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

„Sælla er að gefa en þiggja stendur einhvers staðar. Mér finnst besta jólagjöfin alltaf vera gleði í augum barnanna þegar þau opna gjafirnar sínar.“

– Hvað langar þig helst í jólagjöf?

„Helst myndi ég vilja fá nýjan sófa, en ég sé ekki fram á að komast í slíkan leiðangur fyrir jól.“

– Hvað er algjörlega ómissandi um jólin?

„Laufabrauð, hangikjöt, bók og samvera fjölskyldunnar.“

Vill hlutabréf í Mugison í jólagjöf

– Hvað finnst þér einkenna góð jól?

„Síðustu ár hafa jólin einkennst af miklu og skemmtilegu vinnuálagi í kringum jólabækurnar, álagið og erillinn stigmagnast og nær þá hámarki á Þorláksmessu. Þá hef ég komið heim eftir miðnætti, örmagna af þreytu leggst ég þá á koddann og sofna sleðandi. Morguninn eftir dregur konan mín mig út á flugvöll þar sem við fljúgum vestur á Ísafjörð. Um leið og hjólin á Fokker 50 vélinni snerta völlinn á Ísafirði, þá eru komin jól. Hjartslátturinn hægist sem um munar, stressið skilur maður eftir fyrir sunnan og í minningunni er alltaf algjört logn í Skutulsfirðinum og kafald sem dettur niður í slow motion.“



Kristján Freyr Halldórsson, bóksali.

– Hvernig væru hin fullkomnu jól í þínum huga?

„Jólin snúast algjörlega um það að eyða tíma með fjölskyldunni og ástvinum. Fullkomin jól fyrir mér væru þá jól þar sem allir fjölskyldumeðlimir, tengdafjölskylda, vinir og ættingjar væru samankomnir á einum stað. Svo myndi ég ekki slá hendinni á móti ef mér væri boðið að spila Fimbulfamb í góðra vina hópi, eins og eitt kvöld.“

– Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

„Þær eru margar eftirminnilegar, t.d. er Bryndís konan mín uppátækjasöm og hittir oft naglann á höfuðið. Síðustu jól lá fyrir að ég væri að fara í margar ferðir til útlanda með hljómsveitinni minni á þessu ári sem er nú að líða, Bryndís gaf mér þá alhliða „Survival-kit“ tösku með öllum hugsanlegum hlutum til að koma í veg fyrir skakkaföll. Þar var m.a. verkjalyf, nál og tvinni, orkuvökvi unninn úr þara, plástur, frískandi blautþurrkur og margt fleira. Þetta kom sér mjög vel fyrir mig og vini mína í hljómsveitinni Reykjavík! Svo var það fyrir mörgum árum síðan að maður sem tengdist fjölskyldunni gaf mér gjöf sem átti að stuðla að tónlistarlegu uppeldi mínu, hann gaf mér Best of Jimi Hendrix. Sömu jól gaf Unnar frændi minn mér plötuna Back in black með AC/DC. Þetta er ein eftirminnilegasta gjöfin og ég verð ævinlega þakklátur Unnari fyrir sinn þátt í tónlistaruppeldi mínu. Ég hef annars aldrei fílað Hendrix.“

– Hvað langar þig helst í jólagjöf?

„Kannski bara þessi fullkomnu jól sem ég nefndi áðan! En þar fyrir utan væri ég til í að lesa bókina hans Jóns Kalmans (ég fæ aldrei bækur í jólagjöf), kannski fallega peysu, plötuna með Mugison og...og hlutabréf í Mugison, kannski smá hlutabréf í FL group, gullhúðaðan Range Rover jeppa, einkaþotu og þakíbúð í New York. Eða bara kerti og spil.“

– Hvað er algjörlega ómissandi um jólin?

„Í mínum huga koma varla jól nema að ég standi um kl. 19.00 á aðfangadagskveldi í Hnífsdalskapellu og syngi Heims um ból með mömmu og pabba. Svo er það óhugsandi að fá ekki súkkulaði (ekki kakó), súkkulaðibitakökur og randalínu hjá mömmu. Randalínan er hvít, græn og rauð og tryggir gleðileg jól.“

Fullkomin jól með allri fjölskyldunni

– Hvað finnst þér einkenna góð jól?

„Góðar stundir með fjölskyldunni að kvöldi til, fullt af góðum bókum, mandarínur, maltesín og svo margt, margt fleira.“

– Hvernig væru hin fullkomnu jól í þínum huga?

„Við systurnar erum þrjár. Ég bý á Ísafirði með mínum manni og ketti, Árelía yngri systir mín býr í borg óttans með manni sínum og 1 árs dóttur og Íris eldri systir mín bý í Danmörku með manni sínum og þremur börnum. Hin fullkomnu jól væru ef við gætum öll haldið jólin saman með pabba okkar sem býr í Bolungarvík ásamt sinni konu.“

– Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

„Móðir mín var mikil prjónakona. Þegar hún lést árið 1999 hafði hún hálfklárað að prjóna ofboðslega fallegt sjal. Fjölskylda mín bað Þuríði Gísladóttur, konu Guðmundar Inga Kristjánssonar skálds á Kirkjubóli, um að klára sjalið. Þura að sjálfsögðu varð við þessari bón. Sjalið færðu þau mér svo í jólagjöf.“

Harpa Oddbjörnsdóttir, Sólstafakona.

– Hvað langar þig helst í jólagjöf?

„Hmmmm... bækur, myndlistarvörur, nýútkomna diskinn hennar Ingibjargar Þorbergs, andlitsbað, fótsnyrtingu oh, bara allt of mikið! Og já, frið á jörð. Gleðileg jól!“



Sunneva Sigurðardóttir og Eyjólfur Ari Bjarnason.

Jól í útlöndum

Jólin halda nú innreið sína með öllum sínum ljóma og hefðum. Götur eru færðar í jólabúninginn og gluggar heimahúsanna lýsa skreyttir út í skammdegið. En hvernig eru jólin annars staðar en á Fróni? Bæjarins besta fékk þrjá Vestfirðinga sem búa erlendis til þess að segja lesendum blaðsins eilítið frá undirbúningi jólanna í því landi sem þeir búa í. Þær Tinnu Ólafsdóttur á Spáni, Sunnevu Sigurðardóttir í Danmörku og Birnu Jónasdóttur sem er stödd út í Kanada

Jólin okkar í Horsens Danmörku

Vestfirðingur ársins 2006, Sunneva Sigurðardóttir, býr nú í Danmörku ásamt eiginmanni sínum Eyjólfi Ara Bjarnasyni. Þau eiga von á sínu fyrsta barni og um leið og búa sig undir nýja og framandi hluti á nýju ári sakna þau hefðanna sem fylgja jólunum á Íslandi svo ekki sé á að minnast snjós og þeirra töfra sem mjallarhvít jörð veitir hátíð ljóss og friðar.

„Við ætlum að hafa það eins huggulegt og við getum hér í Horsens. Við erum búin að vera búsett hér síðan í ágúst en Eyjólfur hóf nám hér í lok ágúst við tækniháskólann Vitus Bering. Hér búa margir Íslendingar sem eru einnig að stunda nám. Við erum búin að hafa það rosalega gott frá því að við komum hingað í ágúst og búin að kynnast mikið af frábæru fólki.

Hér er að vísu ekkert svakalega jólalegt. Það er aðallega ef maður fer inn í verslunarmiðstöð og sér gervisnjó að maður fái smá jólafiðring. Hér er 10 stiga hiti og logn. Maður er alls ekki vanur því á þessum árstíma. Við ákváðum að vera hér úti um jólin þar sem við eigum von á barni. Það er alls ekki nógu sniðugt að vera að flakka mikið um komin svona langt á leið. Ég er sett þann 17. janúar svo að við ætlum bara taka því rólega og reyna bara að hafa það eins notalegt hér í litla kotinu okkar þangað til.

Við erum mjög heppin með að hér er mjög virkt Íslendingafélag sem kemur til með að vera með skötuveislu fyrir Íslendingana gegn vægu gjaldi. Veislan verður kaffiteríunni í skólanum. Þá fær maður fnykinn í nasirnar og þá eru jólin auðvitað bara komin. Verst finnst mér að fá ekki rjúpur á aðfangadag eins og venjan var á mínu heimili á mínum uppvaxtarárum. Hingað berast fregnir að rjúpan sé seld á svörtum markaði 7000 krónur stykkið. Hvað er þá kílóverðið? Kannski að maður fari í leiðangur og athugi hvort hér sé dönsk rjúpa. En það verður aldrei eins og heima. Rjúpan góða með berjabragðinu. Hámandi í sig lyng og ber allan ársins hring. Við finnum einhverja jólasteik enda úrvalið hér af kjöti afar mikið og gott. Núna er tími til kominn til að skapa nýjar hefðir. Sem stækkandi fjölskylda erum við að halda jólin okkar í fyrsta skiptið ein og óstudd án foreldra og fjölskyldu. Það verður bara fróðlegt að sjá hvað kemur út úr því.

Það sem við hjónin söknum mest og erum alveg sammála um er fjölskyldan okkar og vinir. Um áramótin fáum við gesti að heiman. Það verður alveg frábært að fagna nýju ári með góðum vinum.“

KL APAMA PRODUCE OF ICELAND

Klofningur ehf.,
Aðalgötu 59 · Suðureyri
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða

ODDI

Prentsmiðjan Oddi hf.
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða

ÍSLANDSSAGA
Fiskvinnslan Íslandssaga hf Freyjugötu 2 430 Suðureyri S. 456 6300 F. 456 6304
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

SIGURVON KRABBAMEINSFÉLAG
Krabbameinsfélagið Sigurvon á Ísafirði sendir félagsmönnum og velunnurum bestu óskir um gleðileg jól og heillaríka framtíð. Þökkum stuðninginn á líðandi ári.

3X TECHNOLOGY
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

Súðavíkurhreppur
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

Umhverfis heiminn á fjórum jólum

Birna Jónasdóttir stundar nám í mannfræði við Háskóla Íslands og er í skiptinámi í Vancouver í Kanada. Hún hefur verið alvarlega veik af ferðabakteríunni og búið og ferðast um allan heim, jafnt um suður- sem norðurhvel jarðar. Það er óhjákvæmilegt að jólin lendi einhversstaðar í þessum ferðalögum og hefur hún upplifað fjórar jólahátíðir fjarri fósturjörðinni, með þau fimmtu í uppsiglingu.

Ástralía 1999

„Mín fyrstu jól í nýju landi voru haldin í Ástralíu, á skiptinemaárinu mínu og þar fékk ég eitt stærsta menningarsjokk lífs míns. Það byrjaði allt þegar mömmur mínar drógu fram jólatréð, nú hafði ég búið hjá þeim í tæpt ár og alveg komin inn í fjölskylduna og alla fjölskylduhagi en þarna fékk ég nett sjokk. Ég áttaði mig á því hversu ólíkt lífið hjá þeim var lífi mínu heima á Íslandi. Þær voru jú búnar að segja mér að jólatréð væri í potti og að þær notuðu sama tréð ár eftir ár, á milli jóla stæði það úti í náttúrunni og nyti þess að vera til. Ég var pínu undrandi á að hafa aldrei rekist á þetta blessaða jólatré á landinu okkar en var svo sem ekki að spá mikið í því þar sem landið var stærra en Eyrin og ég hafði ekki hætt mér í alla króka og kima, þarna leyndust jú ýmiskonar snákar af öllum stærðum og gerðum.

Tréð kom loksins inn og skrautið var dregið fram. Þarna kom sjokkið, þetta var hrörlegt prik sem var í sæmilega stórum blómapotti, það voru ca. 5 greinar á þessu litla priki og skrautið samanstóð af einhverjum glitrandi loðnum vafningi og 4 kúlum. Ég átti ekki orð, hvar var stóra fallega tréð sem hægt er að hlaða á allskyns skrauti og seríum, greinarnar á þessu sliguðust undan aðeins einni lítilli kúlu. En jæja jólin komu þrátt fyrir lítið tré. Í Ástralíu eru pakkarnir opnaðir á Jóladagsmorgun, eins og í svo mörgum öðrum löndum, og hefð er fyrir því að kíkja út á lífið á Aðfangadag. Mér leist nú ekkert allt of vel á þetta í fyrstu en eftir að eytt deginum í rölt um bæinn í hlýrabol og stuttbuxum og borðað „lunch“ á McDonalds, fannst mér alveg við hæfi að fara bara á djammið að hætti Ástrala. Mamma misreiknaði tímamismuninn svona líka svakalega morguninn eftir og hringdi fyrir klukkan 6, ég og Kate nýskriðnar heim og þá er maður bara vakin aftur til að fá jólakveðjurnar frá Íslandi. Eftir símtalið var dýrindis morgunverður snæddur og pakkarnir opnaðir og þrátt fyrir fjarlægð frá Íslandi átti ég flesta pakkana.

Annar í jólum átti svo að fara í sólbað og góðan mat hjá vinafólki á ströndinni. Það byrjaði vel á gómsætum hádegisverð en svo fór allt í vitleysu. Eftirmiðdags sundspretturinn breyttist í þvílíka martröð, við festumst í útsogi og drógumst hratt frá landi, sama hversu mikið við syntum, við fórum bara lengra út á haf. Eftir að hafa verið föst í þvottavél, þar sem öldurnar brotna áður en þær byggjast aftur upp og brotna á ströndinni, í dálítinn tíma tókst okkur að synda þvert á strauminn og ná loksins á sandeyri sem kom út í sjóinn aðeins til hliðar við okkur. Við komumst í land, öll dauðuppgefin eftir að hafa dregist undir öldur og svo fengið brotið á okkur um leið og við komumst upp aftur. Ég hét því þarna að fara aldrei framar að synda í sjónum. Það loforð hélt í þrjá daga. Fínustu jól en allt öðruvísi en nokkur jól sem ég hafði upplifað fram að þessu.“

Noregur 2002

„Næstu jól í nýju landi voru í Noregi. Þangað fór ég með Sellu (Sesselju Guðjónsdóttur. Innskot blaðamanns) vinkonu minni eftir að hafa eytt sumrinu í Danmörku. Jólafílingurinn var mikill hjá okkur á Ustedalen Hotel og við Sella ætluðum að slá öllum við og höggva okkar eigið jólatré. Við fengum lánaða öxi og læddumst út í skóg um miðja nótt þar sem það er víst bannað að höggva trén í skóginum. Við vorum svaka hugrakkar í byrjun en þegar við komum lengra inn í skóginn vorum við orðnar ansi hræddar, farnar að heyra allskyns hljóð og sjá elgi hingað og þangað. Við völdum því tré í flýti og hömuðumst eins og vitleysingar þar til það var orðið laust. Nánast hlupum heim með tréð í eftirdragi og vorum ekki rólegar fyrr en við vorum komnar inn í hlýjuna. Hefði verið lítið mál að rekja slóðina eftir tréð alveg upp að dyrum en það gefst ekki tíma til að spá í þess háttar smáatriðum þegar ímyndaður elgur er á hælum manns. Svo komu jólin með öllu tilheyrandi. Ég get því miður ekki státað mig af hæfileikum í eldhúsinu og það var því í höndum Sellu að sjá um matseldina þessi jólin, mitt hlutverk var að vera henni til samlætis og halda uppi stuðinu. En það plan breyttist fljótt, Sella varð veik og ég var því send út í búð að versla í jólamatinn. Eftir miklar vangaveltur og planleggingar í búðinni kom ég heim með tvo kassa af frosnum kjúklingabitum, annar var með tex-mex bragði og hinn með BBQ. Ég átti jú að elda matinn svo ég treysti mér einfaldlega ekki í neitt meira eða stærra, ákvað á kjúklingur væri svona næstum eins og kalkúnn og hann er jú jólamatur á mörgum heimilum, hver finnur mun þó svo bitarnir hafi verið frosnir! Sella var ekkert alltof sátt við lífið þegar ég kom heim en þar sem hún var veik og frekar máttlaus gat hún lítið annað gert en bara borðað það sem ég bar fram. Um áramótin var hún enn slappari en þó ekki of slöpp til að leiðbeina mér í gegnum það að baka heimatilbúna pizzu, sem var fín tilbreyting frá frosnu pizzunum sem voru á borðum okkar flesta aðra daga. Þessi jól einkenndust annars aðallega af vinnu og einstaka brettaferðum þess á milli. En kjúklingur og franskar klikka ekki á jólunum.“

Birna Jónasdóttir í Vancouver í Kanada.

Brasilía 2003

„Mín þriðju jól í nýju landi voru í Brasilíu. Ég var á flakki um Brasilíu í tvo mánuði og ákvað að eyða jólunum með vinkonu minni sem ég hafði kynnst í Ástralíu nokkrum árum áður og fjölskyldu hennar. Til að byrja með þá er hún eineggja tvíburi og það er ekki nokkur leið að þekkja hana og systur hennar í sundur. Þegar ég kom inn á heimilið var þvílík hamingja og tilhlökkun í gangi þar sem bróðir þeirra var að koma heim í jólafrí en hann bjó í Bandaríkjunum og æfði þar sund fyrir ólympíulið Brasilíu. Bróðirinn kom heim á Þorláksmessukvöld, sem er ekki neinn sérstakur dagur hjá þeim, aðfangadagur fór svo í það að undirbúa risa grill sem halda átti á jóladag. Ég og brósinn fórum á rúnt um bæinn og völdum feitan og flottan grís til að grilla á teininum. Það var frekar skrítin tilfinning að rölta um göturnar með dauðan grís í fanginu. Ekkert var skreytt á þessu heimili og á aðfangadagskvöld borðaði ég sushi í fyrsta skipti. Jóladagur fór svo í þvílíka leti og smá verslunarleiðangur, á meðan eldabuskan eldaði fyrir okkur þennan líka dýrindis grís. Kvöldið endaði svo eins og flest önnur kvöld í dansi og hamingju, á annan í jólum hoppuðum við upp í bíl og keyrðum niður á strönd þar sem planið var að eyða áramótunum. Eftir nokkra daga á ströndinni hitti Manu vinkona mín sinn tilvonandi eiginmann og á nú með honum þriggja ára lítinn gutta, mér hefur verið gert skylt að mæta í brúðkaupið þar sem það var víst mér að „kenna“ að við fórum á þennan stað en ekki einhvern annan. Góðverk jólanna þetta árið var því hjónabandsmiðlun. Þessi jól einkenndust af gleði, endalausum dansi og miklum ruglingi, þar sem ég gat með engu móti vitað við hvora systurina ég var að tala og þær gerðu í því að rugla mig enn frekar.“

Austurríki 2005

„Fjórðu jólin í nýju landi voru í Austurríki. Eftir að hafa ferðast um Indland með Bigga (Birgi Þór Halldórssyni. Innsk. blm) og Hauki (Sigurðssyni. Innsk. blm) félögum mínum ákváðum við Haukur að skella okkur til Austurríkis og eyða þar vetrinum í sól og snjó. Eftir vangaveltur um hvernig við ættum að eyða jólunum, taldi Haukur mér trú um að það væri nú lítið mál að elda jólamáltíð og hann gæti nú alveg hrist það fram úr erminni. Planið var því að vera heima hjá mér, borða góðan mat og fara svo út á lífið og hitta aðra „seasoners“ sem ekki áttu í önnur hús að venda en öldurhúsin í Innsbruck. Það var nú eitthvað lítið um jólaskraut hjá okkur en við fjárfestum þó í um 20 cm háu plast jólatré sem ég stillti upp á sófaborðinu. Svo var farið í matarbúðina að versla, hamborgarahryggur með öllu tilheyrandi skyldi elda, enda svo lítið mál að sögn Hauks. Sökum arfaslakrar þýskukunnáttu átti ég í stökustu vandræðum með innkaupin, en kom þó heim með grænmeti til að sjóða, kartöflur sem átti að elda í ofninum, sósupakka og tvær tegundir af einhverju sem ég hélt að gæti verið hamborgarahryggur, annarsvegar einhver rúlla og hinsvegar rautt stykki. Svo kom að því að Haukur átti að elda, ég hringi og spyr hvort hann ætli ekki að fara drífa sig yfir og byrja að elda, en nei þá kannast hann ekkert við það að kunna að elda og skellir því á mig að þetta eigi ég að kunna þar sem ég er kvenmaður. Ég næ mömmu og fleiri góðum kokkum á línuna og er í beinu sambandi um það hvernig eigi nú að elda allar þessar kræsingar. Grænmetið og kartöflurnar voru lítið mál, sósan var aðeins verra mál, þegar betur var að gáð (í orðabók í stað þess að treysta á myndina framan á pakkanum) reyndist sósan vera soð eða eitthvað álíka en ekki sósa í pakka sem hægt var að hita upp. Hryggurinn var svo stóra málið, með hjálp orðabókarinnar komst ég að því að hvorugt var hamborgarahryggur, annað var einhverskonar skinka sem ekki þurfti að hita upp og var því bara tilbúin en rúllan var jú bara eitthvað reykt kjöt sem bragðaðist alveg sæmilega eftir að hafa verið í ofninum í dágóðan tíma. Ég veit núna hvernig hamborgarahryggur lítur út og jú það er ekki rúlla svo ég var ansi fjarri því að tippa á rétt kjöt í matarbúðinni. Haukur lét loksins sjá sig með tvo stærðarinnar pakka sem báðir voru um metri á lengd og álíka á breidd. Tréð okkar endaði á að standa ofan á pakkaflórunni og var bara frekar tignarlegt þegar allt var komið undir. Áramótin áttu svo að fara í sleðaferð og skemmtilegheit með tveimur af núverandi blaðamönnum BB en enduðu í 15 tíma vinnu á írskum pöbb sem síðan varð vinna mín næstu fjóra mánuðina.

Í ár mun ég eyða jólunum í fimmta nýja landinu. Ég ætla að brettast og hafa það gott og gaman í Whistler í Kanada, og bæta einni heimsálfu í jólasafnið mitt.“

Tinna Ólafsdóttir í Madrid á Spáni.

Kem ekki heim um jólin

Tinnu Ólafsdóttur ættu lesendur Bæjarins besta að þekkja en hún hætti störfum sem blaðamaður við blaðið til þess að flytjast búferlum til Madrid höfuðborgar Spánar ásamt sambýlismanni sínum Gylfa Ólafssyni. Þar lærir hún spænsku í Universidad Complutense de Madrid. Tinnu finnst margt forvitnilegt varðandi hátíðahaldið sem nú er að ganga í garð.

„Það var ekki stór ákvörðun á sínum tíma að ákveða að fara ekki heim til Íslands um jólin. Fyrir utan hvað ferðalagið heim grefur djúpt í buddu fátæks námsmanns þá á ég miða á tónleika hinnar goðsagnakenndu stúlknasveitar Spice Girls á Þorláksmessu sem ég vil alls ekki missa af. Því ákváðum við sambýlismaðurinn strax í lok sumars að halda jólin hátíðleg í Madrid þar sem við dveljum um þessar mundir við nám og störf. Ég á stóra fjölskyldu sem býr dreift og hef því ekki vanist því að halda jólin á sama stað á hverju ári, hvað þá að ég hafi vanist sama jólamatnum ár eftir ár. Að hafa jólin alltaf eins er því ekki krafa sem ég geri og mér finnst sérstaklega hressandi að sleppa hamborgarhryggnum eða hangikjötinu og borða í staðinn eitthvað annað, þó það verði að sjálfsögðu að vera eitthvað sparilegt.

Eftir því sem nær dregur jólum hafa þó farið að renna á mig tvær grímur. Efasemdirnar fóru að læðast að mér strax í nóvember þegar ég fattaði að þar sem enginn ofn er í eldhúsinu okkar gæti orðið erfitt að baka smákökur, sérstaklega þær sem eru úr marengs. Ákveðin í að láta þetta ekki draga mig niður hóf ég leit á internetinu að uppskriftum að grilluðum og steiktum kökum og hef ákveðið að reyna að baka allavega eina sort á teflonpönnunni eða í örbylgjuofninum. Svo má alltaf gera konfekt og karamellur. Verra er það með jólasteikina. Það er ekki margur sparimaturinn sem steiktur er á pönnu. Eftir töluverða umhugsun komumst við þó að þeirri niðurstöðu að líklega yrðu bringur af fiðurfé af einhverju tagi fyrir valinu á aðfangadag.

Þar sem jólamaturinn og – gotteríið yrði ekki vandamál, allavega ekki fyrr en kæmi að því að útbúa þetta allt saman, var ég aftur orðin nokkuð sátt við að halda jólin fjarri heimahögunum. Þangað til byrjað var að hengja upp jólaljósin. Hér á meginlandinu er fólk sparsamt með rafmagn og því fer lítið fyrir því að kveikt sé á seríum allan sólarhringinn eins og heima, enda er svo sem ekkert skammdegi hér til að lýsa upp. Það er aðallega í búðum og niðri í miðbæ sem seríur eru hengdar upp, fáir gluggar í heimahúsum eru lýstir upp fyrir jólin. Þetta fannst mér alveg ómögulegt, auðvitað á hver einasti gluggi að vera skreyttur seríu og ekki er verra ef hún blikkar eða getur spilað dálítinn lagstúf. Við keyptum því eina seríu til að setja í stofugluggann og aðra til að setja á jólatréð.

Já, jólatréð. Þar kviknuðu margar spurningar. Eru lifandi jólatré almennt seld á Spáni eða þarf maður að kaupa tré úr plasti? Borgar sig að kaupa gervijólatré fyrir þessi einu jól? Eftir að hafa spurst fyrir komst ég að því að vissulega fást hér jólatré, bæði gervi og ekta, og þau eru ekki einu sinni sérstaklega dýr. Spánverjar hafa þó heldur haft þann sið að setja upp svo kallað „nacimiento“, en það er lítil uppstilling af fæðingu Jesúbarnsins í fjárhúsinu. Hægt er að kaupa styttur af ýmsum stærðum og gerðum og sumir ganga jafnvel svo langt að hafa rennandi vatn og stórar mosabreiður í uppstillingunni. Við stefnum hins vegar að því að kaupa jólatré.

Það eina sem eftir stendur er þá sú staðreynd að ég verð fjarri fjölskyldu og vinum á þessari hátíð sem snýst aðallega um það að eyða tíma með ástvinum sínum. Það finnst mér óskaplega leiðinlegt. Ég myndi glöð sleppa smákökum, seríum og jólatré ef ég fengi að vera með fjölskyldunni um jólin. Til að við eyðum ekki hátíðunum í sjálfsvorkunn og söknuð höfum við því ákveðið að dreifa huganum með því að fara í stutt ferðalag til Marrakech í Marokkó milli jóla og nýárs. Þar ætlum við að gera vel við okkur í mat og drykk á milli þess sem við látum sölumenn pranga upp á okkur ónauðsynjum og lesum jólabækurnar í einhverjum skrautgarðinum.

Áramótunum ætlum við að eyða hér í Madríd en Spánverjar eru einstaklega veisluglaðir og því eigum við von á miklum glaum og gleði. Ég efast reyndar stórlega um að nokkur slái Íslendinga út í flugelda- og brennulátum. Ein af skemmtilegum hefðum Spánverja um áramótin er sú að þegar nýja árið gengur í garð borða þeir 12 vínber, eitt við hvert slag stórrar klukku sem er í miðbæ Madrídar. Hvert vínber sem er borðað á að tryggja manni góða heilsu í einn mánuð. Nái maður að klára öll vínberin á réttum tíma hefur maður þannig tryggt sér heilsuna fram að næstu áramótum. Við munum að sjálfsögðu taka þátt í þessari hefð áður en við dönsum fram á nýársdagsmorgun.“

Bolungarvík.

Skatttekjur Bolungarvíkur hækka um 21%

Gert er ráð fyrir að skatttekjur Bolungarvíkur hækki um 21% á milli ára. Þetta kemur fram í greinargerð Gríms Atlasonar, bæjarstjóra Bolungarvíkur, um fjárhagsáætlun fyrir 2008 sem lögð hefur verið fram til fyrri umræðu.

„Útsvarstekjur hækka umtalsvert eða um 13,7% en það skal tekið fram að samanburðurinn miðast við áætlun ársins 2007 en rauntölur eru mun hærri. Þannig eru rauntölur vegna Jöfnunarsjóðs ársins 2007 128.000.000 kr. en í fjárhagsáætlun ársins 2007 var gert ráð fyrir 90.000.000 kr. Í áætlun fyrir 2008 er gert ráð fyrir að tekjur vegna fasteignatekjuskatts hækki vegna hækkunar fasteignamats. Það er gert ráð fyrir að framlög úr jöfnunarsjóði verði sambærileg og raunin er árið 2007. Álagningarprósenta útsvars verður óbreytt 13.03% og fasteignaskattur einnig. Holræsagjald hækkar úr 0.21% í 0.23%“, segir í greinargerðinni.

Einnig kemur fram í greinargerðinni að áætlað er að umtalsverðar skipulagsbreytingar muni eiga sér stað innan stjórnsýslu bæjarins og við stofnanir hans. Tilfærsla starfa og breytingar á rekstri hafnarinnar og áhaldahús vega þar þyngst. Þó er ekki að fullu búið að móta þessar tillögur en þær munu liggja fyrir fljótlega á nýju ári. Laun eru eftir sem áður veigamesti liður gjaldahliðar rekstursins.

– thelma@bb.is



Suðureyri við Súgandafjörð.

Vegurinn í Botni getur ekki talist héraðsvegur

Samgönguráðuneytið telur rétt að Vegagerðin taki ákvörðun um það hvort umsjón vegarins úr Botni út í Selárdal flytjist til stofnunarinnar. Ísafjarðarbær hafði farið fram á við ráðuneytið að vegurinn verði færður til Vegagerðarinnar, sem héraðs- eða landsvegur en frístundaeigendur í Selárdal voru orðnir langeygir eftir marglofuðum endurbótum á veginum. Ráðuneytið telur að með þeirri beiðni sé verið að óska eftir því að Vegagerðin taki að sér veghald vegarins og hann teljist með því til þjóðvega landsins, en miðað við ný vegalög er flokkur þjóðvega sem kallast héraðsvegir ekki til.

„Með því að Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og stofnuninni er með vegalögum falin öll framkvæmd varðandi vegamál telur ráðuneytið að erindið eigi að afgreiðast af Vegagerðinni sem tekur ákvörðun um hvort vegur uppfyllir skilyrði vegalaga um þjóðvegi, en ekki gert ráð fyrri því í vegalögum að aðrir vegir geti talist þjóðvegar en þar eru taldir“, segir í svari samgönguráðuneytisins til Ísafjarðarbæjar.

– thelma@bb.is

Lagt til að Ísafjarðarbær auki stofnfé sitt í Sparisjóði Vestfirðinga

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar leggur til að bærinn nýti sér rétt sinn til stofnfjárkaupa í Sparisjóði Vestfirðinga. Stjórn sparisjóðsins ákvað að nýta heimild frá stofnfjárfundi til hækkunar stofnfjár að nafnverði 788 milljónir króna. Stofnfjáreigendur eiga forgangsrétt til að skrá sig fyrir hækkuninni og samkvæmt því á hver stofnfjáreigandi rétt til að skrá sig fyrir nýjum stofnfjárbréfum í hlutfalli við eign sína við upphaf útboðs. Stofnfjáreign Ísafjarðarbæjar er í dag að nafnverði rúm 1,1 milljón króna og samkvæmt því á bærinn rétt á að skrá sig fyrir stofnfé að nafnverði 652 þús. Verð hvers nýs stofnfjárhlutar er rúm ein króna.

Ef einhverjir stofnfjáreigendur kjósa að nýta sér ekki rétt sinn til stofnfjárkaupa eykst réttur annarra eigenda hlutfalllega sem því nemur. Á fundi stofnfjáraðila Sparisjóðs Vestfirðinga í lok nóvember var samþykkt að sameinast Sparisjóðnum í Keflavík og Sparisjóði Húnaþings og Stranda. Eiríkur Finnur Greipsson, aðstoðarsparisjóðsstjóri Sparisjóðs Vestfirðinga, segir að næsta skref í samrunaferlinu sé samþykki stofnfjáraðila Sparisjóðs Keflavíkur og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda og eftir því sem hann best veit standi hugur manna þar til sameiningar. Þá þarf einnig samþykki fjármálaeftirlitsins og segist Eiríkur ekki vita hversu langan tíma það tekur. Í samrunatillögunni er gert ráð fyrir að felld verði niður ákvæði í samþykktum hins sameinaða sjóðs um að sveitarfélög tilnefni tvo stjórnarmenn. Gert er ráð fyrir að við slit á hinum sameinaða sjóði eða við breytingu hans í hlutafélag verði andvirði eigna og starfsemi sjálfseignarstofnunar skipt á milli starfsvæða í sömu hlutföllum og samrunaáætlun gengur út frá við skiptingu stofnfjár. Einnig var samþykkt á fundinum að stofnfé verði aukið að söluverðmæti allt að 1,2 milljarðar og að samfara falli niður eldri heimildir til aukningar stofnfjár.

– smari@bb.is

Bærinn hyggst auka stofnfé sitt í Sparisjóði Vestfirðinga.

Fullur hugur að bæta þjónustu aldraðra í Ísafjarðarbæ

Fullur hugur er í öllum bæjarfulltrúum Ísafjarðarbæjar að bæta þjónustu við aldraða í sveitarfélaginu segir Gísli H. Halldórsson, formaður félagsmálanefndar. Ekki hefur verið tekin nein ákvörðun hvort þjónustudeild aldraðra á dvalarheimilinu Hlíf á Ísafirði verði lokað, en rætt hefur verið um að það verði gert á næsta ári og hefur það vakið mikil viðbrögð í samfélaginu. „Félagsmálanefnd og þjónustuhópur aldraða hefur unnið að því að samþætta heimahjúkrun og heimaþjónustu. Tilhneigingin í samfélaginu og umræðan hefur verið á þann veg að æskilegast sé að auka möguleika fólks að vera sem lengst heima við og því reynum við að efla og bæta þá þjónustu.“ Þrátt fyrir þetta segir Gísli að brýn þörf sé á nýjum og góðum hjúkrunarrýmum.

„Öll umræðan í bæjarstjórn, hvort sem það er í meiri- eða minnihluta, hefur verið á þann veg að þrýsta eigi á stjórnvöld að byggja hjúkrunarrými á svæðinu. Það er fullur hugur í öllum bæjarfulltrúum að bæta þessi mál.“

Fyrir ári síðan var það tilkynnt að með viðbótarframlagi sínu hygðist heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið byggja 10 hjúkrunarrými í Ísafjarðarbæ. Aðspurður segir Gísli ekkert að frétta af þeim málum. „Það hefur ekkert gerst ennþá en í raun þurfum að fá 30 hjúkrunarrými. Bæjarfulltrúar hafa fullan hug á að vinna þau mál eftir bestu getu og best væri ef hægt væri að tengja það við sjúkrahúsið. Mönnum greinir á um hversu mörg rými vantar en á meðan vandinn er leystur með þjónustudeildinni á Hlíf er erfitt að segja til um hversu mikil þörfin er og við því kominn í vítahring.“

Rétt er að taka fram að á síðasta fundi félagsmálanefndar var ákveðið að nefndin fjalla um búsetuúrræði aldraðra í stefnumótunarvinnu sem fram fer í vetur. Reikna má með að línur verði orðnar skýrar í vor.

– thelma@bb.is

Framkoma við aldraða til mikilla vansa

Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga telur að bæjaryfirvöld á Ísafirði hefðu átt að beita sér fyrir því að efla þjónustu við aldraða með byggingu hjúkrunarrýmis. „Allmikil umræða hefur verið á Vestfjörðum um fjölgun starfa og þá þörf sem er fyrir aukna þjónustu fyrir aldraða í fjórðungnum. Það skýtur því skökku við að í þessari umræðu skuli vera tekin sú ákvörðun hjá bæjarstjórn stærsta bæjarfélagsins að loka þjónustudeild aldraðra á Ísafirði. Með þessari ákvörðun er ekki einungis verið að skerða þjónustu til eldri borgara í Ísafjarðarbæ heldur líka fækka störfum. Þessi framkoma við aldraða er til mikilla vansa og ekki til þess fallin að auka hróður okkar í umræðunni,“ segir í ályktun félagsins.

Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga telur að þrátt fyrir skeytingarleysi heilbrigðisyfirvalda, þegar kemur að auknu fjarmagni til byggingar hjúkrunarrýma fyrir aldraða á landsbyggðinni, hefðu bæjaryfirvöld á Ísafirði miklu fremur átt að efla þessa þjónustu. Það væri hægt með því að nýta lagaheimildir og ráðast í byggingu hjúkrunarrýmis, jafnvel með þátttöku hagsmuna- og félagasamtaka. Ekki einungis myndi það stuðla fjölgun starfa við umönnun í sveitarfélaginu, heldur einnig skapa fyrirtækjum í byggingariðnaði á svæðinu aukin tækifæri.“

Auk þess sem rætt var um málefni aldraðra á fundinum og þá stöðu sem virðist vera í uppsiglingu hjá þessum þjóðfélagshóp í bæjarfélaginu var einnig farið yfir stöðu mála í kjarasamningunum. Allheitar umræður voru um framkomnar kröfugerðir sambanda sem félagið er aðili að.

ÚR BOLTANUM Í BANKAKERFIÐ

Ísfirðingurinn Halldór Guðbjarnason var um árabil einn af forystumönnum íslenskrar bankastarfsemi. Í ítarlegu viðtali við BB fer Halldór yfir Útvegsbankaþátt Hafskipsmálsins og Landsbankamálið sem settu þjóðfélagið á annan endann, æskuárin á Ísafirði, fótboltann, myndlistaráhugann, pólitíkina, vatnsútflutning frá Ísafirði og margt fleira.

Eftir Bjarna Brynjólfsson. Myndir: Sigurjón Ragnar og úr einkasafni

Halldór Guðbjarnason fæddist á Ísafirði 20. október 1946. Hann er sonur hjónanna Guðbjarna Þorvaldssonar og Elínar Árnadóttur sem enn býr á Ísafirði, orðin nær 94 ára gömul. Halldór var um árabil í framlínu íslenskrar bankastarfsemi, hóf starfsferil sinn hjá bankaeftirliti Seðlabankans, varð síðan útibússtjóri Útvegsbankans í Vestmannaeyjum og síðar einn af þremur aðalbankastjórum þess banka. Allir þrír sögðu af sér störfum þegar þeir voru ákærðir fyrir meintan þátt bankans í Hafskipsmálinu svokallaða sem tröllreið íslensku samfélagi á níunda áratugnum. Þegar loks var dæmt í málinu, rúmum þremur árum síðar, voru bankastjórarnir allir sýknaðir og meira en það, því dómararnir sneru málinu við og sögðu að þeir hefðu staðið sig vel í starfi og unnið að björgunaraðgerðum, bæði í þágu bankans og skipafélagsins. Halldór fékk svo uppreisn æru þegar hann var síðar ráðinn einn af þremur bankastjórum Landsbankans. Hann var fyrstur þeirra þriggja til að segja af sér í orrahríð sem hófst í kringum Sverri Hermannsson vegna kaupa bankans á laxveiðileyfum í Hrútafjarðará.

Ég hitti Halldór á glæsilegu heimili hans og eiginkonu hans Steinunnar Brynjúlfsdóttur á Arnarnesi í Garðabæ. Á veggjum hanga myndir eftir þekkta íslenska myndlistarmenn og margskonar dýr Guðmundar frá Miðdal sitja á stásshillum. Greinilegt er að þau hjón eru áhugasöm um myndlist og Halldór byrjar á að sýna mér málverk eftir vestfirsku málarana Jón Hróbjartsson og Kristján H. Magnússon, sem málaði fáar myndir áður en hann lést um aldur fram. Ein þeirra er í eigu Halldórs og er af vetrarstemningu í Skutulsfirði, falleg lítil mynd máluð með olíulitum sem sýnir m.a. Arnarnes og Snæfjallaströnd. Á meðan við tölum saman sniglast kötturinn Loftur í kringum okkur með sitt langa austurlenska skott. „Það er í honum hálfur síamsköttur“, segir húsráðandi með glimt í augum og má ráða af því að samband kattar og húsbónda er gott.

Steinunn, eiginkona Halldórs, er frá Vestmannaeyjum sem skýrir e.t.v. að hluta hvers vegna Halldór réðst sem útibússtjóri Útvegsbankans í Eyjum á sínum tíma.

Halldór og Steinunn kynntust í Menntaskólanum á Akureyri. Þau eiga tvær dætur, Lilju Dóru og Elínu Dóru, og soninn Brynjúlf. Undanfarnir mánuðir hafa verið fjölskyldunni erfiðir þar sem Steinunn glímir við krabbamein. „Við kynntumst þegar við vorum 16 og 17 ára og höfum síðan verið saman í gegnum þykkt og þunnt“, segir Halldór alvarlegur í bragði. „Það er kórrétt orðalag, því það hefur mikið gengið á í gegnum tíðina í öllum þessum málum“, bætir hann við.

Talið berst að uppvaxtarárum Halldórs á Ísafirði. „Ég var áreiðanlega fyrirferðarmikill krakki og hefði líklega verið greindur ofvirkur nú á dögum. Ég var atorkusamur, hress og brallaði ýmislegt ásamt æskufélögum mínum. Ég fékk mikla útrás í íþróttunum og eyddi tíma mínum fyrst og fremst í fótbolta og á skíðum. Ég var samt farinn frá Ísafirði þegar fyrsta skíðalyftan var reist. Ég man hvað skíðamennirnir, strákar á mínum aldri, lögðu mikið á sig við æfingarnar. Hafsteinn Sigurðsson, Eiríkur Ragnarsson, Guðmundur Jóhannesson og fleiri voru ótrúlega duglegir. Þeir gengu upp í eða upp undir skál upp af Seljalandsdal aftur og aftur, helgi eftir helgi, allan veturinn. Ég man líka að margir fótbrutu sig á skíðum á þessum árum enda voru engin öryggi á bindingum né brekkur troðnar og færið gat því verið erfitt. Þessi æfingamáti var í engri líkingu við það sem nú er.“

Fjölskyldan í Aðalstræti 32. Hjónin Guðbjarni Þorvaldsson og Elín Árnadóttir ásamt börnum sínum, Árna, Halldóri og Eydísi.

Menntabærinn Ísafjörður

Halldór segir Ísafjörð hafa verið skemmtilegt pláss að alast upp í. „Bærinn hafði stærra hlutverk í þá daga en nú er. Þetta var kraftmikið og nokkuð sterkt bæjarfélag. Þar voru alls konar sérverslanir, bærinn var sjálfum sér nógur í öllu mögulegu og fólk sótti minna til Reykjavíkur en nú er. Að fara til Reykjavíkur á þessum árum var langferð. Bærinn var líka fjölmennari en nú er og byggðirnar í kring lifandi. Allt Djúpið var byggt og Jökulfirðirnir voru að hluta enn í byggð. Þetta var talsvert annar heimur en er í dag. Þá setti sterkur menningarbragur og öflugt tónlistarlíf svip sinn á Ísafjarðarkaupstað. Ísfirðingar almennt hvöttu börn sín til náms og lærdómur var mikils metinn. Þegar ég var að alast upp tók ég ekkert sérstaklega eftir þessum kostum bæjarfélagsins. Það var ekki fyrr en ég fluttist til Vestmannaeyja að ég áttaði mig á því hversu mikill munur var á þessum bæjum og hafði verið. Í Vestmannaeyjum fóru strákar á sjóinn þegar þeir voru búnir með skyldunámið og stelpur í frystihúsið. Ef fólk var að paufast við að læra eitthvað til langskólanáms var það álitið rugl. Þetta var öfugur þankagangur við það sem tíðkaðist á Ísafirði. Ísfirðingar voru framarlega í íþróttum, einkum í knattspyrnu og sundi. Við lentum tvisvar sinnum í fyrstu deild í knattspyrnu og áttum afreksfólk í sundi, ég tala nú ekki um skíðafólkið sem alltaf skaraði fram úr. Ég lærði á trompet í tónlistarskólanum og var í lúðrasveitinni. Fyrst og fremst var ég þó í fótbolta. Ég æfði fótbolta og spilaði af krafti allt þar til ég reif liðþófa í hné vorið 1967, þá ríflega 20 ára. Ég var ekki skorinn upp við því fyrr en 1973 því alltaf var sagt að þetta væri slæm tognun. Eftir uppskurðinn þurfti ég að liggja tíu daga á spítala. Í dag er slík aðgerð gerð að morgni og maður er kominn heim um hádegið og getur farið í skrifstofuvinnu einum til tveimur dögum síðar. Ég ætti að þekkja þetta enda er búið að laga alla fjóra liðþófana í mér. En þetta eyðilagði knattspyrnuferilinn þar sem ég var ekki nema hálfur maður frá sumrinu 1967.“

Halldór var neðribæjarpúki og gekk til liðs við knattspyrnufélagið Vestra. „Minn aldurshópur í Vestra sló Hörð alltaf út á þessum árum. Við áttum gott lið. Svo heltust menn úr lestinni þegar þeir urðu eldri og nálguðust fullorðinsárin. Þarna voru strákar eins og Tryggvi Sigtryggsson, Birkir Eyjólfsson, Sigurvin Sigurjónsson, Össur Pétur Össurarson, Hinrik Matthíasson, Jón Guðbjartsson, Jakob Ólafsson, Einar Oddur Garðarsson, Hermann Níelsson, Þröstur Guðjónsson og Guðmundur Níelsson, sem var samstúdent minn frá Akureyri og félagi í viðskiptafræðinni. Ég held ég muni það rétt að ég hafi verið fyrstur jafnaldra minna til að spila með meistaraflokki.“

Halldór tók síðast þátt í knattspyrnumóti árið 2007, Púkamótinu sem nú er haldið hvert sumar á Ísafirði. „Bjössi Helga og Pétur Sigurðsson eru þarna aldursforsetar og hafa báðir jafn gaman af þessu og áður. Það var svo mikill hugur í mönnum að sumir fengu jafnvel snert af hjartaáfalli eftir mótið, ég tala nú ekki um smámál eins og slit á hásinum og þess háttar, sem einkum angrar þá yngri, þá sem eru undir fimmtugu. Það er alveg sama hvað menn verða gamlir, þeir gleyma sér alltaf í hita leiksins“, segir Halldór og hlær.

Sagan um gatið og málverkin

Æskuheimili Halldórs var Aðalstræti 32 sem stóð á milli Björnsbúðar og gamla barnaskólans en er nú horfið. „Húsið var í eigu Jóns Hróbjartssonar kennara og listmálara en foreldrar mínir leigðu fyrst íbúðina af honum og keyptu svo síðar. Þar fæddist ég og átti alla tíð heima. Björn Pálsson ljósmyndari átti Aðalstræti 32 á undan Jóni og var þar með ljósmyndastofu. Þegar foreldrar mínir fluttu inn í íbúðina var gat á betrekkinu á einum vegg stofunnar. Í stað þess að laga það hengdi Jón málverk eftir sjálfan sig yfir gatið og þar með var málið leyst. Málverkið hékk þar um hríð þar til Jón seldi það einhverjum sem gaf Páli Pálssyni, skipstjóra á togaranum Sólborgu ÍS það í brúðargjöf. Þá hengdi Jón annað málverk úr Önundarfirði fyrir gatið með þeim orðum, að ómögulegt væri að hafa ekki málverk þarna á veggnum. Það varð síðan eftir á heimili foreldra minna. Um 40 árum síðar, löngu eftir að ég var fluttur að heiman og skömmu eftir að faðir minn lést og móðir mín seldi íbúðina, skilaði hún myndinni til Einars Ingvarssonar, fyrrverandi. rafveitustjóra á Ísafirði sem þar býr enn, en hann er barnabarn Jóns. Hún sagði alltaf að þau hefðu aldrei átt myndina heldur hefði Jón aðeins sagt, þegar hann hengdi hana þarna upp áratugum fyrr, að ómögulegt væri annað en að þau hefðu þarna mynd. Þessi saga um málverkin og gatið vakti áhuga minn á Jóni sem málara og ég fór að safna myndunum hans. Hann var um margt merkilegur málari og einn af fáum sem málað hefur vestfirskar fyrirmyndir. Myndir hans eru merkar heimildir um það sem hann málaði því hann var svo nákvæmur. Hann leiðrétti stundum það sem honum fannst að betur mætti fara, t.d. ef hann sá hallandi girðingarstaur rétti hann staurinn við í málverkinu. Ég hef verið að reyna að fá Listasafn Ísafjarð-

Halldór og eiginkona hans, Steinunn Brynjúlfsdóttir á heimili þeirra á Arnarnesi í Garðabæ.

ar til að halda yfirlitssýningu á verkum hans og vona að af því geti orðið næsta sumar. Nú bíð ég bara eftir því að Jón Sigurpálsson, safnstjóri á Ísafirði, komi undirbúningsvinnunni af stað. Það þarf að auglýsa eftir verkum sem flest eru í einkaeign, senda þau vestur, búa til sýningarskrá og tilheyrandi, og eitthvað kostar þetta. Ég held að þetta sé þarft verk og að slík yfirlitssýning sé áhugaverð fyrir Vestfirðinga og fleiri“, segir Halldór.

Myndlistaráhugann rekur Halldór til æskuáranna en hann kveðst hafa lært mikið af æskuvini sínum, Finni Birgissyni, sem síðar varð arkitekt. „Finnur vakti áhuga minn á teikningu. Ég teiknaði mikið á yngri árum en hef algjörlega haldið því fyrir sjálfan mig að frátöldum skopmyndum sem ég teiknaði fyrir útskriftarbók okkar, Carminu, í Menntaskólanum á Akureyri. Hins vegar höfum við Steinunn keypt talsvert af málverkum í gegnum tíðina. Við byrjuðum á því þegar við vorum í háskóla og lifðum eins og kirkjurottur. Síðan höfum við eignast margar myndir en ef við verðum leið á þeim seljum við þær og kaupum aðrar sem okkur líkar betur við. Það sem þú sérð hérna á veggjum er það sem stendur upp úr.“

Sérstök og sterk vinabönd

Halldór og Finnur Birgisson brölluðu ýmislegt saman. „Finnur átti stóra jullu, búna mastri og seglbúnaði, sem við sigldum á um Pollinn og út á Sund. Við þvældumst víða á þessum farkosti. Á þessum árum gerðist það oft að Pollinn lagði á vetrum og maður gat farið á skautum á ísnum inn í fjarðarbotn. Við stunduðum jakahlaup af kappi á Pollinum og Dokkan var leiksvæði okkar neðribæjarpúkanna. Við vorum þar heilu dagana svo og niðri í Suðurtanga. Ég byrjaði sem ungur púki að stokka upp lóðir fyrir Óskar Þórarinsson sem gerði út Valdísina. Það var stundum svo kalt í skúrnum hjá honum í Dokkunni, enda engin upphitun, að ég greip stundum til þess ráðs að míga á lúkurnar til að fá smá hita í þær. Það var skammgóður vermir því eftir smástund sigldi í sama farið. Ég man ekki eftir því frá æskuárum mínum á Ísafirði að mér hafi leiðst. Ég hafði alltaf nóg fyrir stafni og þannig hefur það alltaf verið hjá mér. Og þótt ég hafi núna formlega látið af öllum störfum sé ég stundum ekki fram úr því sem ég þarf að gera. Á æskuárum mínum mynduðust sterk og sérstök vinabönd á milli margra í mínum aldurshópi sem hafa haldist til þessa dags enda þótt þetta fólk sé ekki í reglulegu sambandi. Það kemur fyrir að við hittumst og þá er þráðurinn tekinn upp frá fyrri tíma eins og ekkert hafi gerst í millitíðinni. Helsti félagi minn og vinur í gegnum tíðina er Magnús E. Finnsson viðskiptafræðingur, en við settumst saman þegar við byrjuðum í sexárabekk í barnaskólanum og síðan sátum við saman þar til við lukum viðskiptafræðiprófi úr Háskóla Íslands.“

Æskuheimilið Aðalstræti 32. Þar hafði Björn Pálsson ljósmyndastofu en hann átti húsið á undan Jóni Hróbjartssyni listmálara. Guðbjarni og Elín leigðu íbúð af Jóni.

Halldór var framan af aldri flest sumur á Flateyri hjá föðursystur sinni Vilborgu Hafberg og eiginmanni hennar. „Þetta var sveitin mín því þau voru með fjárbúskap meðfram öðrum störfum eins og tíðkaðist og heyjuðu fyrir kindurnar. Ég kynntist mörgum góðum mönnum á Flateyri, m.a. Einari Oddi, þótt hann væri aðeins eldri en ég. Þarna var ég meira og minna öll sumur fram á unglingsár og þarna byrjaði ég mína fyrstu sumarvinnu, í frystihúsinu hjá Einari ríka.“

Kominn af framsóknarmönnum

Guðbjarni faðir Halldórs var Önfirðingur, fæddur á Efstabóli í Korpudal. Hann lærði mjólkurfræði hjá KEA á Akureyri, en eiginkonu sinni Elínu, sem er frá Þverá í Svarfaðardal, hafði hann kynnst í Héraðsskólanum á Laugarvatni þar sem þau voru nemendur samtímis. Henni fylgdi hann svo eftir norður á Akureyri. Guðbjarni var mjólkurbústjóri á Ísafirði í mörg ár en varð síðan umboðsmaður Ríkisskips og Gunnars & Ebenezers og gegndi því starfi til dauðadags. Þau eignuðust þrjú björn, Árna, Halldór og Eydísi. „Þabbi var mikill félagsmaður, framsóknarmaður og mjög pólitískur og það var mikið rætt um pólitík á heimilinu, sérstaklega eftir að við bræður urðum „viðræðuhæfir“. Ég hygg að hann hafi á sinni tíð sogið í sig ungmennafélagsandann og mótast af honum. Ég fór snemma að fylgjast með pólitík, bæði sveitastjórnar- og landsmálum. Ég fylgdist líka með heimsmálunum, sérstaklega man ég eftir kosningum í Banda-ríkjunum. Það voru miklir framsóknarmenn í báðum ættum mínum. Á þessu sviði sem öðrum mótast fólk af foreldrum sínum. Það er hins vegar ekkert skrítið að fólk aðhyllist síðar á lífsleiðinni aðrar þjóðfélagsskoðanir og fer það gjarnan eftir því hvernig aðstæður þess breytast.“

Halldór kveðst enn vera framsóknarmaður þrátt fyrir að flokknum hafi vegnað illa síðustu misserin - „enda hefur hann villst nokkuð af sinni eiginlegu stefnu. Ég hef lesið bókina um Guðna Ágústsson. Sú stefna sem hann heldur fram í bókinni er sú framsóknarmennska sem ég hef aðhyllst. Ég aðhyllist samhjálparpólitík. Eftir því sem ég eldist finnst mér mikilvægast að fólk gæti að þeim sem minna mega sín. Við þurfum að passa upp á mennta- og heilbrigðiskerfið og að þau þjóni öllum. Það má margt betur fara í kostnaði heilbrigðiskerfisins en það virðist sumpart vera orðið óviðráðanlegt eins og sakir standa. Ég tel að við ættum að koma upp einkareknum spítala við hliðina á Landsspítala til þess að auka samkeppni í greininni og skapa möguleika á lagfæringu hins opinbera heilbrigðiskerfis. Ef reyna á að breyta í núverandi heilbrigðiskerfi, þá þarf helmingi meira afl gegn þeim sem vilja status quo. Þess vegna er svona erfitt að ná fram nauðsynlegum breytingum þar, breytingum þar sem passað er upp á kostnað þótt sama þjónusta sé áfram veitt. Ég styð pólitík samstarfs og samhjálpar en ég er líka talsmaður

einkareksturs þar sem hægt er að koma honum við, þjóð og þjóðfélagi til hagsbóta en ekki til þess að fáir geti mokað undir sig auðæfum."

Halldór hefur tröllatrú á því að Framsóknarflokkurinn eigi eftir að rísa upp aftur. „Ég er sannfærður um að það á eftir að verða nauðsynleg stefnubreyting innan flokksins sem svo leiðir til fylgisaukningar hans að nýju. Fólk mun fá nýja lífssýn á næstu misserum."

Fékk heimþrá

Halldór fór í Menntaskólann á Akureyri eins og fleiri Ísfirðingar á hans aldri. Þar hóf hann nám árið 1963. Eftir það var hann aðeins með annan fótinn á Ísafirði, kom heim á sumrin til að vinna. Hann elti kærustuna Steinunni til Vestmannaeyja og vann í FES, annarri af síldar- og loðnubræðslum staðarins sumarið 1968. „Þetta sumar var Suðurlandssíld brædd í síðasta sinn og svo var sumarsíld ekki veidd í mörg ár á eftir vegna þess hve slæm staða stofns hennar var orðin. Þegar bræðslunni lauk síðla sumars varð ég „handlangari og sópari" á verkstæði tengdaföður míns, Brynjúlfs Jónatanssonar, sem á þessum tíma rak Neista sf., stærsta rafmagns- og siglingatækjaverkstæði staðarins. Á þessum árum var gott samband á milli Gagnfræðaskólans á Ísafirði og Menntaskólans á Akureyri. Ástæðan var fyrst og fremst sú, að á Akureyri var heimavist. Það var alltaf pláss fyrir Ísfirðinga í MA. Þar voru líka margir Siglfirðingar.

Á Siglufirði var svipað snið á hlutum og á Ísafirði og þó að þetta væru hvorutveggja sjávarpláss, þá var ýtt undir menntun ungmenna þar eins og á Ísafirði. Mamma er úr Svarfaðardal og ég á mikinn frændgarð á Akureyri og í Eyjafirði. Ég var fyrst á heimavist skólans en leiddist óskaplega sá mikli agi sem þar var á öllu. Vistinni var lokað klukkan 10 á virkum dögum og klukkan hálftólf á laugardögum. Skólameistari, Þórarinn Björnsson, beið í anddyrinu þar til allir voru komnir inn og þá var læst. Þarna voru nokkur hundruð krakkar í vistinni. Vegna þessarar tímasetningar í vistinni byrjuðu öll bíó á Akureyri klukkan hálf níu og þegar myndum lauk urðu krakkarnir að drífa sig heim og stundum veitti ekki af að spretta úr spori ef myndin var í lengra lagi. Óstundvísi var ekki liðin. Niðri í anddyri fylgdust umsjónarmenn ganganna með því að allir skiluðu sér. Mér fannst frelsi mitt skert, mér leiddist og hafði heimþrá. Ég flutti því úr vistinni til móðursystur minnar seinni hluta fyrsta vetrar míns þarna. Hjá henni bjó ég síðan alla vetur mína eftir það."

Þolir illa blóð

Halldór útskrifaðist úr máladeild MA 1967 og ákvað síðar að fara í viðskiptafræði. „Það var ekki eins fjölbreytt nám í boði þá og nú er. Ég var að velta fyrir mér hvað ég ætti að læra og hafði haft áhuga á læknisfræði. Sá draumur hvarf eftir að ég sá myndina Mondo Cane í Borgarbíói á Akureyri. Í henni var m.a. fakír sem rak prjón í gegnum hálsinn á sér fyrir aftan barkann og í gegnum síðuna. Ég fylltist ógleði yfir þessu og var nærri búinn að kasta upp yfir þá sem sátu fyrir framan mig. Ég varð að ryðjast út til að kasta upp og hef verið svona æ síðan, - þoli ekki að sjá blóð, né fólk sprautað, og held fyrir augun þegar ég sé slíkar eða verri senur í kvikmyndum. Ég lít undan þegar ég er sprautaður og hefði því ekki getað orðið læknir. Fyrst ég gat það ekki velti ég fyrir mér lögfræðinámi en fannst sú fræðigrein þurr og lítt spennandi auk þess sem ég sá að margir lærðu lögfræði án þess að vinna við hana. Ég ákvað því að fara í fiskihagfræði sem þá var ný háskólagrein. FAO, matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna, var með slíkt nám innan sinna vébanda. Stofnunin er í Róm og var þá undir stjórn Íslendings. Ég sótti um en fékk svarbréf sem sagði, að ákveðið hefði verið að leggja námið niður á hennar vegum árið sem ég ætlaði að byrja. Þar með fór sá draumur. Mér fannst útilokað að læra eitthvað sem ég myndi svo ekki nota í starfi. Ég varð að vera skynsamur enda hafði ég ekki efni á öðru. Eftir að hafa litið yfir markaðinn fannst mér skynsamlegast að fara í viðskiptafræði. Þetta var þá lágmark fjögurra ára nám, en nú er búið að klippa af því ýmislegt sem nú er kennt í MBA námi. Í viðskiptafræðinni þá voru ýmsir kúrsar í þjóðhagfræði þannig að við fengum meiri skilning á þjóðarbúskapnum en nú felst í þessu námi. Ég lærði viðskiptafræði með tilliti til atvinnu og framtíðar."

Ungur að árum hjá Villu frænku á Flateyri.

Þótt Halldór hafi haft hæfileika á myndlistarsviðinu kveðst hann ekki hafa látið sig dreyma um að þróa þann hæfileika áfram með námi. „Ég er óskaplega praktískur í hugsun. Ég lít þannig á að það sé allt í lagi að gera það sem mann langar til ef efni standa til þess. Þannig hugsa því miður of fáir í dag held ég og því eru margir sem eyða mörgum árum í dýrt háskólanám sem þeir geta svo ekkert notað og eru hálfa eða alla ævina píndir við að greiða niður erfiðar námsskuldir."

Félagar úr M.A. Að ofan: Halldór sjálfur, Jón Ólafur Þórðarson lögfræðingur, Ólafur Pálsson fiskifræðingur og Veturliði Guðnason þýðandi. Neðri röð: Bárður Halldórsson fasteignasali og Finnur Birgisson arkitekt.

Sár bróðurmissir

Þegar Halldór var í Háskóla Íslands barði ógæfan að dyrum hjá fjölskyldunni. Eldri bróðir hans, Árni, fórst í hörmulegu slysi sem er mörgum Ísfirðingum enn í minni. „Það er alltaf átakanlegt þegar ungt fólk, sem er rétt að byrja fullorðinsárin fer svona og skilur eftir sig lítil börn. Árni var nýlega orðinn þrítugur þegar hann dó og átti tvær ungar dætur. Mig minnir að þetta hafi verið í mars 1970. Hann var að ná í starfsfélaga sinn og konu hans á vélsleða í myrkri upp í Kinn á Breiðadalsheiði, en þau voru að koma frá Flateyri. Ég veit ekki nákvæmlega hvar slysið varð en það hefur sennilega gerst í brattri hlíð. Sleðinn var á ferð og fór að renna út á hlið þar til hann skall á gömlum snjóruðningi frá haustinu áður. Hjónin náðu að stökkva af sleðanum og komust af án tjóns en Árni hefur sennilega verið að reyna að bjarga sleðanum því þetta var dýrt tæki sem Hjálparsveit skáta á Ísafirði átti og var að ég held eini sleðinn sem til var á þessum tíma. Sleðinn skall á ruðningnum, hentist yfir hann og lenti ofan á Árna. Hann hélt fullri meðvitund, sendi annað þeirra hjóna til byggða eftir hjálp og var sendur suður með sjúkraflugi morguninn eftir.

Faðir minn hringdi í mig um morguninn, sagði mér hvað hefði gerst og bað mig að taka á móti honum og Öddu konu hans, þau væru á leiðinni. Ég náði út á völl rétt áður en vélin lenti en mig grunar að hann hafi ekki þolað flutninginn og látist um það bil sem flugvélin lenti. Hann var allavega úrskurðaður látinn þegar ég kom upp á Landakostsspítala rétt á eftir sjúkrabílnum. Bróðir minn var mikill efnispiltur, léttur, duglegur og samviskusamur og í mínum huga alveg einstakur maður. Hann var einn af eigendum Pólsins á Ísafirði þegar þetta var. Það voru sex ár á milli okkar bræðra og mér fannst, þegar þarna var komið, ég rétt farinn að kynnast honum sem einstaklingi en eins og allir þekkja þá eru sex ár mikill aldursmunur á milli systkina fyrsta ævifjórðunginn. Ég hafði lítið verið heima á Ísafirði frá því ég fór sem unglingur til Akureyrar, verið að vinna frá morgni til kvölds öll sumrin heima og svo í fótbolta nær hvert kvöld og í keppnisferðum um allt land um helgar. Sá tími hafði því ekki gefist að við bræður kynntumst almennilega sem fullorðnir menn og vinir og sá tími kom aldrei. Ég hef alltaf tregað bróður minn og oft hugsað um hvernig lífið hefði orðið öðruvísi hefði hann lifað."

Háseti og kokkur

Halldóri sóttist námið vel og síðasta veturinn í háskólanum hóf hann hlutastörf í bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Þar hófst langur ferill hans í íslenska bankakerfinu. „Ég átti ekki mikið eftir af náminu þegar ég byrjaði í Seðlabankanum. Ég held að ég hafi aldrei verið jafn skipulagður í störfum mínum og þennan vetur. Ég var kominn með fjölskyldu og þurfti að vinna vel, bæði í námi og starfi. Ég hef, minnugur þessa tíma, oft ráðlagt fólki að stunda hæfilega vinnu með námi vegna þess, að maður lærir að skipuleggja sig betur og ég held að vinnan hafi líka orðið til þess að ég tók námið eins og vinnuna og stóð mig vel og útskrifaðist með fyrstu einkunn."

Á háskólaárunum hafði Halldór fengið margvíslega reynslu af atvinnulífinu, bæði á Ísafirði og í Vestmannaeyjum. Frá sumrinu 1970 sótti hann sjóinn með þekktum aflamanni úr Eyjum, Gísla Sigmarssyni, tengdasyni Binna í Gröf. „Með okkur Gísla og Bobbu konu hans hefur haldist mikill vinskapur æ síðan", segir Halldór, sem fór fyrst á sjó sem háseti en gerðist síðar kokkur. „Ég hafði varla soðið vatn áður og leitaði því til tengdamóður minnar og skrif-

Magnús Elías Finnsson, ævilangur vinur og sessunautur Halldórs frá sex ára aldri í barnaskóla þar til þeir útskrifuðust sem viðskiptafræðingar úr HÍ. Magnús er sonur Finns Magnússonar sem rak Finnsbúð á Ísafirði.

aði uppskriftir samviskusamlega niður eftir henni. Við vorum sjö á bátnum og ég var á dekki líka en fékk til viðbótar kvarthlut fyrir að kokka. Það var þess virði að leggja það á sig. Þarna lærði ég að elda. Ég gat verið sæmilega stoltur af eldamennskunni því áhöfnin hafði fitnað þegar ég hætti um haustið. Þannig var, að kosturinn var gerður upp eftir vertíðina á haustin og dreginn af mannskapnum. Ef hann var of dýr urðu menn brjálaðir. Þetta fyrsta sumar sem kokkur var kosturinn ódýrastur hjá okkur á Elliðaeynni án þess að menn fyndu eitthvað fyrir því. Einar ríki átti helming í bátnum á móti Gísla en hann gerði jafnframt út marga aðra báta. Skrifstofa hans hélt því utan um þennan kostnaðarlið fyrir marga báta og þar sást samanburðurinn. Ég var ekkert að spara matinn við kallana. Hafði fisk í eitt mál og kjöt í hitt. En það mátti aldrei vera soðinn fiskur - menn vildu fá hann steiktan, saltaðan eða á einhvern annan hátt. Ég var vanur því að borða þverskorna ýsu eða saltfisk með mörfloti að heiman en það þýddi lítið að bera slíkt á borð fyrir kallana. Mér finnst þessi ísfirski matur enn vera herramannsmatur þó að núna noti ég mörflotið aðeins til hátíðabrigða. Steinunn segir að það sé einstaklega óhollt en þessu vandist ég í æsku og mér finnst það gott. Ég var líka á sjó með Gísla í fyrsta sumarfríinu mínu frá Seðlabankanum. Þá var ég hálfgerður stýrimaður þótt ég hefði ekki verið munstraður sem slíkur, enda réttindalaus. Stýrimaðurinn átti við sjúkdóm að stríða og var því ekki alltaf til staðar þegar á þurfti að halda en ég hafði í gegnum árin á sjónum reynt að læra sem mest ég gat. Ég hafði alltaf í huga, á meðan ég var í Háskólanum, að afla mér samtímis stýrimannsréttinda í Sjómannaskólanum en af því varð ekki. Ég hefði líklega aldrei getað lagt fyrir mig sjómennsku því ég varð alltaf drullusjóveikur ef brældi eitthvað. Ég þénaði hvergi jafnmikið í allri minni sumarvinnu og þessi fjögur sumur sem ég var á sjó í Eyjum.

Ég notaði frítíma minn vel um borð á toginu enda hef ég alltaf haft áhuga á að læra sem mest í hverri þeirri vinnu sem ég hef stundað. Ég nennti ekki að liggja í koju þennan tíma heldur fór upp í brú og fylgdist með og lærði af karlinum hvernig hann fór að, á hvaða dýpi hann var, hvernig hann togaði, hvar festur voru og allt sem þurfti að vera vakandi yfir. Ef ég var ekki upp í brú þá var ég aftur í hjá netamanninum og lét hann kenna mér úr kojunni að bæta trollið. Ég hengdi upp netbút fyrir framan kojuna hans, skar alls konar göt á hann og lét hann svo segja mér til hvernig ætti að skera og bæta. Á endanum, var ég farinn að toga fyrir karlinn og taka í kríulappir þegar trollið rifnaði.

Með Sigga Finnboga og Bjarna Gestssyni á grásleppu vorið 1994. Við áttum heima í sama húsi, vorum jafnaldrar og nánir vinir alla tíð.

Það gátu verið erfiðar festur á þessum miðum sérstaklega þegar karlinn var að fara yfir Portlandshrygginn á 3 mílunum. Hann var áreiðanlega einn sá fyrsti sem það gerði enda var hann þá búinn að hengja fullvaxna togarabobbinga neðan á draslið svo við héldum stundum að hann ætlaði að rífa allt ofan af bátpungnum þegar mest gekk á. En hann fékk líka oft kjaftfullt troll af fiski þarna svo trollið skaust upp úr sjónum eins og eldflaug þegar híft var. Það var lærdómsríkt og skemmilegt að vera til sjós með Gísla. Sérstaklega er mér minnisstætt hvað hann var gætinn. Þetta var 100 tonna trébátur og var trollið tekið inn á síðunni. Þessi einstaklega hægláti maður var síöskrandi á okkur alla daga úr brúarglugganum, einkum þó þegar veður var slæmt og báturinn lét illa í hífingu, flatur fyrir bárunni, og brýndi fyrir okkur að fara varlega. Þó að blakkir færu niður og keðjur slitnuðu og auðveldlega hefðu getað orðið slys gerðist slíkt aldrei. Karlinn var búinn að hengja á bátinn slíkar græjur að dugað hefðu vel fyrir miklu stærri bát ef ekki minni stærð af togara og því var ennþá meiri þörf fyrir að menn færu varlega enda hélt Gísli alltaf vöku sinni í þessum málum. Ég hef haldið vinskap við marga þessara manna sem voru í áhöfn Elliðaeyjar þessi sumur mín fyrir tæpum 40 árum."

Lærifeður í bankaviðskiptum

Halldór þekkti því ágætlega til í Vestmannaeyjum þegar hann var ráðinn þangað útibússtjóri í Útvegsbankann 28 ára gamall, þegar uppbyggingin var að hefjast eftir gosið. „Þetta vildi þannig til, að skömmu fyrir gosið hafði Ólafur Helgason útibússtjóri ákveðið að hætta og flytja til Reykjavíkur. Útibússtjórastaðan í Eyjum var þá ein af toppstöðum í bankakerfinu, enda útibúið eitt það umsvifamesta á landinu. Staðan var auglýst og ég var þá búinn að vera þrjú og hálft ár í Seðlabankanum. Í starfi mínu þar hafði ég fengið góða skólun í kringum banka- og sparisjóðarekstur. Ég hafði heimsótt og endurskoðað flesta ef ekki alla sparisjóði landsins, marga þeirra oft, en þeir voru þá á milli 50 og 60 talsins. Bankaeftirlitið framkvæmdi í raun alla innri og jafnvel yrtri endurskoðunarvinnu fyrir sparisjóði á þessum árum. Sveinn Jónsson, sem stýrði eftirlitinu þá, kenndi mér gríðarlega mikið og hjá honum öðlaðist ég víðtæka grundvallarþekkingu sem ég hef búið að síðan, en bankaeftirlitið og þá sérstaklega Sveinn sem einstaklingur kom að mörgu fleiru en bara eftirlitsstörfum innan Seðlabankans og naut ég þess við öflun þekkingar. Ólafur Helgason var mikill og slunginn bankamaður, uppalinn í Útvegsbanka Íslands og hafði með aldrinum líklega komið að öllum þeim sviðum sem bankarekstur náði yfir. Hann var mikill stærðfræðingur og beitti þeirri kunnáttu mjög fyrir sig í mörgum erfiðum úrlausnarmálum. Ég trúi því að á þessum árum hafi enginn sá bankamaður fyrirfundist hér sem hafði jafn mikla þekkingu og reynslu í þessu fagi og hann. Þessir tveir menn voru mestu lærifeður mínir í bankaviðskiptum, hvor á sínu sviði og þeir urðu nánir vinir mínir."

Útibússtjóri og sálusorgari

„Þegar ég kom til Eyja var þar allt svart í bókstaflegri merkingu. Búið var að moka mestu af vikrinum af götum en allir garðar og önnur svæði voru enn full af þessum óþverra. Fólk var ánægt með allt grænt sem óx upp úr þessum viðbjóði og þá var orðið illgresi ekki notað. Ef sást í plöntur, arfa, elftingar eða aðrar harðgerðar plöntur, þá vakti það gleði. Skólakrakkar höfðu það starf fyrstu sumrin að hreinsa Eyjuna, meira að segja Heimaklett, og fólk var önnum kafið við að hreinsa garða, reisa við og endurnýja girðingar, gróður og hús. Allt kostaði þetta djöfuldóm af peningum og þótt húseigendur fengju seint og um síðir einhverjar bætur frá Viðlagasjóði, þá varð því miður oft lítið úr þeim í þessum þjóðflutningum og ekki má gleyma verðbólgunni sem geisaði á þessum tíma. Ofan á þetta bættist svo að næstu ár á eftir gos komu aldrei almennilegar vertíðir. Hið eðlilega ástand var þannig í Eyjum, að það þurfti ekki nema góða vertíð til að allir færu að brosa og lífið kæmist á eðlilegt ról, en slík vertíð lét á sér standa öll þau sex ár sem ég var í bankanum. Fiskverkendur og útgerðarmenn gengu með veggjum að hausti en á miðri götu að vori ef vel áraði til sjávar.

Starf útibússtjóra Útvegsbankans í Eyjum var ekki bara bundið við peningamál. Eiginlega var ég hálfgerður sálusorgari líka. Allt bæjarlífið var í höndum bankans sem var sá eini í bænum en einnig var þarna lítill sparisjóður sem hvergi kom nálægt atvinnumálum á þessum árum. Peningamál eru mjög oft orsök skilnaða og annarra alvarlegra vandamála og á þessum árum sá fjöldi fólks ekki út úr augum fyrir skuldum. Það voru því alls konar félagsleg vandamál sem fylgdu peningavandræðunum og öll fóru peningamálin í gegnum bankann. Ég hef stundum líkt bæjarfélaginu á þessum tíma við blöðru með ákveðið rúmmál og ef maður kreisti hana á einum stað þá bólgnaði hún út jafn mikið á öðrum. Vestmannaeyjar á þessum tíma var mjög lokað þjóðfélag, peningalega séð. Menn og fyrirtæki fengu alls staðar skrifað og bankinn stjórnaði því hvenær menn fengu reikninga sína borgaða. Þeir ríkari urðu gjarnan að bíða lengur en hinir eftir að fá borgað. Um annað var oft ekki að ræða. Eftir fimm ár í þessu



Halldór og Steinunn á menntaskólaárunum á Akureyri.

starfi var ég farinn að gera það upp við mig að ég ætlaði ekki að vera mikið lengur. Starfið var þannig að ég varð að halda mig til hlés, gat ekki farið á ball eða sambærilegar skemmtanir án þess að menn vildu ræða um peningamál við mig svo betra var að halda sig heima. Ég var einfaldlega orðinn þreyttur á þessu basli sem ég sá engan endi á og ég hafði ekki áhuga á að halda mikið lengur áfram í svo niðurdrepandi starfi."

Barist um milljónerana

„Árið 1980 var ég í hálft ár úti í London hjá breskum og bandarískum bönkum, var m.a. hjá National Westminster Bank og Barclays, sem voru viðskiptabankar Útvegsbankans, en einnig hjá fleiri bönkum til að víkka sýn mína á bankastarfsemi. Þar fékk ég að skoða allt sem mér hugkvæmdist að biðja um og hafði löngun til að læra um. Ég skoðaði m.a. viðskiptastofur þessara banka, þar sem hlutabréfa-, gjaldeyris- og skuldabréfaviðskipti fóru fram, hvort heldur sem var fyrir eigin reikning bankanna eða reikning viðskiptamanna. Þetta var þá óþekkt fyrirbæri hér heima en er orðið þekkt nú á verðbréfaöld. Einnig skoðaði ég af miklum áhuga svokallaða einkabankaþjónustu, en hún var gjarnan rekin á „góðum stöðum" þar sem lítið bar á. Aðeins meðalstórt gljáfægt koparskilti á virðulegu húsi auglýsti bankann og þjónustuna, og þetta var gjarnan í eldri virðulegum fyrrum íbúðarhúsum. Þetta var svona vegna þess að þeir ríku, sem einir notuðu þessa þjónustu og áttu þangað erindi en tölvur voru ekki komnar til sögunnar á þessum árum, vildu ekki láta mikið fyrir sér fara og því var svona þjónusta sett upp í rólegum hverfum þar sem lítil umferð var og helst engin önnur starfsemi nálægt. Hafandi skoðað þetta komst ég að þeirri niðurstöðu að svona þjónusta ætti ekkert erindi til Íslands. Hér yrði seint eða aldrei grundvöllur fyrir henni.

Ekki reyndist ég spámaður í þessum efnum því nú berjast fjármálafyrirtækin einmitt harðast um hundruð þessara nýríku viðskiptavina, senda þá í heilum þotuförmum í lúxusferðir um allan heim, í laxveiðiferðir til Rússlands, villidýraveiðar til Póllands, fótboltaferðir til Englands og annarra Evrópulanda, og fylla svo heilu laxveiðiárnar hér heima af þeim svo vikum skiptir, en það eru víst bara þeir sem ekki eiga meira en 100 milljón krónur sem þangað er boðið. Eftir heimkomuna frá London sat ég síðan úti í Vestmannaeyjum það sem eftir lifði árs og fram á síðari hluta næsta vetrar og setti eftirmann minn, Vilhjálm Bjarnason, inn í starfið, en hann hafði leyst mig af á meðan ég var úti og var svo ráðinn útibússtjóri í minn stað. Ég hætti formlega í starfinu um áramótin 1980/1981 eftir sex ár. Þetta var finn upphafstími fyrir Vilhjálm í erfiðu starfi því þennan fyrsta vetur hans kom loks góð vertíð, 1981, sem breytti mörgu í bæjarfélaginu. Næsta vertíð varð einnig góð og Vilhjálmur varð líka farsæll og góður í starfi."

Blóðþrýstingurinn rauk upp

Þetta ár fékk Halldór stöðu aðstoðarmanns bankastjórnar Útvegsbankans. Þá voru bankastjórar bankans þeir Bjarni Guðbjörnsson, sem áður var lengi útibússtjóri bankans á Ísafirði, þingmaður Vestfirðinga fyrir Framsóknarflokk og síðar útibússtjóri í Kópavogi, Jónas Rafnar lögfræðingur, fyrrum þingmaður Sjálfstæðisflokks á Akureyri, og Ármann Jakobsson lögfræðingur, sem lengi hafði starfað í bankanum, m.a. á Siglufirði og Akureyri, en hann var talinn fulltrúi Alþýðubandalags. „Mitt helsta hlutverk var að fylgjast með útibúunum, aðstoða þau í erfiðum málum og gæta þess að allt færi fram samkvæmt lögum og reglum og vera tengiliður þeirra við bankastjórn þar sem þörf var á. Ég skildi vel stöðu þessara fyrrum kollega minna, vissi vel við hvaða erfiðleika þeir glímdu og ég held að ég hafi oft getað orðið þeim innan handar. Oft kom fyrir að ég þurfti að hjálpa þeim til að verja gjörðir sínar þegar þeir voru kallaðir suður á teppið hjá bankastjórninni og mikið gekk á. Það gerðist oft á þessum árum, að blóðþrýstingurinn rauk upp úr öllu valdi hjá mörgum því þá var önnur öld í peningamálum en við þekkjum nú. Einnig vann ég alls konar önnur verk sem þurfti að takast á við, m.a. að hjálpa viðskiptamönnum að kaupa skip frá útlöndum. Þá man ég eftir að hafa farið mína fyrstu og einu viðskiptaferð í einkaflugvél, ekki einkaþotu heldur tveggja hreyfla lítilli flugvél frá Helga Jónssyni og var ferðin farin til Færeyja til að semja við færeyska Sjóvinnubankann um kaup á loðnuskipinu Ísleifi VE frá Klakksvík. Á þessum árum þekktist vel að bankar sæju um nánast allt fyrir viðskiptavini sína án þess að taka nokkuð fyrir. Þetta þótti bara eðlileg þjónusta."

Árið 1982 var Halldóri boðið starf aðstoðarbankastjóra Alþýðubankans. „Þetta þýddi launahækkun og þótt ég væri ekkert á förum frá Útvegsbankanum þegar mér bauðst staðan hafði ég ekki efni á að hafna boðinu. Ég veit að bankastjórnin og þá sérstaklega Bjarni var ósátt við að missa mig. Um mitt ár 1983 hætti Bjarni í bankanum og fór á eftirlaun. Mér var boðið að taka við af honum. Þetta var embætti sem barist var um. Steingrímur Hermannsson var þá formaður Framsóknarflokks, en þannig var litið á að sá flokkur „ætti" þetta embætti. Bjarni þekkti mig frá barnæsku frá Ísafirði svo og af störfum mínum í útibúinu í Eyjum. Ég var ekki ókunnugur maður í bankanum. Ég held að Bjarni hafi upphaflega lagt að Steingrími og hvatt hann til að styðja mig í starfið og hafði skipulagt uppsögn sína með það í huga að ég fengi það. Ekki hafði ég hugmynd um þessa ráðagerð hans né vissi til að hann væri á förum úr bankanum og ekki ræddi hann málið við mig fyrir en á lokastigi þess, þegar hann hvatti mig til að sækjast eftir starfinu. Ég var þá í fínu starfi í Alþýðubankanum og líkaði vel samstarfið við Stefán Gunnarsson bankastjóra, en hann hafði fyrr á árum verið deildarstjóri minn í bankaeftirlitinu. Ég var síðan ráðinn einn af þremur bankastjórum Útvegsbankans, 36 ára gamall, og gegndi því starfi fram á árið 1987, þegar bankanum var breytt úr ríkisbanka í hlutafélag í kjölfar Hafskipsmálsins. Sú breyting var upphaf hlutafélagavæðingar ríkisbankanna."

Halldór á sjó á Elliðaeynni á miðunum kringum Vestmannaeyjar.

Gott samstarf í Útvegsbankanum

Halldór varð bankastjóri Útvegsbankans, fyrst í skamman tíma ásamt þeim Jónasi Rafnar og Ármanni Jakobssyni, en síðan með þeim Lárusi Jónssyni viðskiptafræðingi og fyrrum þingmanni Sjálfstæðisflokks á Norðurlandi eystra og Ólafi Helgasyni áður aðstoðarbankastjóra bankans og forvera í útibúinu í Eyjum. Þeir þrír lentu í fárviðri Hafskipsmálsins sem skók samfélagið á þessum árum. Bankastjórarnir voru ákærðir fyrir vanrækslu í starfi og fyrir að hafa ekki gætt hagsmuna bankans nægilega vel í sambandi við viðskiptin við Hafskip, en Útvegsbankinn var alla tíð aðalviðskiptabanki félagsins.

„Þetta mál lagðist þungt á okkur alla. Ég var kannski heppinn að vera ennþá ungur þarna en málið fór sérstaklega illa í félaga mína sem báðir voru eldri en ég svo nam vel á annan áratug. Ólafur afgreiddi þetta þannig, að hann hlustaði um tíma helst ekki á fréttir né las blöð og reyndi þannig að útiloka sig frá þessu. Hann gat ekki hugsað sér að hlusta á allt þetta kjaftæði í fjölmiðlum. Hann settist síðar á skólabekk í Háskóla Íslands og lærði meira í stærðfræði og fór svo að kenna það fag í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ sér til ánægju. Lárus varð óskaplega þungur yfir þessu og þetta var honum mjög erfitt lengi. Að lokum held ég að hann hafi að mestu losað sig við málið þegar hann skrifaði sig frá því 2005. Hann fór yfir hvert einasta skjal sem tengdist málinu, safnaði gögnum sem hann átti ekki og skrifaði svo skýrslu um Útvegsbankaþátt Hafskipsmálsins til þess að skrásetja staðreyndir frá okkar hálfu svo þær lægju fyrir þegar og ef sagnfræðingar fara síðar að garfa í málinu. Þá verða ekki til neinar getgátur því öll okkar hlið liggur fyrir þarna skrásett. Axel Kristjánsson aðstoðarbanka-

Hjónin við afhjúpun málverks af Halldóri í bankaráðsherbergi Landsbankans. Málverkið er eftir Baltasar Samper listmálara.

stjóri og aðallögfræðingur bankans var einnig ákærður með okkur og hefur þetta mál alla tíð setið þungt í honum. Undirliggjandi ástæður fyrir þessu máli og málaarekstri voru pólitískar. Ég hef oft spurt mig að því síðar hvort ég hafi ekki bara verið á röngum stað á röngum tíma?

Þessir tveir samstarfsmenn mínir, Ólafur og Lárus, voru alveg einstakir. Afskaplega alþýðlegir og hlýir menn, léttir og skapgóðir og það bar aldrei skugga á samstarf okkar þrátt fyrir að oft gengi mikið á. Auðvitað kom fyrir að menn hækkuðu um of róminn eða voru ekki nægilega nærgætnir, en það var þá fljótt lagað með samtölum og menn báðust afsökunar ef ástæða var til. Slíkt samstarf og algjört traust á milli okkar þriggja lagði grunninn að því að við stóðum saman í starfinu sem einn maður. Við áttum auðvelt með að ræða saman af hreinskilni um öll mál sem inn á borð okkar komu og þörfnuðust umræðu og þrátt fyrir mismunandi pólitískar skoðanir sem hefðu á stundum getað truflað störfin, þá get ég sannarlega sagt nú löngu síðar að aldrei kom neitt slíkt uppá. Við ræddum í upphafi saman um stöðu okkar og hvað gæti hugsanlega gerst, í hvaða stöðu við gætum lent vegna aðstæðna og sammæltumst um að ræða öll vandamálin í hreinskilni. Það gekk eftir. Betri einstaklinga í svona vandasömu starfi hefði ég ekki getað hugsað mér. Samanburðinn við hið gagnstæða reyndi ég svo síðar."

Sérstakur sýknudómur

„Ólafur var búinn að ákveða að hætta og fara á eftirlaun þegar bankanum yrði breytt í hlutafélag. Matthías Bjarnason var viðskiptaráðherra á þessum tíma og hann hafði ákveðið að ráða okkur Lárus sem bankastjóra hlutafélagsbankans. Tveimur dögum fyrir stofnfund hans vorum við ákærðir fyrir meintan þátt okkar í Hafskipsmálinu. Við, sem og fleiri menn sem skoðað hafa þetta Hafskipsmál, erum sannfærðir um að þessi tímasetning ákærunnar var engin tilviljun. Við vorum einfaldlega ákærðir til þess að koma okkur út úr bankanum. Ákveðin öfl höfðu barist fyrir uppstokkun bankakerfisins í áratugi án árangurs og þessi öfl vildu okkur burtu. Þau töldu að við gætum eyðilagt þá möguleika sem þau sáu myndast þarna í þessum málum. Matthías gat auðvitað ekki ráðið okkur, ákærða mennina. Það féll ekki dómur í málinu fyrr en um mitt ár 1990, rúmum þremur árum síðar, og þá vorum við sýknaðir og hreinsaðir af öllum óþverranum. Dómararnir þrír sögðu einfaldlega á mannamáli: Það á ekki að ákæra menn fyrir að standa í björgunarstörfum. Við sýndum fram á það fyrir dómi að við höfðum nær ekkert lánað félaginu heldur höfðu lánin bólgnað út vegna verðbólgu og gengislækkunar krónunnar, en mest af lánunum til félagsins voru í erlendri mynt. Þetta þóttust rannsóknarmenn ekki hafa skilið og því fór sem fór.

Þessi dómur er í raun mjög sérstakur í réttarkerfinu því hann var ekki bara sýknudómur heldur settu dómararnir hressilega ofan í við saksóknarann fyrir að ákæra okkur. Við félagarnir vorum alla tíð fullvissir um að við yrðum sýknaðir. Það var aldrei neitt mál til en samt var erfitt að hafa þetta hangandi yfir sér. Tilgangurinn með ákærunni var aðeins sá að koma okkur út úr bankanum svo hægt yrði að sameina hann síðar Landsbanka og Búnaðarbanka og fækka þannig bönkum í ríkiseigu um einn. Það myndi svo aftur hafa áhrif á fækkun einkabankanna sem voru fjórir á þessum tíma. Hvers vegna við hefðum átt að standa í vegi fyrir uppstokkun bankakerfisins umfram aðra stjórnendur bankanna á þessum tíma hef ég aldrei skilið. Sjálfur var ég alltaf talsmaður uppstokkunar og fækkunar banka."

Átök innan Sjálfstæðisflokksins

Halldór segir að Hafskip hafi í raun verið komið að fótum fram vegna þeirrar hörðu samkeppni sem fyrirtækið átti alltaf í við Eimskipafélagið. „Fyrirtækið var komið í greiðsluþrot, - það gat ekki staðið við greiðslur sínar. Við reyndum að hjálpa eigendum þess til að selja það í fullum rekstri og hefði það gengið eftir hefðu þeir borgað allar sínar skuldir. Það var alþingismannaliðið, sem hæst buldi í, sem gerði allt vitlaust og óviðráðanlegt. Gjaldþrotið var sérstakt að því leyti, að það hefur sjaldan eða aldrei greiðst jafn mikið upp í kröfur, alla vega í svo stóru gjaldþrotamáli. Allar forgangskröfur greiddust og að mig minnir um 60% af almennum kröfum.

Málið er enn ofarlega í minni allra sem að því komu. Fjölmiðlafárið var gríðarlegt og hafði víðtækar afleiðingar. Sjálfstæðisflokkur klofnaði og Albert Guðmundsson stofnaði Borgaraflokkinn. Það voru margir sem vildu gera Albert brottrækan úr flokknum. Hann þótti of vinsæll. Í raun var Sjálfstæðisflokkurinn klofinn í tvær ólíkar fylkingar áður en þetta gerðist. Það var flokkseigendafélagið, með Eimskipafélagsmenn í broddi fylkingar, og svo Hafskipsmenn, með þá Ragnar Kjartansson og Björgólf Guðmundsson í forystu, ungu athafnamennina sem voru eins konar spútnikkar í flokknum. Þessir menn voru af annarri kynslóð en þeir í flokkseigendafélaginu og það fylgdi þeim stór hópur úr viðskiptalífinu sem ekki þoldi einokun Eimskipafélagsins.

BANKARÁÐ LANDSBANKA
Efri röð: Brynjólfur Helgason aðstoðarbankastjóri, Stefán Pétursson aðstoðarbankastjóri, Barði Árnason aðstoðarbankastjóri, Sverrir Hermannsson bankastjóri, Björgvin Vilmundarson, bankastjóri, Halldór Guðbjarnason bankastjóri, Björn Líndal aðstoðarbankastjóri, Pétur aðstoðarbankastjóri, Jóhann Ágústsson, aðstoðarbankastjóri. Neðri röð: Helgi S. Guðmundsson, bankaráðsmaður, Anna Margrét Guðmundsdóttir, bankaráðskona, Kjartan Gunnarsson, bankaráðsformaður, Jóhann Ársælsson bankaráðsmaður og Hallsteinn Friðþjófsson bankaráðsmaður.

Það vantaði ekki að þetta voru allt Sjálfstæðismenn en þarna mættust tvær fylkingar og stálin stinn. Hafskip var í upphafi stofnað af Sjálfstæðismönnum víða um land. Reksturinn gekk illa og félagið lenti a.m.k. tvisvar í miklum erfiðleikum. Nýir hluthafar höfðu komið að félaginu í gegnum tíðina og nýir framkvæmdastjórar. Mig minnir að Björgólfur, Ragnar og félagar þeirra hafi verið þriðji hópurinn sem glímdi við rekstur þess. Þeir ákváðu að fara í harða samkeppni við Eimskip og skipadeild SÍS. Aðallega glefsuðu þeir þó í Eimskip en þar á bæ þoldu menn þá ekki og gerðu allt sem þeir gátu til að drepa þá af sér, enda er það gjarnan svo með suma að þeir tala fjálglega fyrir frjálsri samkeppni þangað til þeir lenda í henni sjálfir. Þá vilja þeir koma henni fyrir kattarnef. Þetta þekkjum við enn þann dag í dag."

Hafskipsmálið erfið reynsla

Halldór dregur ekki fjöður yfir það að Hafskipsmálið var honum og öðrum sem í því lentu erfið reynsla. Eftir að hann lauk störfum fyrir Útvegsbankann vann hann í tvö ár fyrir Sambandið við að skoða og síðar að stofna og koma af stað kreditkortafyrirtæki. Það hlaut nafnið Samkort hf. en því miður var ráðist í þetta verkefni nokkrum árum of seint og einnig var staða Sambandsins á þessum árum orðin erfið og grunnurinn því ekki eins traustur og þörf var fyrir. Fyrirtækið var nokkrum árum síðar selt Kreditkorti hf. en um haustið 1989 hélt Halldór til Boston í Bandaríkjunum til MBA-náms, bæði til að afla sér aukinnar menntunar en líka til að safna kröftum, losa sig við Hafskipsmálið og búa sig undir nýja tíma. Hann fékk svo almennilega uppreisn æru þegar hann var skipaður einn af þremur bankastjórum Landsbankans 1. janúar 1991. Þar starfaði hann þar til hann sagði af sér annan í páskum 1998 vegna erfiðra mála sem snerust um risnu og kostnað vegna veiðiferða bankans í Hrútafjarðará. Í ljós kom, þegar Ríkisendurskoðun hafði farið yfir málið og skilað af sér skýrslu um það, að engar athugasemdir voru gerðar við stjórnunarstörf Halldórs í þessum málum og það sérstaklega tekið fram í skýrslunni. Hann var því með öllu flekklaus. Um Landsbankamálið segir Halldór: „Þetta mál snerist allt um Sverri Hermannsson. Það hófst fyrir verknað hans og því lauk vegna aðgerða hans. Bæði málin, Útvegsbankamálið og Landsbankamálið, voru mál af pólitískum toga. Andstæðingar þurftu að koma höggi hver á annan."

Ólíkindatólið Sverrir

Halldór segist hafa gert það sem í hans valdi stóð, nokkrum árum áður en uppþotið varð, til að bankinn lenti ekki í þessum hremmingum. Hann segir Sverri geta sjálfum sér um kennt hvernig fór. „Sverrir er tvær persónur", segir Halldór þegar hann er spurður um hvernig hafi verið að vinna með honum. „Hann gat verið hinn ágætasti, bæði léttur og þægilegur, en hann gat líka verið eins og snúið roð í hundskjaft. Í raun var hann ólíkindatól, stundum góður í samvinnu en stundum yfirgangssamur og anaði áfram. Hann gat verið skemmtilegur en maður mátti ekki hlusta of mikið á hann því hann var fljótt farinn að endurtaka sig. Ég kunni orðið flestar sögurnar hans. Ég hló mikið þegar ég las fyrstu greinarnar hans um Landsbankamálið. Þá skaut hann stundum sex til sjö manns niður í sama skítkastinu. Þegar hann skrifaði fyrstu greinina um málið vissi hann bersýnilega ekkert hvaðan á hann stóð veðrið því hann kastaði skít í allar áttir og sakaði mögulega og ómögulega menn um samsæri. Hann var ótrúlega lengi að gera sér grein fyrir málinu. Ég sagði af mér störfum fyrstur og kollegar mínir á eftir. Eitthvað vildi Kjartan Gunnarsson hafa þetta öðruvísi og breytti sögunni á þann veg að það hafi verið Björgvin sem það gerði, en hann lá þá rúmfastur, alvarlega veikur á spítala, og þessa skýringu hefur svo Sverrir tekið upp eftir honum síðan. Það er með þetta eins og svo margt annað, að hjá sumum skiptir engu að fylgja ekki sannleikanum. Tilgangurinn helgar þar meðalið.

Alla tíð hefur Sverrir haldið því fram og staglast á því ennþá, að ég hafi komið að þessu máli með Finni Ingólfssyni. Allar þessar fullyrðingar hans um mig eiga við engin rök að styðjast og eru hrein ósannindi. Ef einhver okkar þriggja bankastjóranna þurfti að líða fyrir þetta mál, þá var það ég fremur en hann eða Björgvin. Þeir voru báðir komnir á eftirlaunaaldur og Björgvin hafði lýst því yfir að hann myndi hætta um áramótin 1997-98, þegar bankinn varð hlutafélag. Hann hafði áður náð fullum eftirlaunaréttindum. Af ástæðu sem ég þekki en ætla ekki að greina frá hér, þá sat hann samt áfram. Sverrir var rétt tæplega 68 ára gamall og gat farið á eftirlaun en ég rúmlega 51 árs og átti mörg ár í það að geta hætt. Þar sem bankastjórnin var sameiginlega á herðum okkar allra og báðir kollegar mínir sakaðir um mjög alvarlega hluti í skýrslu Ríkisendurskoðunar, kröfðust viðkomandi forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar að við segðum allir af okkur. Við lá að Finnur missti höfuðið sjálfur í þessu máli og yrði að segja af sér sem ráðherra og sannarlega skaðaði þetta mál hann sem stjórnmálamann og má vera að það hafi verið dropinn sem fyllti mælinn þegar hann síðar tók þá ákvörðun að hætta í stjórnmálum."

Skandallinn kom mér ekki við

„Eftir að Sverrir hafði líklega í þrígang lýst því yfir í greinum sínum að nú vissi hann hvernig allt Landsbankamálið hefði verið í pottinn búið, þá áttaði hann sig loks á að bæði Davíð og Kjartan voru með í því að koma honum út. Sverrir var alltaf vanur sjálfur að snýta mönnum og hafa undirtökin en þarna kom upp staða þar sem hann lenti í hinu hlutverkinu og hans eigin verk notuð gegn honum. Davíð var búinn að fá nóg af honum svo og Finnur og Halldór Ásgrímsson. Þeir stóðu á bak við þetta, það hlýtur að vera augljóst. Öðruvísi gat þetta ekki gerst.

Bankastjórnina skipuðu þrír menn og meirihlutinn réði. Í mörgum málum reyndi ég að ná fram breytingum í bankanum en tókst ekki og þar á meðal reyndi ég snemma í starfi mínu að loka á þessi veiðileyfaviðskipti Sverris

sem síðar urðu upphaf Landsbankamálsin en án árangurs. Sverrir hefur ranglega haldið því fram að ég hafi ekki reynt að breyta neinu í bankanum. Það reyndi ég svo sannarlega oft, því ekki veitti af, en lítinn eða engan stuðning fékk ég hjá þeim kollegum mínum til þess. Þessi mál ræddi ég líka ítarlega við þáverandi bankaráðsformann, áreiðanlega oftar en einu sinni, en það bar engan árangur. Það má þó segja Sverri til hróss að hann fann oft nauðsyn þess að breyta, enda maður sem vill vera í ani, en því miður stóð hann ekki með mér í tillögum mínum þar um þótt hann kunni síðar að hafa séð eftir því.“

Forsaga Landsbankamálsins

Halldór segir að forsögu Landsbankamálsins megi rekja til þess að Jóhanna Sigurðardóttir hafði beðið um það á Alþingi að fá upplýsingar um laxveiðikostnað ríkisbankanna. „Þetta var nánast hefðbundin fyrirspurn frá Jóhönnu nema þau ár þegar hún var ráðherra. Þá kom engin slík“, segir Halldór og kímir. „Fyrirspurnin kom fram á haustþingi 1997 en um áramótin varð Landsbankinn hlutafélag. Fyrirspurninni var ekki svarað fyrr en um það leyti sem þing kom saman á ný 1998. Samkvæmt reglum um verkaskiptingu bankastjórnar sem bankaráð hlutafélagsins hafði sett, þá var það verk Björgvins að svara til ráðuneytisins, en fyrst í stað tók þó Sverrir málið til sín og bjó til fyrsta svarið, örfáar línur. Ég held að hann hafi viljað fá málið til sín vegna þess að hann hélt því fram að Jóhanna væri á eftir sér með þessari fyrirspurn. Auðvitað var þetta ekkert svar við því sem spurt var um en í sjálfu sér í lagi að senda það. Það var að sjálfsögðu ekki tekið til greina og ítrekað að við svöruðum því nákvæmlega sem spurt var um. Þá vildi Sverrir svara næst með bréfi sem var tóm vitleysa. Þegar hér var komið sögu var margbúið að hringja í mig úr viðskiptaráðuneytinu og biðja mig um að sjá um að þeim bærist almennilegt svar. Ég neitaði því jafnan og sagði málið ekki í mínum verkahring, það væri á borði Björgvins og þeir skyldu ræða málið við hann. Í þessum samtölum kom fram að bæði Búnaðarbanki og Seðlabanki væru búnir að svara og það látið fylgja með að við yrðum að fara að klára málið, að öðrum kosti yrði Ríkisendurskoðun send inn í bankann til að ná í upplýsingarnar. Ég skrifaði þá á svarbréf númer tvö sem Sverrir hafði látið útbúa og sent inn til mín og sagði hvernig komið væri málum og að við yrðum að fara að svara fyrirspurninni efnislega. Ég skrifaði líka þarna hverju væri hótað og að ekki yrði það okkur til vegsauka ef Ríkisendurskoðun yrði send á okkur. Með þessu eyðilagði ég að sjálfsögðu svarbréfið. Sverrir sendi mér það svo aftur og hafði þá bætt við skrif mín að ef það ætti að gerast, þ.e. svara efnislega, þá kæmi hann ekki nálægt málinu. Að lokum neyddist Björgvin til að svara bréfinu.

Þegar þarna var komið málum var Alþingi að koma saman og það lá orðið á svarinu. Hefð var fyrir því, líklega gamall kanselístíll, að tveir skrifuðu alltaf undir bréf frá bankastjórn, jafnvel þótt þarna væri bankinn ekki lengur ríkisbanki heldur venjulegt hlutafélag. Þar gat verið um að ræða tvo bankastjóra eða bankastjóra og aðstoðarbankastjóra, allt eftir því í hverja náðist hverju sinni. Þarna var ekki ennþá búið að laga framkvæmdavenjur bankans að hlutafélagsbreytingunni sem var rétt afstaðin. Ég undirritaði svo svarbréfið með Björgvini en hafði hvergi komið að því að vinna innihald þess. Þegar svarið var loks birt á Alþingi hófust ógurleg læti þar út af Hrútafjarðará og Sverri.

Þegar djöfulgangurinn á Alþingi og í fjölmiðlum náði hámarki endaði þetta með því að Sverrir óskaði eftir því skriflega við Ríkisendurskoðun, og sendi út um þetta formlega tilkynningu til fjölmiðla, að hún framkvæmdi rannsókn á því hvort Landsbankinn væri að kaupa laxveiðileyfi með öðrum hætti en gert hefði verið í gegnum árin. Hann ræddi þessa beiðni sína ekki einu orði við okkur Björgvin, að biðja um opinbera rannsókn á bankanum, heldur tilkynnti okkur þetta þar sem við sátum á fundi með þeim Helga S. Guðmundssyni, sem þá var orðinn bankaráðsformaður, og Kjartani Gunnarssyni. Mikið gekk á milli þeirra Helga, mikil háreysti og þung orð látin falla, en þegar Sverrir tilkynnir okkur skyndilega framangreinda gjörð um leið og hann rýkur út úr herberginu með miklum hurðaskelli, setti okkur hljóða. Eftir nokkra þögn, á meðan við áttuðum okkur á hvað hann hafði sagt, stóð Björgvin upp og gekk yfir á skrifstofu hans en kom að vörmu spori aftur og sagði, að bréfið og fréttatilkynningin væru farin úr bankanum og hér yrði ekki aftur snúið. Í ljós kom síðar að Sverrir hafði verið að flýta sér við þetta á milli kl. 9 og 10 um morguninn en framangreindur fundur okkar hófst kl. 10. Þarna hófst síðari hluti þessa Landsbankamáls sem lauk svo með afsögn okkar allra annan dag páska.“

Aðförin hefst

„Við þetta er að bæta, að þegar Ríkisendurskoðandi síðar samþykkti að verða við beiðni Sverris, þá skrifuðu Helgi og Kjartan honum og sögðu, að úr því að hann væri á annað borð að fara í þetta verk, þá óskuðu þeir eftir að hann skoðaði í leiðinni risnukostnað og ferðakostnað bankastjórnar. Ekki er erfitt að skilja hvers vegna þeir báðu um þetta. Þarna hófst aðförin. Þegar svo Ríkisendurskoðun skoðaði laxveiðikostnaðinn nánar kom í ljós, að Björgvin hafði aldeilis ekki svarað öllu til um hann. Bankinn átti m.a. nokkur skúffufyrirtæki sem tengdust yfirtöku hans á búi Sambandsins. Þar á meðal voru Reginn hf., Rekstrarfélagið hf. og Hömlur hf. Í ljós kom að sá sem við höfðum sett til að gæta þessara eigna, Jakob Bjarnason, maður sem ég taldi að hægt væri að treysta, hafði brugðist því þegar í ljós kom að hann hafði látið öll fyrirtækin kaupa veiðileyfi í Hrútafjarðará og því miður kom þarna fleira í ljós. Þegar þessar upplýsingar birtust í skýrslu Ríkisendurskoðunar var það í fyrsta sinn sem ég heyrði að þessi félög hefðu keypt veiðileyfi. Til hvers? Ég hélt að það hefði nægt sem bankinn sjálfur keypti. Það að notast við þessi félög í sambandi við lokun á Sambandsmálinu en hafa þær eignir ekki með beinum hætti inn í bókhaldi bankans, var gert í hagræðingarskyni. Þess vegna kallaði ég þetta skúffufyrirtæki og við bankastjórarnir þrír sátum í stjórnum þeirra. Þar sem Sverrir hafði með verkstjórn okkar að gera í Sambandsmálinu var eðlilegt að hann væri gerður stjórnarformaður þeirra en í reynd var hér aðeins um formsatriði að ræða. Til hvers þau keyptu laxveiðileyfi er mér ennþá hulin ráðgáta. Ég hafði ekki einu sinni geð í mér til að spyrja að því þann stutta tíma sem ég átti eftir að sitja þarna því mér ofbauð svo þessi háttsemi, en víst er að framkvæmdastjóranum treysti ég ekki framar fyrir barni yfir læk. Hins vegar var Sverrir að vonum afskaplega ánægður með hann og hrósaði honum mikið. Var það nema von?“

„Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru í þessu Landsbankamáli“, segir Halldór, „en vonandi kemst það síðar á prent svo öll sagan liggi opinberlega fyrir. Verra verður að láta sagnfræðinga síðar fylla í eyðurnar vegna ónógra upplýsinga eða láta óvandaða menn búa til rangar skýringar. Við það má ekki búa. Ég var af annarri kynslóð en kollegar mínir og sá rekstur og framtíð bankans í öðru ljósi en þeir. Þetta varð mér ljóst síðar þegar reyndi á og nauðsynlegt var að gera margs konar breytingar á bankanum sem því miður gengu ekki. Ég hafði ekki afl einn til að koma þeim á og þótt ég vissi að Sverrir vildi oft breyta, þá var eitthvað sem stöðvaði hann. En svona var þetta og hvorki kom frumkvæði né stuðningur frá bankaráði þótt þar á bæ væru menn sem væru vel upplýstir um allt sem fram fór innan bankans.“

Halldór og Sverrir hafa nýlega verið að skattyrðast í greinum í Morgunblaðinu um þessi mál. Það hófst með því að Sverrir rakti málið frá sínu sjónarhorni í þættinum Mannamáli á Stöð 2, en um þann málflutning skrifaði Halldór greinina Lygimál í Mannamáli í Morgunblaðið. Við Halldór hittumst aftur rétt eftir að sú grein birtist í Moggann. Ég spyr hann út í greinina. Halldór hlær við og segir. „Nú fer Sverrir í stakkinn sinn og klofbuxurnar áður en hann sest niður og svarar. en vera má að nú hitti skrattinn ömmu sína. Ég er hættur að vinna og hef því engra hagsmuna lengur að gæta og er fyllilega tilbúinn til að ræða þetta 10 ára gamla mál.“

Það stóð heima, að svargrein Sverris birtist nokkrum dögum síðar, þar sem hann sagði m.a. að Halldór hafi ætlað sér að losna við kollega sína og sitja einn eftir í bankanum. „Hann trúir þessum tilbúningi sínum ennþá. Til að hafa það á hreinu þá kom ég hvergi að málinu, eins og Sverrir hefur haldið fram. Laugardag fyrir páska var ég beðinn um að hitta ráðherra uppi í ráðuneyti um miðjan dag án þess að mér væri sagt hvað þar ætti að ræða. Það kom því sem köld vatnsgusa framan í mig þegar mér var tilkynnt staða málsins og hvað var að gerast. Annan dag páska sagði ég svo af mér. Hvernig ég orðaði uppsögn mína á ekkert skylt við það sem Sverrir hefur túlkað, að Framsóknarflokkurinn hefði lofað mér einum bankastjórastöðunni eftir að búið væri að koma honum og Björgvini út. Ekkert slíkt var til umræðu og hér er um tóma vitleysu að ræða hjá Sverri. Lengst af ætlaði ég ekki að segja af mér, enda kom mér þessi skandall ekkert við eins og ég tók fram í afsagnarbréfi mínu. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar var tekið fram, að engar athugasemdir væru gerðar við störf mín. Ástæða þessa var einföld. Ég notaði risnuheimildir mínar með öðrum hætti enn kollegar mínir. Þetta hefur Sverrir alltaf vitað en ekki getað sætt sig við. Ég var sá sem verst fór út úr þessu máli sem Sverrir stofnaði til og bar einn ábyrgð á og ef einhver hefur efni á því að vera fúll út í einhvern þá er það ég. Hins vegar er mér alveg sama um Sverri, hef ekki talað við hann eitt orð síðan um páska 1998 og hef séð þessi ár hvern mann hann hefur að geyma.“

Pólitísk afskiptasemi

Halldór sat í krafti Framsóknarflokksins sem bankastjóri Útvegsbankans og síðar Landsbankans. Því er ekki úr vegi að spyrja hann um það að hve miklu leyti stjórnmál mótuðu stefnu bankanna á meðan þeir voru enn í eigu ríkisins.

„Ég þekki auðvitað mörg dæmi þess að menn reyndu að hafa pólitísk áhrif á störf mín. Það kom fyrir að þingmenn reyndu að ýta á um fyrirgreiðslu til atvinnufyrirtækja í sínum kjördæmum og þá ekkert síður aðrir þingmenn en míns flokks. Hins vegar var samstarf bankastjóranna í Landsbankanum ólíkt því sem var í Útvegsbankanum. Ég hef lýst því hve náið menn unnu saman í þeim síðarnefnda en því var ekki að heilsa í Landsbanka. Hann var miklu pólitískari banki en Útvegsbankinn. Árið 1991, þegar ég byrjaði í Landsbanka, kom ég beint frá námi í Bandaríkjunum. Ég hafði bersýnilega oft allt aðra sýn á framtíðina en kollegar mínir. 21. öldin var í augsýn og nauðsynlegt var að taka víða til í bankanum til að fylgja tímanum. Mér var ljóst að það gerðist best með því að fá inn nýtt og öðruvísi fólk. Það gekk hins vegar ekki sem og margt annað og ástæða þess var fyrst og fremst pólitískir hagsmunir. Björgvin var fastur í gamla tímanum og þrátt fyrir að Sverrir væri meira fyrir breytingar en hann þá var eitthvað sem kom í veg fyrir að hann vildi nokkuð hreyfa sig. Því var ljóst að það þýddi ekkert að reyna við meiriháttar breytingar á meðan við vorum þarna þrír. Ég tel að aðal ástæðan fyrir þessari íhaldssemi hafi verið pólitík, það að gæta að völdunum. Þegar bankinn varð hlutafélag breyttist staða hans gagnvart Alþingi og allt varð líka auðveldara í framkvæmd með aðeins einn stjórnanda sem síðar varð. Þegar svo ríkið losaði sig við hlutafjáreign sína í bankanum kom í ljós að frá þeim tíma hefur hann gert það sem mönnum þar á bæ sýnist. Ef grannt er að gáð hefur þó ekkert annað breyst en eignarhald hans. Hann er í harðri samkeppni við önnur fjármálafyrirtæki eins og áður og eyðir í þeim tilgangi sem aldrei fyrr. Nú er engin Jóhanna til að heimta upplýsingar um laxveiðimál né Helgi

BANKARÁÐ OG BANKASTJÓRN ÚTVEGSBANKA ÍSLANDS
Efri röð: Reynir Jónasson, aðstoðarbankastjóri, Ólafur Helgason, bankastjóri, Lárus Jónsson, bankastjóri og Halldór Guðbjarnason bankastjóri, Axel Kristjánsson aðstoðarbankastjóri. Neðri röð: Kristmann Karlsson bankaráðsmaður, Jóhann Einvarðsson bankaráðsmaður, Valdimar Indriðason, formaður bankaráðs, Þór Guðmundsson bankaráðsmaður og Garðar Sigurðsson bankaráðsmaður.

og Kjartan til að biðja um opinbera athugun á ferðakostnaði og risnu bankastjórnar enda eins gott. Ef þær upplýsingar yrðu lagðar á borðið fyrir þjóðina í dag færi hún líklega endanlega yfir um miðað við þau læti sem urðu út af þessu árið 1998."

Gjaldþrot EG

Eitt er það mál sem Halldór kom að sem bankastjóri Landsbankans og snerti líf fólks á Norðanverðum Vestfjörðum áþreifanlega. Þetta var gjaldþrot Einars Guðfinnssonar hf. í Bolungarvík. „Ég hef stundum heyrt að það hafi verið ég sem setti Einar Guðfinnsson hf. á hausinn en ekki þeir sem stjórnuðu og réðu fyrirtækinu! Tilteknir menn hafa líka látið eins og ég hafi haft öll völd innan bankans, að hvorki Björgvin né Sverrir hafi þar nokkru um ráðið, eins og í þessu tiltekna máli og auðvitað hef ég heyrt ýmsar sögur sem hafðar eru eftir þeim kollegum mínum í málinu. Menn liggja ekkert á þeim.

Góður Bolvíkingur sagði mér að Sverrir hefði opinberlega sagt, þegar hann var þar á ferð með Pétri Sigurðssyni fv. bankaráðsformanni í Bolungarvík, að það mætti mikið ganga á áður en EG færi undir hamarinn og slíkt gerðist ekki á meðan hann væri í bankanum. Sé þetta rétt, sem ég hef enga ástæðu til að rengja, skil ég ekki hvernig hægt er að gefa svona yfirlýsingu. Líklega var það árið 1989 sem EG fór í gegnum mikla fjárhagslega endurskipulagningu vegna þess hve illa var komið fyrir því. Hlutafé var aukið mikið, lán félagsins lengd og stjórn þess breytt. Þegar fyrirtækið varð gjaldþrota fáeinum árum síðar var áður búið að skoða fram og til baka allar hugsanlegar leiðir í þeim tilgangi að bjarga því. Niðurstaðan var auðvitað sú að EG þyrfti ekki meira lánsfé heldur nýtt hlutafé og niðurskurð á kostnaði svo hægt væri að reka það án taps. Allt hlutaféð sem sett hafi verið inn í það 1989 var búið og gott betur og enginn rekstrargrundvöllur. Enginn var tilbúinn til að leggja fram meira hlutafé og bankinn vildi ekki hætta meiru af sínu fé enda nóg komið. Hann varð að hugsa um sína hagsmuni og nóg tapaði hann á málinu."

Þegar Halldór er spurður að því hvort ekki hefði verið með nokkru móti hægt að bjarga fyrirtækinu á þessum tíma segir hann: „Við hefðum líklega getað gert eitt sem við gerðum síðar hjá Borgey hf. á Hornafirði og var svo notað víðar. Það var að yfirtaka félagið. Við hefðum svo reynt að hagræða í rekstrinum og reka það þar til nýir kaupendur finndust. Þetta var hins vegar ekki leið sem þá tíðkaðist, en einhvern tíman er allt fyrst og það hefði alveg eins geta orðið þarna ef okkur hefði hugkvæmst það. Eftir gjaldþrot EG var ég reynslunni ríkari. Þegar við síðar beittum þessari aðferð á Hornafirði man ég vel að ég þurfti að berjast fyrir henni innanhúss og ég hafði mitt fram og niðurstaðan fyrir bankann þar varð sú honum tókst að verja eigur sínar og staðurinn fór vel út úr þessu. Ég sé eftir því að okkur skyldi ekki hugkvæmast að fara þessa leið í Bolungarvík. Með því hefðum við væntanlega bjargað hagsmunum bankans svo og hefði það áreiðanlega haft góð áhrif fyrir staðinn. En það er gott að vera vitur eftir á og í dag leyfist fjármálafyrirtækjum allur fjandinn sem okkur var ekki leyft á sínum tíma.

Á þessum árum voru svona aðgerðir nýjar af nálinni og við máttum þetta ekki nema með sérstöku leyfi Seðlabanka og það var bara ekkert auðfengið, man ég. Hefðum við beitt þessari aðferð í EG málinu hefði það orðið í fyrsta sinn sem það var gert en því miður létum við okkur ekki detta það í hug. Einar Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra, hefur nokkrum sinnum rætt þetta mál í fjölmiðlum og þá gjarnan fjallað um það út frá því sem síðar varð. Hvorki hann né við gátum séð fyrir okkur það sem síðar gerðist með framsal aflaheimilda eða hækkun hlutabréfa í einstökum félögum. Staðan, þegar gjaldþrotið varð, var sú sem ég rakti. Ég skil sumpart sárindi Einars en hlutverk okkar bankastjóranna var fyrst og fremst að gæta hagsmuna bankans. Einar var eini stjórnarþingmaðurinn sem síðar skammaðist út í okkur bankastjórana í Þinginu í Landsbankamálinu og honum var svo mikið niðri fyrir að hann varð að fá ræðuna birta í DV daginn eftir. Ekki var erfitt að sjá samhengið þarna á milli og mig minnir að einhver staðar hafi hann því fengið gusu frá Sverri. En ég hef í hyggju að skrifa um málið síðar í vetur og þar kann ýmislegt að stangast á við það sem haldið hefur verið fram í skrifum um málið."

Lentur í snákabúri

Halldór lauk ferli sínum í bankakerfinu sem forstjóri VISA Íslands en þar hóf hann störf í október 1999. „Ég var forstjóri VISA í sjö ár. Ég gat farið á eftirlaun í október á síðasta ári og hafði lofað Steinunni að ég skyldi hætta störfum snemma. En ég ætlaði mér þó ekki að hætta fyrr en ári síðar en varð eða í október á þessu ári. Hreiðar Már Sigurðsson bankastjóri Kaupþings gerði áðurnefndan Jakob Bjarnason, sem þangað var kominn, að stjórnarformanni VISA í febrúar 2006, þegar það kom í hlut þess banka að ráða því embætti. Þegar hann var orðinn stjórnarformaður félagsins, maður sem ég treysti ekki fyrir barni yfir læk, vissi ég að ég var lentur í snákabúri. Ég hafði allt árið 2005 barist fyrir því innan stjórnar fyrirtækisins að félaginu yrði mörkuð ný stefna sem gæfi því

eðlilegt rými til að þróast. Því miður fyrir félagið gekk málið með hraða snigilsins og það var ekki fyrr en komið var fram á árið 2006 að samþykki fékkst fyrir henni. Ætlun mín var sú að útfæra breytinguna og koma fyrirtækinu síðan á skrið að nýju undir þessari stefnu og hætta svo. Það ráðgerði ég að gæti orðið á þessu hausti. Þetta hafði ég sagt Jakobi og þá sagði eðlið til sín. Ég gekk frá starfslokasamningi og yfirgaf félagið. Nýr framkvæmdastjóri tók við góðu búi og nýrri stefnu sem nú er farið að vinna eftir."

Hvað finnst Halldóri um íslenska bankakerfið nú rúmum tíu árum eftir að hann sat sem bankastjóri í Landsbankanum?

„Þetta er gjörbreytt umhverfi frá því sem var. Margt af þessu er áhugavert. Mér finnst gott að bankarnir hafi hleypt heimdraganum og hafið starfsemi erlendis. Fjármálakerfið er orðið víðfeðmara en áður. Bankarnir hafa hafið verðbréfaviðskipti og víðtækari samvinnu og þjónustu við íslenska auðmenn en ég sá fyrir mér árið 1980. Þótt vel hafi gengið til þessa, sem betur fer, þá á eftir að koma bakslag í þessa starfsemi, því miður. Lögmál ríkja hér sem annar staðar. Ég hætti að skipta mér af bankamálum þegar ég gekk út úr VISA í nóvember í fyrra."

Fossandi vatn frá Ísafirði

Halldór er lítt gefinn fyrir að sitja auðum höndum. Hann hefur stofnað fyrirtækið Brúarfoss með eldri dóttur sinni og hefur nú selt vini sínum, sem staðið hefur að undirbúningi vatnsviðskipta með erlendum aðilum á Rifi, hlut í félaginu. „Hugmyndin er að flytja út vatn frá Ísafirði. Vandinn felst í markaðssetningu þess en ekki í öflun. Sambönd eru við menn í Bandaríkjunum sem hafa reynslu af drykkjarvörumarkaðnum þar og þeir eru að vinna í þágu félagsins. Hvað út úr því kemur mun koma í ljós. Meðal samstarfsaðila í Brúarfossi er maður sem vann um árabil sem lykilmaður hjá ítalska vatnsframleiðandanum San Pellegrino á Bandaríkjamarkaði og væntum við mikils af samböndum og þekkingu hans. Við höfum líka unnið að því að ná viðskiptasamningum í austurvegi og við stofnanir tengdum Sameinuðu þjóðunum sem útvega vatn til svæða þar sem er vatnsskortur. Hugmyndin er að flytja vatnið út í gámum sem innihalda 24.000 lítra en ekki að markaðssetja það í flöskum til neytenda. Vatnið fer í gegnum geislun og mikla síun og á að vera dauðhreinsað og hafa geymsluþol í marga mánuði. Búið er að gera allar þær prófanir sem þessu fylgja. Við höfum hugsað máið þannig að vatnið verði fyrst og fremst selt til drykkjar en einnig til notkunar í snyrtivöru- lyfja- og drykkjarvöruframleiðslu, eins og t.d. bjórgerð. Vatnsskortur er að verða áberandi víða í heiminum og gott lindarvatn er orðið eftirsóknarvert. Mjög víða er fólk að drekka endurunnið vatn. Við Íslendingar eigum erfitt með að skilja þetta því okkur finnst gott lindarvatn sjálfsagður hlutur. Þessi mál okkar hafa þokast áfram en allt tekur sinn tíma og ennþá er ekkert sem tryggir að af þessu geti orðið þótt við séum bjartsýn.Tíminn leiðir í ljós hvort af þessu verður og vonandi gerist það.

Ísafjörður hefur marga kosti sem geta nýst svona útflutningi. Umframmagnið í vatnsveitukerfi bæjarins er um 100 sekúndulítrar og auðvitað miklu meira á næturna. Ef nauðsynlegt bæri til væri hægt að leggja nýja vatnsleiðslu úr göngunum yfir pollinn og beint yfir í Sundahöfn sem tvöfaldaði núverandi magn. Mér er sagt að auðvelt sé að dýpka Sundahöfn svo stærri gámaskip geti lagst þar að en nú geta það. Skilyrði til svona útflutnings er m.a. nægilegt magn af fyrsta flokks lindarvatni og góð höfn við hlið átöppunarstöðvar svo ekki þurfi að flytja gámana langar leiðir. Markaðssetningin er vandasöm og dýr. Á henni byggist alfarið hvort af þessum rekstri getur orðið. Ég veit ekki hvort fólk gerir sér grein fyrir því en á markaði eins og í Bandaríkjunum eru örfáir aðilar sem þar ráða mestu. Það eru fyrirtæki eins og Pepsi, Coca Cola og Nestlé. Sem betur fer er þessi markaður gríðarstór og við yrðum himinlifandi með aðeins örfá prósent þar. En markaður er víðar en þar."

Þegar hér er komið sögu er kötturinn Loftur farinn að mjálma og Halldór farinn að ókyrrast enda að verða of seinn á mannamót. Það er greinilegt að hugur Halldórs er talsvert bundinn við hans gamla heimabæ, Ísafjörð. „Þessi vatnsmál eru áhugaverð og gætu orðið lyftistöng fyrir bæinn - ef þau heppnast," segir Halldór að lokum.

Sýslumaðurinn á Ísafirði

Lögfræðingur

Áhugavert og krefjandi starf

Sýslumaðurinn á Ísafirði auglýsir laust starf löglærðs við nýjan málaflokk við embættið. Um er að ræða ótímabundin sérverkefni á sviði útlendingamála sem unnin verða í umboði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Starfið er krefjandi en jafnframt mjög áhugavert. Verksvið verður víðtækt, t.a.m. undirbúningur stjórnsýsluúrskurða og ákvarðana vegna kæra á afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritanir og hvers konar dvalarleyfa, samskipti við innlend og erlend stjórnvöld, þ.á.m. Útlendingastofnun og dóms- og kirkjumálaráðuneytið, og önnur tilfallandi verkefni á vegum ráðuneytisins.

Embætti sýslumannsins á Ísafirði leitar að einstaklingi sem er jákvæður og reiðubúinn að takast á við krefjandi verkefni, er góður í mannlegum samskiptum, nákvæmur, skipulagður og sjálfstæður í vinnubrögðum.

Menntunarskilyrði eru embættispróf eða meistarapróf í lögfræði. Ennfremur er lögð áhersla á góða færni í stjórnsýslurétti, ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli. Góð almenn tölvukunnátta er nauðsynleg og reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar eða sambærilegum störfum er kostur.

Miðað er við að ráða í stöðuna sem fyrst.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og stéttarfélags lögfræðinga.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Völundardóttir, sýslumaður á Ísafirði. Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist sýslumanninum á Ísafirði, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði fyrir 31. desember 2007.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, nr. 464/1996, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Sýslumaðurinn á Ísafirði,
Kristín Völundardóttir.

Við óskum öllum Vestfirðingum
gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.
Þökkum samstarfið á árinu sem er að líða.
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

Ásgeirsbakki á Ísafirði.

Yfir 50 milljónir í hafnarframkvæmdir á síðasta ári

Kostnaður við hafnarframkvæmdir í Ísafjarðarbæ var 5,6 milljónir króna í fyrra. Þetta kemur fram í skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd siglingamálaáætlunar fyrir síðasta ár sem lögð hefur verið fram á Alþingi. Á Ísafirði var á síðasta ári keypt var flotholt, 15x3 metrar að stærð, og því bætt við ferðamannabryggjuna í Sundahöfn. Hafnarstarfsmenn sáu um verkið. Verkefnið var ekki á hafnaáætlun en veitt var heimild hafnaráðs fyrir framkvæmdinni í júní 2005 gegn því að ríkishluti kæmi úr öðrum verkefnum sem hefur verið frestað hjá Ísafjarðarhöfn.

Unnið var við annan áfanga í endurbyggingu Ásgeirsbakka sem er ein stærsta hafnarframkvæmd sem ráðist hefur verið í um árabil og átti verkinu að vera lokið fyrir áramót. Verklok töfðust og voru þá áætluð 1. desember sl. Verkið er framhald af þili sem rekið var niður veturinn 2003–2004. Efni var keypt árið 2005, 323 tonn af þili frá Arcelor og 69 tonn af stálþilsfestingaefni frá Anker-Schröder. Römmun þilsins var boðin út í maí í fyrra og samið við lægstbjóðanda, Íslenska Gámafélagið ehf. Samningsupphæð var 55,83 milljónir króna. Verkið hófst í ágúst sama ár og fólst það í að brjóta kant og skera ofan af gamla þilinu, fjarlægja 2.700 m² þekju og allar lagnir. Síðan voru reknar niður 110 tvöfaldar plötur sem mynda 121 m langan kant og 19 m gafl, fyllt í þilið og steyptur kantbiti.

Gert var við flotbryggjuna í Sundahöfn sem byggð var 1973 og er um 50 metrar á lengd. Flotholtin voru tekin á land og hreinsuð og gert við þau. Staurar voru lagfærðir og réttir af og festingar endurbyggðar. Samið var við Geirnaglann ehf. á Ísafirði um verkið, samningsupphæð 6,6 milljónir króna. Ásel ehf., lauk verkefni við lagnir og lýsingu í Sundahöfn. Samið var um framkvæmdina á árinu 2005. Lokið var uppgjöri vegna hafnsögubáts sem afhentur var í október árið 2005. Framkvæmdakostnaður á Ísafirði var 53,5 milljónir króna á síðasta ári.

Samkvæmt hafnaáætlun átti að rífa gömlu trébryggjuna á Þingeyri árið 2005 en því var slegið á frest, svo var einnig á síðasta ári. Það voru því engar ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir 2006. Á Suðureyri voru hins vegar keyptar tvær nýjar innsiglingarbaujur frá Finnlandi og þeim komið fyrir. Eldri innsiglingarmerki voru einnig fjarlægð. Hafnarstarfsmenn unnu verkið. Ríkishluti þessa verkefnis var greiddur af óskiptri fjárveitingu að fenginni heimild hafnaráðs. Engar ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir voru á Flateyri, Bolungarvík eða Súðavík árið 2006.

– thelma@bb.is

Bolungarvík.

Samþykkt að taka þrjátíu milljóna króna lán

Bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur samþykkt að taka 30 milljóna króna lán til næstu tíu ára. Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða á síðasta bæjarstjórnarfundi. „Bæjarstjórn Bolungarvíkur samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., að fjárhæð 30.000.000. kr., í samræmi við Lánssamning hjá Lánasjóði Sveitarfélaga nr. 37/2007 sem liggur fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til 10 ára sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Grími Atlasyni, bæjarstjóra veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Bolungarvíkurkaupstaðar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántökunni.“

Grunnskólinn á Ísafirði.

Útgjöld til fræðslumála hækka um 100 milljónir

Útgjöld til fræðslumála hækka um 102 milljónir milli ára samkvæmt fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar. Fræðslumálin eru útgjaldamesti málaflokkur sveitarfélagsins. Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að nettó upphæð til rekstrar málaflokksins nemi 882 milljónum samanborið við 780 milljónir á áætlun þessa árs. Hækkunin nemur 13 prósentum. Í stefnuræðu bæjarstjóra kom fram að kostnaðarhækkanir á milli ára skýrast af mikilli hækkun kostnaðar við rekstur leikskóla vegna lækkunar á gjaldskrám dagvistunargjalda og að faglærðum starfsmönnum við leikskóla hefur fjölgað. Ennfremur að kennsluskylda kennara lækkar vegna samningsákvæða í kjarasamningum og að hækkun verður á innri leigu húseigna Grunnskólans á Ísafirði.

Gert er ráð fyrir að annar áfangi að gjaldfrjálsum leikskóla fyrir fimm ára börn taki gildi á næsta ári. Þá verða fjórir tímar í vistun fyrir hádegi verði ekki greiddir af foreldrum, heldur færist sá kostnaður til Ísafjarðarbæjar. Áætlað er að báðir áfangarnir kosti 5,5 milljónir. Lækkun gjaldskrár leikskóla og matargjalda um 10% er áætluð að kosti tæpar 7 milljónir.

– smari@bb.is



Ætlum að laða til okkar fleiri íbúa

Meirihlutinn hefur aukið þjónustu frekar en hitt, sagði Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, í stefnuræðu sinni við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Hann segir að lækkun leikskólagjalda, gjaldfrjálsar almenningssamgöngur, meiri stuðning við atvinnulífið allt vera atriði sem auka útgjöld sveitarfélagsins, en á því sé önnur hlið.

„Hin hliðin er sú að með þessum aðgerðum ætlum við að laða til okkar fleiri íbúa, fleiri fyrirtæki og bæta hér allar aðstæður svo um munar. Við teljum sveitarfélagið okkar góðan valkost til búsetu, ekki síst vegna þess að hér er mannvænt og fjölskylduvænt umhverfi, búsetukostnaður er lægri en á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega húsnæðiskostnaðurinn. Þess vegna ætlum við okkur að vera enn samkeppnisfærari um fólkið með þessum aðgerðum“, sagði Halldór í stefnuræðu sinni.

Hann sagði að reiknað sé með auknum rekstrarútgjöldum árið 2008. „Tillögur stjórnsýslunefndar um ný stöðugildi verða framkvæmd, samningar eru lausir á næsta ári og þó ekki sé hægt að áætla neitt um kostnaðarauka vegna nýrra samninga þarf að gera ráð fyrir því að töluverð útgjaldaaukning verði.“

– smari@bb.is

Vill örva fyrirtæki til fjölgunar starfa

Atvinnumálaráð Bolungarvíkur hefur lagt til að sett verði af stað átaksverkefni til aðörva fyrirtæki til fjölgunar starfa í Bolungarvík. Verkefnið geti verið í formi ákveðins styrks þar sem hvert það fyrirtæki, nýtt eða fyrirtæki í rekstri, sem fjölgar störfum í Bolungarvík, með lögheimili og starfsemi í Bolungarvík getur sótt um. Styrkurinn gæti numið allt að 50% af útsvarstekjum bæjarsjóðs af þeim stöðugildum sem fyrirtækið kemur með/eykur við sig. Fyrirtækin senda inn umsókn fyrir lok hvers árs ásamt skýrslu um fjölda starfsmanna og upplýsingum um viðbótar stöðugildi. Fyrirtækið verður að geta sýnt fram á fjölgun starfsmanna með sannanlegum hætti.

Einnig hefur verið lagt til að vinna kynningarmyndband til að kynna bæinn. „Markmið ráðsins með tillögunum er að hvetja landsmenn til að kynna sér ágæti Bolungarvíkur til búsetu, reksturs fyrirtækja og að sækja okkur heim. Við vonum að með tillögunum náum við að snúa vörn í sókn og fá fólk til að flytjast til Bolungarvíkur“, segir í fundarbókun.

Atvinnumálaráð vill benda á að frestur til að sækja um styrki í hina ýmsu sjóði lýkur á næstu vikum. Ráðið leggur því áherslu á að sótt verði um alla þá styrki sem nýst gætu til atvinnu og ferðamála í Bolungarvík.

Atvinnumálaráð Bolungarvíkur ræddi einnig á fundi sínum þann möguleika á að boðað verði til sameiginlegs fundar í janúar með atvinnumálanefndum Ísafjarðar og Súðavíkur þar sem sameiginleg hagsmunamál bæjarfélaganna er tengist atvinnumálum verði rædd.

– thelma@bb.is

Frá Bolungarvík.

Framlag bæjarins til Fasteigna Ísafjarðarbæjar minnkar

Fjárframlag Ísafjarðarbæjar til Fasteign Ísafjarðarbæjar ehf., minnkar um þriðjung milli ára. Í ár var framlagið 15 milljónir en í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 10 milljóna greiðslu til félagsins. Árið 2006 voru greiddar 30 milljónir. Í stefnuræðu Halldórs Halldórssonar bæjastjóra um frumvarp til fjárhagsáætlunar kom fram að í fyrra voru 17 íbúðir seldar auk þess sem gengið var frá sölu á íbúðum við Árvelli í Hnífsdal. Í stefnuræðunni kom fram að ekki liggi fyrir hversu margar íbúðir hafa verið seldar á þessu ári. Ekki á að selja allar íbúðir í eigu Fasteigna Ísafjarðarbæjar.

Halldór sagði að sveitarfélagið þyrfti að mæta þörf fyrir félagslegt húsnæði og meta þyrfti hversu margar íbúðir eiga að vera til taks og jafnframt hvað íbúðir. Jafnframt sagði hann að mikilvægt væri að halda áfram að selja íbúðir úr kerfinu þar sem gert er ráð fyrir að leggja niður Varasjóð húsnæðismála árið 2010 og fjármagn í honum þegar farið að minnka.

Fasteignir Ísafjarðarbæjar var stofnað árið 2003. Það er eignarhaldsfélag um félagslegar íbúðir í eigu sveitarfélagsins. Lögð hefur verið áhersla á að selja leiguíbúðir á almennan markað og þannig fækka íbúðum í eigu félagsins.

– smari@bb.is

Frjálslyndi flokkurinn

Fyrir hönd Frjálslynda flokksins óskum við íbúum í Norðvesturkjördæmi og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs með þakklæti fyrir liðið ár.

Guðjón Arnar Kristjánsson, alþingismaður

Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður

20% hækkun sorphirðugjalda hjá Ísafjarðarbæ

Sorphirðugjöld fyrir íbúðarhúsnæði í Ísafjarðarbæ hækka um 20% á næsta ári. Þetta er meðal tillagna fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar árið 2008. Gert er ráð fyrir að gjöldin verði 35 þús. á íbúð, en þau eru í dag 29 þús. Miðað við gjaldskrá sem gefin er upp í Árbók sveitarfélaganna 2007, bók gefin út af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, eru sorphirðugjöld í Ísafjarðarbæ þau hæstu á landinu. Til dæmis er kostnaður á íbúð 12.300 í Reykjavík, Reykjanesbæ 24.600 og Akureyri 11.500. Þrátt fyrir að vera með hæstu sorpeyðingar- og sorphirðugjöld á landinu þarf Ísafjarðarbær að greiða 23 milljónir með sorpeyðingu á næsta ári. Halldór Halldórsson bæjarstjóri segir að með því að brenna allt sorp sé Ísafjarðarbær ekki samkeppnishæfur við þau sveitarfélög sem urða sorp.



Saga Bolungarvíkur 1920-1974 komin út

Annað bindi sögu Bolungarvíkur er komið út og var fyrsta eintakið afhent Önnu G. Edvardsdóttur, forseta bæjarstjórnar við hátíðlega athöfn í Einarshúsi í Bolungarvík í síðustu viku. Sögufélag Ísfirðinga gefur bækurnar út en söguna ritar Jón Þ. Þór. Höfundur bókarinnar sá sér ekki fært að mæta þar sem hann er staddur í Kaupmannahöfn, en ritun sögu þeirrar merku borgar var næsta verkefni hans á eftir sögu Bolungarvíkur. Geir Guðmundssyni, fyrrverandi safnverði í Ósvör var afhent eitt eintak frá Sögufélaginu en hann hefur verið ómetanlegur brunnur fróðleiks og upplýsinga við skrásetningu þessa tímabils í sögu Bolungarvíkur.

Í bókatíðindum segir um Sögu Bolungarvíkur, annað bindi: „Á síðari hluta 19. aldar tók varanlegt þéttbýli myndast í Bolungarvík við Ísafjarðardjúp. Það óx hægt framan af en tók kipp með tilkomu vélbátaútgerðar og þó einkum á árunum eftir síðari heimsstyrjöld. Mikinn hluta 20. aldar var þar mikil útgerð togara og stærri vélbáta í bland við minni báta sem margir stunduðu rækjuveiðar. Í þessari bók er saga Bolungarvíkur rakin frá 1920 og fram til 1974 þegar sveitarfélagið fékk kaupstaðarréttindi. Áður hefur komið út bókin Saga Bolungarvíkur I. bindi. Frá landnámi til 1920“

Guðfinna M. Hreiðarsdóttir formaður Sögufélags Ísfirðinga afhendir Önnu Guðrúnu Edvardsdóttur eintak af Sögu Bolungarvíkur II. bindi.

Anna Guðrún Edvardsdóttir og Geir Guðmundsson.

Jóhann Hannibalsson, Soffía Vagnsdóttir og Gunnar Hallsson.

VERK VEST
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða

Vestfirðingar, ferðafólk!
Hugheilar jóla- og nýárskveðjur frá Reykjanesi. Innilegar þakkir fyrir samstarf og viðskiptin á árinu sem er að líða.
Ferðaþjónustan Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, sími 456 4844.

Íslandspóstur hf
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

ÍSAFJARÐARBÆR
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða

Bæjarstjórn Bolungarvíkur sendir íbúum sveitarfélagsins og viðskiptavinum sínum bestu jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir hið liðna.
Bæjarstjórinn.

EIMSKIP
GREIÐ LEIÐ
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

Starfslokasamningur við sjármálastjóra samþykktur

„Það er ekki ný stefna að gera starfslokasamninga við starfsmenn bæjarins“, segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Bæjarráð hefur samþykkt starfslokasamning við Þóri Sveinsson, fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar. Halldór kynnti samninginn á fundi bæjarráðs og var hann samþykktur með atkvæðum Birnu Lárusdóttur og Svanlaugu Guðnadóttur en Sigurður Pétursson greiddi atkvæði gegn honum. Að sögn Halldórs hefur Ísafjarðarbær gert slíka samninga áður, vegna skipulagsbreytingar, veikinda og af fleiri ástæðum. Vegna skipulagsbreytinga hjá bænum óskaði Þórir eftir að við sig yrði gerður starfslokasamningur og segir Halldór að ekkert annað felist í honum en greiðsla á uppsagnarfresti. „Þetta er ósköp eðlilegur samningur gerður af bæjarlögmanni“, segir Halldór.

Ungir knattspyrnuiðkendur á Ísafirði njóta góðs af viðurkenningu UEFA.

Ungir knattspyrnumenn njóta góðs af grasrótarverðlaununum Púkamótsins

Hið svokallaða Púkamót á Ísafirði í knattspyrnu var á dögunum veitt sérstök viðurkenning frá UEFA fyrir besta grasrótarviðburð ársins 2007 á Íslandi fyrir leikmenn í eldri flokki. Púkamótið fékk að gjöf 70 ADIDAS knetti af bestu gerð frá UEFA, sem verður deilt jafnt niður á alla knattspyrnuflokkana á Ísafirði. Í síðustu viku afhenti Jóhann Torfason, Björn Helgason og Pétur Sigurðsson, fyrir hönd Púkamótsins, iðkendum Boltafélags Ísafjarðar verðlaunin. Þetta er í annað sinn hér á landi sem sérstök viðurkenning eins og þessi er veitt af UEFA fyrir grasrótarviðburð leikmanna á besta aldri.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ og Guðlaugur Gunnarsson, starfsmaður mótadeildar KSÍ, sem afhenti fulltrúum Púkamótsins viðurkenninguna á skrifstofu KSÍ, þeim Guðmundi Ólafssyni, Jóhanni Króknes Torfasyni, og Haraldi Leifssyni, sem tóku á móti þessari viðurkenningu fyrir hönd þeirra rúmlega 50 eldri knattspyrnumanna sem hittast alltaf í júlí ár hvert til að spila fótbolta og skemmta sér með fjölskyldum sínum á Ísafirði, sem sameiginlegt markmið að byggja upp sjóð sem hefur aðeins það markmið að byggja upp ísfirska knattspyrnu.

Stóra púkamótið var sett við hátíðlega athöfn á gervigrasvellinum á Torfnesi í fyrsta sinn föstudaginn 22. júlí 2005. Mótið hefur verið haldið þrisvar sinnum og vakið athygli á landsvísu. Aðaltilgangur Púkaknattspyrnumótsins er að vekja athygli á og byggja upp sjóð sem getur styrkt ísfirska knattspyrnu, m.a. með því að byggja sparkvelli fyrir ísfirska krakka eða púka eins og þeir eru kallaðir fyrir vestan. Sjóðnum er einnig ætlað að styrkja ýmis önnur málefni sem varða ísfirska knattspyrnu, t.d. er meining að hægt verði að sækja um styrki til að sækja um námskeið sem tengjast knatt-spyrnu, t.d. til að öðlast menntun til dómara- eða þjálfarastarfa.

Helgina 9. og 10. nóvember var haldið þjálfaranámskeið á Ísafirði sem styrkt var af púkamótssjóðnum og var það fyrsta verkefni hans. Á námskeiðið mættu 12 knattspyrnumenn sem höfðu áhuga að leggja fyrir sig knattspyrnuþjálfun fyrir vestan.

Svavar Þór Guðmundsson, formaður BÍ, tekur á móti gjöfinni frá Jóhanni Króknes Torfasyni.

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf
Aðalstræti 19 · Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Bakkavík hf.
Hafnargötu · Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
FASTEIGNASALA VESTFJARÐA

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
RÖRTÆKNI ehf
PÍPULAGNAÞJÓNUSTA
SINDRAGATA 12b. Sími: 456 3345

VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
VST Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.
Hafnarstræti 1 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
TÆKNIÞJÓNUSTA Vestfjarða
Aðalstræti 26 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
LÖGSÝN EHF.
Lögfræðiþjónusta
Aðalstræti 24 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
NÚPUR
Ljóninu, Skeiði, Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Hárkompaní
Silfurgötu 6 · Ísafirði sími 456 6363

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
FRYSTIKERFI ehf
Suðurgötu 9 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
ÞRYMUR HF. – Vélsmiðja
Suðurgötu 9 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
VÍSIR HF
Þingeyri og Hafnargötu 16 Grindavík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR VESTFJÖRÐUM EHF.
Ísafirði og Hólmavík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
– fyrir fólk eins og þig!

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Byggðastofnun

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
ÍSFANG
Suðurgötu · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
FMS
Sindragötu 11 · Ísafirði

Óperustúdíó á Við Djúpið

Sópransöngkonan Hanna Dóra Sturludóttir og Kurt Kopecky, tónlistarstjóri Íslensku Óperunnar munu standa fyrir eins konar óperustúdíói á tónlistarhátíðinni Við Djúpið sem fer fram á nokkrum stöðum við Djúp á sumri komanda. Hanna Dóra kennir masterklass-námskeið í söng með Kurt sér til dyggrar aðstoðar.

Kurt Kopecky er fæddur í Austurríki og stundaði nám í píanóleik frá unga aldri. Hann lauk prófi frá Tónlistarháskóla Vínarborgar árið 2000 í hljómsveitarstjórn með áherslu á óperur. Hann var ráðinn tónlistarstjóri Íslensku óperunnar árið 2003 og hefur nú þegar skipað sér fastan sess í íslensku tónlistarlífi auk þess að vera eftirsóttur undirleikari. Undir stjórn Kurt Kopecky hlaut óperan „Turn of the Screw“ eftir Benjamin Britten íslensku tónlistarverðlaunin 2005.

Hanna Dóra Sturludóttir er fædd og uppalin í Búðardal. Hún stundaði söngnám hjá Kristni Sigmundssyni og Snæbjörgu Snæbjarnar við Söngskólann í Reykjavík áður en hún hélt til framhaldsnáms við Listaháskólann í Berlín, þaðan sem hún útskrifaðist með láði vorið 1998. Á árunum 1998-2001 var hún fastráðin við óperuhúsið í Neustrelitz þar sem hún söng mörg helstu sópranhlutverk óperubókmenntana. Hún hefur sungið með Sinfóníuhljómsveitinni við mörg tækifæri og í október var frumsýnd óperan Ariadne á Naxos“ eftir Richard Strauss í Íslensku Óperunni en þar söng Hanna Dóra titilhlutverkið.

– sigridur@bb.is



Helgi Björnsson.

Söng óvænt með Leningrad Cowboys

Ísfirðingurinn Helgi Björnsson er um þessar mundir leikhússtjóri þýska leikhússins Admiral Palast í Berlín og í teiti sem haldið var á eftir afhendingu evrópsku kvikmyndaverðlaunanna í Arena-höllinni í Berlín varð Helgi óvænt leyniatriði. Helgi var drifinn upp á svið undir taktfastri tónlist hinnar goðsagnakenndu rokkhljómsveitar Leningrad Cowboys við mikil fagnaðarlæti allra helstu stórstjarna í evrópskri kvikmyndagerð. „Söngvarinn var kominn út á mitt gólf og þegar hann var á leiðinni aftur upp á svið dreif hann mig með sér,“ sagði Helgi í samtali við Fréttablaðið, en sveitin var þá í fullum gangi að leika stuðlagið góðkunna Sweet Home Alabama.

Auk þess að syngja óvænt með Leningrad Cowboys kom hann fram á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar í Laugardalshöll um helgina. Í Berlín stóð hann í stórræðum við að undirbúa veitingastaðinn sem rekinn er samfara leikhúsinu fyrir komu Paris Hilton. Stjarnan umdeilda kom til Berlínar í síðustu viku til að kynna nýjan drykk á veitingastaðnum sem hefur slegið í gegn að undanförnu hjá Berlínarbúum. Helgi sagðist öllu vanur hvað stjörnustæla varðar, en hann átti hlut að máli við að koma leikkonunni Katie Holmes, eiginkonu Tom Cruise, undan brjáluðum paparazziljósmyndurum í heimsókn þeirra hjónakorna til Berlínar fyrir stuttu.

Gjaldfrjáls leikskóli allan daginn

Leikskólinn Sólborg á Ísafirði. Í-listinn vill gjaldfrjálsa leikskóla fyrir fimm ára börn.

Gjaldfrjáls leikskóli að öllu leyfit fyrir fimm ára börn, er meðal breytingartillagna Í-listans við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar. Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að gjaldfrjáls verði fyrir fimm ára börn fjóra tíma á dag. Sigurður Pétursson, oddviti Í-listans, segir að kostnaður við þessa tillögu sé ekki mikill, eða 5 milljónir króna. Hann segir flestar hækkanir á gjöldum bæjarins vera eðlilegar og miðist við verðlagþróun en segir ótækt að sorphirðugjöld hækki um rúm 20 prósent. „Það er búið að hækka sorphirðugjöldin margfalt umfram verðlag síðustu þrjú ár og við leggjum til að þau hækki eins og önnur gjöld, eða um 4,5%“, segir Sigurður. Almennt um fjárhagsáætlunina segir hann það vera ljóst að fjárhagurinn hafi heldur versnað og að meirihlutinn hafi gefist upp því engar tillögur séu um sparnað og hagræðingu.

Í tillögum Í-listans er ekkert minnst á sparnað eða hagræðingu. Sigurður segir ástæðuna vera að fyrir ári síðan hafi minnihlutinn lagt fram umfangsmiklar tillögur um sparnað og hagræðingu í rekstri bæjarins en meirihlutinn hafi annaðhvort fellt þær eða svæft.

„Tillögur okkar eru ekki miklar eða dýrar heldur höfum við einskorðað okkur við verkefni sem við teljum að bærinn verði að sinna.“ Sigurður tekur undir þau sjónarmið að erfiður fjárhagur megi ekki bitna á þjónustu við íbúa. „Það er ljóst að meirihlutinn gerir ráð fyrir auknum útgjöldum. Það er gert ráð fyrir fleiri starfsmönnum á bæjarskrifstofunni og sérstakt atvinnuátak að fara í gang. Við vonum að þessi útgjöld leiði til þess að við fáum auknar tekjur í framtíðinni. Sameiginlegt markmið okkar í bæjarstjórn er að fá fleiri til að flytja til bæjarins og ef við ætlum að ná árangri þá getum við ekki boðið íbúum upp á hæstu leiksskóla- og sorphirðugjöld á landinu“, segir Sigurður.

Til viðbótar við ofangreindar tillögur vill Í-listinn að framlag til harmonikkusafns verði á fjárhagsáætlun sem og Bókasafnsins á Þingeyri. Einnig hækkun á framlagi til almenns rekstrar grunnskólanna, en undir þann lið falla efniskaup og kaup á námsgögnum sem Sigurður segir að séu aðþrengd. Að lokum vill minnihlutinn að sett verði upp lyfta fyrir fatlaða í Sundhöll Ísafjarðar.

„Rekstur þessa bæjarfélags er dýr, við rekum fjóra grunn- og leikskóla og fjórar sundlaugar í byggðakjörnum fjórum. En þar er um að ræða grunnþjónustu við íbúana og kemur ekki til greina að breyta því og um það erum við sammála“, segir Sigurður.



Bolvíkingar vilja kynna bæinn sinn með kynningarmyndbandi.

Vilja gera kynningarmyndband

Atvinnumálaráð Bolungarvíkur hefur lagt til að gert verði kynningarmyndband til að kynna bæinn. Markmiðið er að kynna Bolungarvík sem ákjósanlegan stað til búsetu, sem ákjósanlegan stað til að hefja rekstur fyrirtækja eða flytja þangað fyrirtæki í rekstri og sem spennandi kost fyrir ferðamenn til að sækja heim. Fyrirhugað er að myndbandið verði í tveimur lengdum, 5 og 20 mínútna langt, og í lengri útgáfunni verði ítarlegri upplýsingar en að auki stutt viðtöl við íbúa, bæjarstjóra og nokkra lykilmenn í samfélaginu.

Myndbandið verði textað á ensku. Myndbandið verði gert aðgengilegt á heimasíðu Bolungarvíkur, á bolungarvik.is, á vikari.is og á webcam.is ásamt fleiri vefsetrum tengdum Bolungarvík. Bolvíkingar sem og aðrir velunnarar Bolungarvíkur verði virkjaðir til þess að dreifa kynningarmyndbandinu með því að tengja myndbandið á netinu sem víðast. Kostnaður við gerð kynningarmyndbandsins er áætlaður ein milljón króna.

Sá aðili sem fer með markaðsmál Bolungarvíkur ákveði efnistök og forvinni texta í samráði við formenn viðeigandi nefnda og aðra þá aðila sem eðlilegt telst að hafi um þetta myndband að segja. Stefnt skuli að því að myndbandið verði tilbúið til dreifingar 1. mars á næsta ári eða áður en ferðamannatímabilið hefst fyrir alvöru.

– thelma@bb.is

ÍSAFJARÐARBÆR

LEIKSKÓLANN LAUFÁS BRÁÐVANTAR STARFSFÓLK

Leikskólinn Laufás á Þingeyri auglýsir lausar stöður við leikskólann. Ertu hress, ábyrg/ur og hefurðu gaman að börnum? Laufás vantar leikskólakennara/leiðbeinanda frá kl.8-15. Þyrfti að geta byrjað sem fyrst, en ekki seinna en fljótlega eftir áramót. Leikskólinn er tveggja deilda skóli, sem stefnir á að verða heilsuleikskóli. Laufás er með börn á aldrinum eins til sex ára.
Æskilegt er að viðkomandi sé sjálfstæður í vinnubrögðum, hafi frumkvæði, metnað og sé góður í mannlegum samskiptum.
Nánari upplýsingar veitir Elsa María Thompson, leikskólastjóri í síma 450 8270, netfang: laufas@isafjordur.is.

Okkar bestu óskir um gleðilega hátíð og farsæld á komandi ári með þökk fyrir viðskiptin á árinu.

Landsbankinn

Risið upp til jóla

Glugginn var hélaður þegar hann vaknaði. Gallabuxurnar voru á sínum stað á stólnum en of langt í burtu til að hægt væri að teygja sig í þær. Hann yrði að fara undan sænginni til þess að ná í buxurnar og peysuna. Gólfið yrði frostkalt. Líkaminn byrjaði að skjálfa um leið og sængin væri af. Þar sem hann lá á bakinu varð honum starsýnt á opinn gluggann. Stutt grýlukertin láku vatnsdropum á þakið fyrir utan. Með einu handtaki svipti hann sænginni af sér og stökk fram úr. Viðbrögð líkamans voru í samræmi við hugsanir hans fyrir nokkrum mínútum. Stundum vissi hann ekki hvort var verra, að liggja áfram eða taka áfallið. Grannur líkaminn hristist og skalf. Að augabragði huldu peysan og buxurnar grannan kroppinn.

Skjálftinn entist fram á klósettið með litla vaskinum, sem þau deildu, sambýlingarnir í risinu. Herbergin voru 6, en í því stærsta bjó ungt par. Það hafði sína aðferð til að takast á við kuldann fyrir svefninn. Verst hvað lét hátt í stelpunni. Hún hélt örugglega vöku fyrir öllum meðan á aðgerð stóð. Úr herbergi parsins fyrir enda gangsins heyrðust nú lágar hrotur eða einhvers konar svefnhljóð. Sennilega var strákurinn farinn til vinnu, en hún þyrfti ekki að mæta fyrr en klukkan 10 hélt hann, vann í banka. Hvað strákurinn gerði hafði hann ekki smæstu hugmynd um. Reyndar var fátt vitað um sambýlingana í risinu.

Á klósettinu var skítkalt enda settist hann aldrei á það nema í neyð. Vaskinn nýtti hann til handþvotta og tannburstunar og að strjúka yfir andlitið. Þótt löngunin til að fara í bað væri yfirþyrmandi var það ekki hægt. Engin baðaðstaða var í risinu eða yfirleitt fyrir þá sem þar bjuggu. Skólinn byrjaði eftir korter, svo ekki kæmist hann í morgunmat neins staðar og var löngu orðinn leiður á bakaríinu fimm hæðum neðar. Baðið yrði að bíða þess að tími gæfist til að fara í sundlaugina. Það var huggun harmi gegn, að svo kalt var í herberginu að hann svitnaði aldrei þar. Bezt væri að raka sig í sundlauginni.

Er hann opnaði beið nágranni hans úr herberginu við hliðina fyrir framan með tannburstann og snyrtidótið eftir því að komast inn. Hann bauð góðan daginn og hún tók lágt undir. Hún var ekki ómyndarleg, sennilega eldri, en vissulega var andlitið ekki minnistætt, því þetta var í fyrsta skipti sem þau horfðust í augu. Fyrir nokkrum dögum hafði verið hjá henni gestur og þá var lítill svefnfriður. Vonandi höfðu þau skemmt sér vel. En engin hljóð höfðu heyrzt gegnum þilið í nótt.

Kosturinn við kuldann í herberginu var sá, að svefninn var yfirleitt óslitinn og góður. Hún fór inn á klósettið og lokaði á eftir sér. Eitthvert umstang var í gangi og svo sturtaði hún niður og lét renna í vaskinn. Honum hafði gleymzt að pissa og stúlkan í stóra herberginu opnaði dyrnar fyrir enda gangsins. Greinilega var hún á sömu leið og hin og þá yrði lítið svigrúm til að létta á sér. Bezt væri að fara strax austur í Háskóla. Með því að hlaupa mætti ná klósettinu fyrir tímann.

Úti var kalt og Melavöllurinn eða öllu heldur girðingin blasti við í öllum sínum ljótleika. Ekki var hægt að hlaupa þar beint yfir. Hringbrautin varð fyrir valinu. Handan götunnar blasti kirkjugarðurinn við. Einhverjir höfðu sett upp jólaljós. Furðulegt, að setja ljós á krossana. Skyldu íbúarnir í garðinum vera ánægðir með lýsinguna? Hvað með Jón Sigurðsson og Ingibjörgu Einarsdóttur? Ætli þeim finnist gaman að jólaljósunum? Þrýstingurinn á þvagblöðruna sagði til sín, svo mikið að hungurtilfinningin var gleymd í bili. Kannski hefði hann átt að banka og biðja nágranna sinn að leyfa sér að pissa. En þá varð honum hugsað til næturinnar og gestsins, þegar þau héldu fyrir honum vöku.

Hann hljóp yfir Suðurgötuna og heyrði flautið rétt áður en hann komst undan bílnum. Gallabuxurnar voru dökkbláar og úlpan dökkgræn. Nú yrði hann að komast á klósett áður en illa færi. Bílstjórinn skrúfaði niður rúðuna og hrópaði að honum: „Þú er fífl, síðhærða kvikindi.“ Honum rétt tókst að komast að Þjóðminjasafninu og kasta af sér vatni þar. Einhverjar jólaskreytingar voru komnar upp á einstaka húsi á Háskólalóðinni. Þær fóru fyrir ofan garð og neðan meðan vellíðan streymdi um líkamann og þrýstingnum létti.

Ekki var hægt að þvo sér neins staðar, en sem betur fer sást ekki til hans, hélt hann, þar til gluggi opnaðist fyrir ofan og maður sagði: „Þó að þetta sé opinber bygging ertu ekki á almenningsklósetti.“ Á hlaupunum í áttina að Háskólanum hvarflaði að sú hugsun, að kannski þyrfti að huga að nýjum verustað. Í herberginu sem var undir súð voru rúm og stóll en ekki var pláss fyrir skrifborð og hljómflutningstæki.

Hvað væri nú bezt að kaupa til jólagjafa? Tíminn var byrjaður og prófessorinn, lágvaxinn á miðjum aldri, leit til hans og spurði hvort það væri erfitt að vakna. Sem betur fer var laust sæti aftast. Hann reyndi að hlusta á skýringar á hugtökum í lögfræði, sem fóru fyrir ofan garð og neðan. Innan við tvær vikur voru til jóla og engar gjafir hafði hann keypt. Lögfræðin var horfin veg allrar veraldar. Hungrið sagði til sín. Bezta jólagjöfin væri auðvitað vistaskipti.

Í frímínútunum reyndi hann að finna sér eitthvað að borða en það gekk ekki svo hann hljóp út í næstu sjoppu og keypti kók og súkkulaði. Krafturinn streymdi um æðarnar en tíminn var að sjálfsögðu byrjaður að loknum þessum morgunverði. Löngunin í egg og beikon var yfirþyrmandi, en það yrði að bíða. Sérkennilegt hvað þeir sem töluðu í tímum voru gáfaðir. Reyndar var það eina fólkið sem hló að prófessornum. Meirihlutinn sat þegjandi með angistarsvip og vissi eiginlega ekki hvert erindi þeirra var á þessum stað. Hver mínúta sem leið létti lundina. Þá þyrfti ekki svara undarlegum spurningum. Til hvers var þetta eiginlega allt?

Loksins lauk kennslunni. Fæstir virtust nokkru nær. Hann tilheyrði meirihlutanum og lét sig hverfa. Næst var að finna sér eitthvað að borða. Mötuneyti stúdenta í nýju húsi Félagsstofnunar var fyrsti kosturinn. En matseðillinn var ekki freistandi. Kjúklingakássa með blómkáli lofaði ekki góðu. Þá var að skjótast niður í bæ og kanna Brauðbæ eða Nautið. Með þessu áframhaldi yrði lífeyrir hans upp urinn fljótlega á nýju ári. Beikon og egg myndu lífga tilveruna mjög. Jólaljósin urðu bjartari og tilveran öll viðkunnanlegri en fyrr. Nú ætti hann auðvitað að fara og lesa. Eins undarlegt og það var fylgdi skólataskan honum ævinlega. Bækurnar yfirgáfu öruggt skjól sitt afar sjaldan.

Fljótlega yrði próf og þá þyrfti efnið að vera fulllesið. Það var undarlegt, eftir nærri þrjá mánuði, að ekkert samhengi var komið í hlutina. Sumir virtust skilja allt og fannst svo gaman að þessu öllu að hryti orð af munni prófessoranna hlógu þeir.

Oft hafði hann legið í rúminu og horft upp í gluggann og velt því fyrir sér af hverju hann væri að missa. Fyrr en varði tækju jólin yfir, nú eða stjörnurnar sem einstaka sinnum gerðu gluggann að útsýnisskjá til alheimsins. Þá byrjuðu lætin venjulega í endanum. Skyldi enginn annar í risinu láta hávaðann og bröltið fara í taugarnar á sér?

Hann gekk eftir Austurstrætinu og beygði við Landsbankann á horninu og aftur út úr Pósthússtrætinu í áttina að Nautinu í enda Hafnarstrætisins. Þar myndi hann ná stærsta áfanga þessa dags. Egg og beikon ásamt stórri kók yrðu til að gera daginn bjartari. Hann tók varla eftir því að skólataskan sveiflaðist, enda var hann farinn að hlaupa við fót. Fáir voru inni á þessum tíma og afgreiðslan gekk fljótt og vel. Þarna sat hann einn og horfði yfir á Lækjartorg. Miðbærinn var að taka á sig jólasvipinn. Jólaskapið var honum fjarri. Morgunninn hafði liðið án þess að nokkur hefði yrt á hann nema maðurinn í glugganum. Það var auðvitað þjóðminjavörðurinn sem tók við af forsetanum. Forsetinn hafði verið finn í Þjóðminjasafninu, en kannski góður forseti líka. Sjálfur hafði hann ekki yrt á nokkurn mann síðan hann bauð nágrannastúlkunni góðan daginn. Skyldi þýða eitthvað að fara upp á Café Tröð?

Sá staður var of nátengdur Menntaskólanum til þess að löngunin yrði nógu sterk. Þar voru krakkarnir sem enn voru í MR og þegar maður er kominn í Háskólann er það ekki nógu virðingarvert. Eiginlega vissi hann ekkert hvað hann vildi. Engir vina hans voru á sömu siglingu í lífinu. Fyrir nokkrum vikum virtist það fýsilegur kostur að fara til Danmerkur og setjast að í Kristjaníu. Þar var ódýrt húsnæði og hægt að draga fram lífið af litlu. Sumir voru á bótum frá dönskum stjórnvöldum, sátu þar og reyktu hass og sögðu lífið dásamlegt. Nei, honum leiddist ekki nógu mikið til þess að leggjast í hassreykingar. Þau voru fá partíin sem voru að baki þetta haustið, en vinirnir fóru að vinna eftir nokkrar vikur í Háskólanum og höfðu fullar hendur fjár.

Til þess að láta enda ná saman yrði hann að hætta heimsóknum á veitingastaðina, og þótt þar væri hann alltaf á botninum á matseðlinum tók sá síðarnefndi til sín ef oft var farið í hverri viku. Nei, hann færi ekki á Tröðina. Jón æskufélagi hans úr sveitinni var enn í MR og bjó í Þingholtsstræti. Væri ekki rétt að athuga hvort Jón væri heima og þiggja hjá honum te og kex? Spælda eggið og beikonið dugðu greinilega ekki mjög lengi.

Jón var heima og fagnaði gestkomunni. Fátt var sagt til að byrja með, en svo rifjuðu þeir félagarnir upp eitt og annað frá fyrri árum, eins og klifurferðir um björg og hella þegar oft stóð tæpt. Báðum leiddist borgin og veltu fyrir sér sumarstarfinu næsta ár. Áður en varði snerist talið að hugmyndinni um að fara til Kaupmannahafnar og nýta ódýrt húsnæði í Kristjaníu. Hugmyndin féll raunar í grýttan jarðveg hjá þeim báðum. En af hverju ekki að fara í vinnu til útlanda? Það rifjaðist upp að þeir hefðu heyrt um möguleika á því að fá sumarvinnu í Þýzkalandi.

Þeir drifu sig af stað í vesturþýzka sendiráðið í Túngötu, og viti menn, fengu allar upplýsingar um hvernig námsmenn ættu að sækja um sumarvinnu í Vestur-Þýzkalandi. Það voru glaðir ungir menn sem gengu aftur upp í Þingholt að skoða alla pappírana. Þeir ætluðu að koma sér út úr leiðindunum og gera eitthvað spennandi næsta sumar. Yfir þessu sátu þeir lengi dags og reyndu að rifja upp þýzkukunnáttuna og hvernig fylla ætti allt saman út. Þetta var of gott til að vera satt. Svo fengu þeir sér ristað brauð og meira te. Öll svengd var horfin út í veður og vind. Lögfræðin var langt í burtu og engar áhyggjur sátu eftir af sambýlingunum í risinu. En þegar langt var liðið á nótt var ekki annað að gera en fara heim.

Hvað var heim hjá honum? Auðvitað færi hann í risherbergið á Hringbrautinni. Annað var ekki í boði. Á leiðinni meðfram Tjörninni kom hann auga á stúlkuna í gærukápunni, sem hann hélt að hefði verið að gefa sér auga um haustið. Þau gengu bæði Suðurgötu til suðurs meðfram kirkjugarðinum. Hann vissi nákvæmlega hvar Jón og Ingibjörg voru grafin og fylltist lotningu í hvert sinn er hann gekk framhjá. Svo sterk var lotningin, að allar hugmyndir um stelpur hurfu út í veður og vind. Um leið og hann leit aftur fram fyrir sig var stúlkan að hverfa fyrir horn kirkjugarðsins og hann sá ekki betur en hún sendi honum mikilvægt augnaráð. Það var ljótt að láta virðinguna fyrir Jóni Sigurðssyni valda því að hann missti af því að kynnast stúlkunni, sem var með öllu ókunnug og þau höfðu aldrei skipzt á orðum, en samt var eins og einhver strengur tengdi. Þá kom kvíðinn vegna heimkomunnar yfir hann og stúlkan gleymdist. Það gerðu Jón og Ingibjörg líka.

Lykillinn fannst ekki í vasanum og eitt augnablik varð sú hugsun yfirþyrmandi að lykillinn væri týndur. Þá var ekki annað en að fara í alla vasa úlpunnar og neðst í vinstri vasanum gripu fingurnir lykilinn. Eitt augnablik var honum létt og hann opnaði útidyrnar. Allt var hljótt og gangan upp á fimmtu hæð hófst. Hann reyndi að fara hljóðlega enda klukkan farin að ganga tvö að nóttu og vonandi allt komið í ró í risinu. Vonir hans urðu að engu þegar upp var komið. Hávaðinn, bröltið og stunurnar úr enda gangsins voru á efri enda skalans. Annað heyrðist ekki og þó lagði hann við hlustir. Ekkert var á seyði við hliðina. Hann skauzt á klósettið og burstaði tennurnar og lagðist svo undir kalda sængina. Þá heyrði hann baukið að handan. Nágrannastúlkan var á fullu og það yrði lítill nætursvefn þetta sinnið.

Áður en hann lét sér detta í hug hver væri skemmtikraftur-inn var barið á dyrnar. Fyrst lét hann sem ekkert væri en svo gekk það ekki lengur, svo hann opnaði. Fyrir framan stóð náunginn úr þarnæsta herbergi, úrillur á svip: „Eigum við ekki að gera eitthvað í málinu?“ Hann spurði „hvað?“ en fékk ekkert svar. Auðvitað langaði hann mest til að fara fram á gang og hrópa yfir alla að hætta, hann þyrfti svefnfrið. Það gekk ekki heldur, því þá myndi fólkið á hæðinni fyrir neðan vakna. Virðingarvert fólk, prýðisgóð eintök af smáborgurum, sem ekki mátti trufla með því að upplýsa tómstundagaman leigjendanna í risinu. Á morgun eða reyndar eftir tæpa sex klukkutíma ætti hann að sitja í skólanum og hlusta á mjög fræðilega fyrirlestra. Það færi fyrir lítið.

„Hvað viltu gera?“ Hann vissi að spurningunni yrði ekki svarað. Þess í stað spurði nágranninn hvort hann vildi ekki drekka með sér úr einum vodkapela. Þar sem skólinn beið og hann langaði til að sofna afþakkaði hann kurteislega og reyndi svo að sofna. Það var alveg klárt hvaða ósk væri efst á jólagjafalistanum. Að komast eitthvert annað. Hér átti hann ekki heima og flest góð áform gufuðu upp á hverjum degi. Tilhugsunin um að fá vinnu í Þýzkalandi næsta sumar kom honum loks í svefn. En aftur vaknaði hann of seint og enn einn dagurinn varð endurtekning hins fyrra. Þar sem hann hljóp niður stigann og út á Hringbrautina fann hann lyktina af nýbökuðum snúðum. En hann var orðinn of seinn. Dagurinn yrði ekki skemmtilegur eða hvað?

Hann hljóp sömu leið og var heldur seinni en í gær, varð litið yfir í kirkjugarðinn og blótaði í huganum Jóni Sigurðssyni og Ingibjörgu. Kannski hefði hann átt æðislega nótt og getað sofið eitthvað ef hjónin hefðu ekki truflað athyglisgáfuna og einbeitinguna í nótt. Hungrið sagði til sín, en tíminn var hlaupinn og þótt hann þyrfti að létta á sér var það ekki hægt. Ekki gengi að fá Þjóðminjasafnið upp á móti sér. Nóg var að eiga við Háskólann. Sú baráttа leit æ verr út með hverjum deginum sem leið. Lítill lestur ef nokkur, dagarnir liðu án nokkurrar stefnu og allir áttavitar voru horfnir honum. Stelpur voru jafnfjarlægar og Kínamúrinn og virtust eins torkleifar og Everest.

Tíminn var byrjaður og prófessorinn stoppaði í miðri skemmtisögu, sem lítill hluti nemendanna var þegar byrjaður að hlæja að, til þess að vekja athygli á því að hann væri orðinn of seinn í tíma. „Þú hefur náttúrlega verið að lesa fram eftir og kemur þess vegna of seint. Kannski þú segir okkur þá frá lögjöfnun.“ Auðvitað kunni hann svarið en það lokaðist fyrir öll skilningarvit og hann stamaði einhverja vitleysu og vissi það, roðnaði og baðst afsökunar. „Kannski þú segir okkur á morgun hvað fordæmi er. Það er mjög gott og gagnlegt að vita.“ Aðrir nemendur hlógu og prófessorinn hélt áfram með skemmtisöguna.

Nú var illa komið og fátt til úrræða. Hann fálmaði ofan í töskuna eftir bókinni og mundi um leið að hann þurfti að komast í bað. Tíminn varð ein allsherjar kvöl og engin leið var að fylgjast með. Hugurinn reikaði og var víðs fjarri. Væntanleg Þýzkalandsferð var gufuð upp, öll ánægja horfin og kvíðinn heltók hann vegna morgundagsins. Þá þyrfti hann að vera búinn að lesa um fordæmi. Það var

einstaklega undarlegt að ekki skyldi vera hægt að tengja námið raunveruleikanum. Orðið fordæmi sagði allt sem segja þurfti, en setja þurfti það í upphafinn vísindalegan búning. Hver voru svo fræðin þegar allt var skoðað? Ef til vill upplýstist það síðar.

Út undan sér heyrði hann nemendur hlæja. Stelpurnar sem alltaf voru klæddar samkvæmt nýjustu tízku og strákana í jakkafötunum. Sjálfur var hann klæddur í gula peysu og gallabuxur með hár niður á herðar, eðli málsins samkvæmt ekki alltaf rakaður og stundum settist hann inn í gæruúlpunni. Annars hugar beið hann loka tímans og vonin ein hélt hungrinu í skefjum. Það var þó huggun harmi gegn að hann fitnaði ekki eins og jakkafatagæjarnir. Sessunauturinn hristi hann duglega. „Það er verið að spyrja þig.“ Ör og óviss sagði hann „ha?“ Allur bekkurinn hló og spurningin var endurtekin, hvort hann myndi ekki segja þeim frá fordæminu. Hann umlaði eitthvert svar eldrauður í framan og vonaði að þetta væri bara vondur draumur.

Auðvitað var svo ekki. Enn voru örfáir dagar fram að jólaleyfi og hugsuninni um flóttann til Kristjaníu skaut aftur upp í hugann. Tímanum lauk og hann ráfaði út án þess að tala við nokkurn mann og gekk af stað vestur Melana. Þegar Sundlaug Vesturbæjar blasti við ákvað hann að fara í sund og skauzt upp í risið til að sækja sundfötin. Í lauginni var fátt fólk. Vinnudegi var ekki lokið og því var skrifstofufólkið ekki komið enn. Sundið gerði honum gott og notalegt var að sitja í heita pottinum. En þegar fólk streymdi að var komið mál til að fara og þá sagði svengdin til sín. Síðast hafði hann etið ristað brauð í gærkvöldi. Á leiðinni til baka kom hann við hjá ömmu sinni, Þau höfðu ekki sézt í tvær vikur og hún snaraði upp veizlu sem samanstóð af brauði, te, kökum og hafragraut. Hún spurði hvernig gengi og fékk auðvitað þau svör að allt væri í lagi. Hún bauð honum að flytja til þeirra gömlu hjónanna en því var dauflega tekið. Eftir venjulegar þakkir og kveðjur skildu þau. Hann var saddur og hún glöð að hafa séð drenginn eftir langa hríð. Það var gott að hún spurði ekki um jólahaldið.

Verst af öllu þótti honum að hafa ekki síma. En niðri á Austurvelli hitti hann móður vinar síns og systur og þær buðu honum heim til sín í mat. Allt leit þetta betur út en í upphafi dags. Skólataskan hafði þó orðið eftir í risinu með fordæminu og þegar þau höfðu borðað þessar aldeilis fínu kjötbollur var honum boðin gisting, sem þegin var með þökkum. Hann gæti þá sofið og ekki skipti máli þótt fordæmið færi forgörðum. Það var ekki úr svo háum söðli að detta. Eftir að hafa farið í bað og horft á sjónvarpið með mæðgunum var líðanin orðin miklu betri. Vinurinn hringdi til móður sinnar og vildi eiga við hann orð, vitandi af honum þar til að bjóða í partí um helgina, sem var þegið með þökkum.

Daginn eftir þurfti að taka Hafnarfjarðarstrætó til Reykjavíkur og vera snemma í því til að sækja skólatöskuna og lesa um fordæmið. Það tókst, enda friður til svefns um nóttina. Hann var reyndar alveg viss um að nú hefðu allir haft ró á sér þessa nóttina úr því að hann var ekki heima. En það skipti ekki öllu. Þetta kenndi honum að meta gæði lífsins á ný. Hver dagur færði eitthvað gott. Og í strætó heyrði hann fólk tala um jólin á næstu grösum, gjafir, mat og annað tilheyrandi. Það dreifði huganum frá þessu skelfilega fordæmi sem vofði yfir honum eins og refsivöndur. Hann hljóp neðan úr Lækjargötu vestur á Hringbraut og upp tröppurnar og var sama þótt hann skellti óvart hurðinni er inn var komið. Það var kalt í herberginu, ekki líkt því að þar byggi nokkur maður. Stúlkan í næsta herbergi barði í vegginn og spurði hvað þetta ætti að þýða að vera með þessi læti um miðja nótt. „Sumum ferst“, en engin ástæða var til að svara frekar, svo þögnin dugði. Fordæmið var svart á hvítu í bókinni, alltof flókið, of mikið mál um einfalt atriði. Sennilega væri bezta leiðin að læra textann utan að. Og það gerði hann samvizkusamlega og rauk svo fram á klósettið, sem var læst. Þá var ekki annað til bragðs að taka en bursta tennurnar án vatns og hlaupa svo út í skóla. Nú var hann saddur og hljóp léttur á fæti út í Háskóla og náði að vera með þeim fyrstu og sat óvenju framarlega.

Prófessorinn kom inn, bauð góðan daginn og sneri sér strax að honum og spurði hvort hann hefði lesið í gær. Óþarfi var að svara spurningunni, hin hlyti að fylgja á eftir og þá skyldi hann svara. Það gekk eftir, flestum til undrunar. Prófessorinn sagði aðeins: „Það var mál til komið að þú sýndir að þú værir vakandi og fylgdist með. Svo eru rakaður í dag og greiddur að auki.“ Hann roðnaði og langaði mest til að koma sér út strax. Ekki var þetta nú merkilegt. Á morgun myndi hann ekki mæta enda nóg boðið. Enda skipti ekkert máli lengur í þessum efnum. Hverjum stæði ekki á sama hvernig þessum Háskóla reiddi af með eða án hans. Annað kvöld yrði partí og þá skipti þetta engu máli. Svo styttist í jólafríið. Kannski ætti hann að fara að vinna. Nei, bezt væri að nota jólafríið til að fara út á land og slappa af heima hjá foreldrunum. Þá mætti hugsa sinn gang.

Jólin höfðu ekki verið honum mjög hugleikin enda áhyggjurnar aðrar. Sennilega yrði svefnfriður í risinu yfir jólin, en sundlaugarnar yrðu lokaðar og hvergi hægt að fá mat. Ekki gat hann eldað eða farið í bað í herbergiskytrunni. Nei, hann skyldi fara út úr borginni og reyna að hafa það gott um jólin. En þá kom að því að hann hafði ekki hugsað fyrir jólagjöfum og það var sannkölluð lágfjara í veskinu þessa stundina. En nú vildi hann bara komast í burtu og losna við þessa áþján, að standa frammi fyrir öllum þessu gáfuðu nemendum sem hlógu á réttum stöðum og komu greinilega úr réttu stéttunum til að hljóta frama á þessum vettvangi. Þau höfðu örugglega ekki áhyggjur af jólunum. Þau yrðu þeim eintóm sæla yfir námsbókunum, sem sannast sagna voru fremur leiðinlegar og fjarri



Ólafur Helgi Kjartansson, fyrrum skattstjóri og síðan sýslumaður á Ísafirði og nú sýslumaður á Selfossi, hefur um langt árabil ritað jólasögur í Bæjarins besta. Sú fyrsta birtist í jólablaði BB árið 1986 og síðan hafa sögur hans birst árlega að undanskildum árunum 1992 og 1993. Hér birtist nýjasta jólasaga Ólafs Helga „Risið upp til jóla,“

öllum raunveruleika. Hann hljóp upp stigana á Hringbrautinni og allt var hljótt þegar hann kom inn á ganginn og klósettið ekki upptekið. Hægt var að bursta tennurnar og leggja sig aðeins.

Þegar hann hafði sofið í klukkutíma vaknaði hann aftur við þrusk í herberginu við hliðina. Var nágrannastúlkan heima um miðjan dag? Eftir augnablik bankaði hún og spurði hvort hann ætti eitthvað að drekka. Ekki átti hann það, hvorki áfengt né ófengt, en þar sem hún var bersýnilega veik bauðst hann til að sækja kók og eitthvað að borða. Það var sjoppa á móti og niðri í bakaríinu gæti hann fengið snúð handa henni og í sjoppunni á móti fengist kók og malt. Hún fagnaði vistunum en af svipnum mátti ráða að hún hefði búist við einhverju bitastæðara. „Þetta var það fljótlegasta sem ég fann og ekki var hægt að láta þig bíða.“ Meðan hún gæddi sér á frumstæðum veitingunum var ekki mikið sagt en þó kom hún því að hún væri norðan úr landi og ynni í þvottahúsi í borginni. Það væri fremur einhæft og hana langaði norður um jólin og helzt ekki til baka.

Hann áræddi að spyrja hvort hún ættti kærasta. Það varð löng þögn. En svo sagði hún að hún hefði lánað vinkonu sinni úr þvottahúsinu herbergið fyrir tveimur dögum. „Voru mikil læti?“ Hann hikaði og viðurkenndi að lítið hefði verið um svefn þá nóttina. Hún hló og baðst afsökunar. Hún hefði bara ekki vitað hvað mikið myndi ganga á. „Það getur varla verið verra en hjá þeim í endanum, sem eru alltaf að.“ Svo hlógu þau innilega. „Hvað ætlar þú að gera um jólin?“ spurði hún. Hann svaraði að hann vissi það ekki, en ef hann ætlaði heim yrði hann að vinda sér í jólagjafakaupin svo hann gæti komið uppréttur. Hún hló að því og sagðist vera í svipuðum sporum. En í sjálfu sér væri þetta lítill vandi. Þau myndu hvort um sig skrifa sinn jólagjafalista og skoða síðan árangurinn. „Bara að láta hugann reika“, sagði hún. Eftir dágóða stund voru komnir tveir listar og þau hlógu mikið, en gátu þó notað hugmyndir hvors annars.

Hann ákvað að leyfa henni að hvíla sig, kvaddi og sagðist ætla niður í bæ. Sennilega var bezt að fara í bankann og taka út peninga og kaupa jólagjafir. Hann myndi hvort eð er fara heim um jólin. Hér var ekkert til að binda hann. Háskólinn var ekki svo merkilegur að hann héldi í hann. Hann fór á Tröð og hitti fyrrum félaga úr menntaskóla. Partíið á morgun bar á góma. Það yrði örugglega gaman og aldrei vita hvaða stelpur kæmu þangað. Deginum lauk með heimsókn til Jóns og skrafi um ferðina til Þýzkalands næsta sumar. Þegar hann gekk yfir Tjarnarbrúna var heimurinn bjartari en degi fyrr. Allt myndi ganga upp næstu daga og örlítið jólaskap var að myndast. Hann rifjaði upp þegar hann sá jólaljós í gluggum, að friðurinn um jól var það sem honum fannst eftirsóknarvert. Hann hlakkaði til að sitja við borðið ásamt fjölskyldu sinni og borða jólamatinn. Engu skipti hver hann yrði. Og honum var sama um jólagjafir, svo fremi hann myndi eftir að gefa öllum í fjölskyldunni gjöf.

Hann var næstum búinn að gleyma partíinu. Allt hafði verið hljótt um nóttina. Enda kom í ljós að parið í endanum hafði farið eitthvað, sennilega heim um jólin. Ekkert heyrðist handan veggjar svo hann bankaði upp á um morguninn. Nágranni hans var að pakka niður, ætlaði heim um jólin og var ekki viss um að koma til baka. „Það er engin leið að búa hérna, alltof kalt og hávaðasamt.“ Svo skellihló hún og hann með. Í huganum var hann ákveðinn að segja upp leigunni þótt ekkert væri víst um framhaldið. Honum dytti eitthvað í hug. Svo kvöddust þau. Tveimur dögum síðar voru þau þrjú eftir í risinu, hann, sá drykkfelldi en meinlausi og loks eldri kona. Reyndar var hún ekki nema 29 ára. En honum fannst hún gömul, þótt hún væri þokkalega útlítandi, vel til höfð.

Partíið hafði verið spennandi áður en hann mætti og var það fram eftir kvöldi. Þá áttaði hann sig á því að eitthvað var ekki eins og venjulega. Lítið var drukkið, en flestir voru samt undir áhrifum og fæst þeirra þekkti hann. „Reykirðu?“ sagði stúlka sem hann kannaðist við, vinkona vinar vinar hans. Hann svaraði játandi og þá rétti hún honum pípu. Hann sagðist ekki reykja pípu. Allir viðstaddir hlógu og hann varð vandræðalegur og sagðist bara reykja sígarettur. Sér hefði alltaf gengið illa við pípuna. „Við erum ekki með jónu en ég skal vefja eina fyrir þig“, sagði hún brosandi og strauk honum um bakið og lærið. Hann stirðnaði upp og áttaði sig á því að ekki var verið að bjóða tóbak. Því næst þokaði hann sér undan faðmlagi stúlkunnar sem hélt annarri hendi utan um hann og var að sækja sér silfurpappír í veskið. „Ég þarf á klósettið.“ „Kemurðu ekki aftur?“ sagði hún brosandi. Hann umlaði eitthvað og kinkaði kolli. Vininn var hvergi að sjá þrátt fyrir leit í flestum herbergjum. Það var ekki alvarlegt næturstandið í risinu miðað við það sem við blasti um allt. Hljóðin drukknuðu í hávaða rokktónlistarinnar. Hann fann jakkann sinn og fór án þess að kveðja og leið frekar illa.

Síðasti strætó var ekki farinn, sem betur fer. Vagninn stoppaði í Lækjargötunni. Kannski væri Jón heima. Hann gekk hægum skrefum upp Bókhlöðustíginn og velti fyrir sér kvöldinu. Var hann bara aumingi að vilja ekki þiggja það sem honum var boðið? Nei, það gat ekki verið. Áfengi var fjandakornið löglegt og ekki var bannað að reykja, þótt það væri ekki skynsamlegt. En sígarettur og vindlar voru mörkin. Nógu slæmt var það. Hann hafði þó aldrei reykt í risinu, enda varla pláss fyrir bæði hann og reykinn. Nei, þessu yrði hætt.

Jón var heima og sat yfir þýzkustíl, ekki til að æfa sig fyrir sumarið heldur til að búa sig undir þýzkupróf. Þeir drukku te og gleymdu sér í samtali um komandi sumarstarf. Tilhlökkunin var mikil. Þetta yrði eitthvað annað en leiðindin í Háskólanum og MR, enda nóg komið af því, fannst þeim báðum. Ekki gekk að halda vöku fyrir Jóni. Prófið beið að morgni. Sjálfur gekk hann heim. Sporin voru þung. Heimurinn hafði misst lit í kvöld. Í ljós var komið að hann var ekki efni í harðan karl, þorði hvorki að reykja gras né fást við stelpurnar. Auðvitað var hún sæt, en hann langaði í eitthvað dýpra í samskiptum við fólk. Þau sem ekki höfðu verið að, sátu starandi út í loftið og hlógu að aumum aulabröndurum. Sjálfstraustið hafði aldrei verið mikið, en nú hafði hluti þess horfið, en einhver einfaldur skilningur á því hvað skipti máli var að síast inn. Eða var þetta bara vörn fyrir að hopa af hólmi?

Alls kyns hugsanir leituðu á þreyttan hugann. Það var óveður í sálinni. Stutt yrði í uppgjör. Mál var komið til að taka af skarið. Allt sem hann hafði upplifað síðustu dagana var of mikið til að greiða úr því í einu vetfangi. Kannski skipti það engu þótt hann byggi í lítilli herbergiskytru án aðgangs að baði, hefði ekki skrifborð og enga möguleika á því að elda mat eða hita sér te. Verst var að hafa ekki hljómflutningstækin. Í huganum ómaði Rolling Stones lagið „I Just Want to See His Face“. Textabúturinn sem lýsti því að söngvarinn vildi ekki ráfa um og tala um Jesús heldur fá að sjá hann söng innra með honum. „I don’t want to walk and talk about Jesus, I just want to see his face“.

Eitthvað jólalegra hefði átt að koma upp í hugann, en þetta sagði allt sem segja þurfti. Auðvitað myndi hann ekki hitta Jesús um jólin, en boðskapurinn yrði vel þegin tilbreyting frá ruglingi síðustu daga. Hann fann lykilinn, opnaði og gekk upp stigann, þreyttur, en stóð samt á sama um áhyggjur gærdagsins. Hverju skipti þó maður gæti farið með texta úr kennslubók eins og páfagaukur? Dagurinn í dag kenndi honum að enginn nema maður sjálfur getur ráðið fram úr vandamálunum. Lísa í Undralandi stóð ljóslifandi fyrir sjónum hans á krossgötunum, spyrjandi köttinn hvert halda skyldi. Þegar það skipti Lísu ekki máli svaraði kötturinn að þá skipti ekki máli hvert þau færu, ef þau héldu nógu lengi áfram kæmust þau eitthvert. Hann vissi hvert leiðin lægi næst, heim, út á land. Uppi í risinu var hávaði eins og fólk væri að skemmta sér. Sá drykkfelldi kom fram á gang úr herbergi konunnar og bauð honum að setjast með þeim. Það var álíka stórt og hans eigið. Hvernig stóð á því að fólk sætti sig við þetta, eldra fólk en hann sjálfur? Hann þáði boðið með hálfum huga. Þeim leiddist og hann hafði yfirgefið partíið. Af hverju ekki að vita hvað sambýlingar hans höfðu að segja. Eftir hálftíma stóð hann upp og þakkaði fyrir sig.

Í hjarta sínu var hann viss um að þau þrjú myndu ekki sitja að drykkju oftar, ef eitt glas taldi í þeim efnum. Hann var sannfærður um að jólin myndu færa honum eitthvað gott annað en hefðbundnar jólagjafir.

Í rútunni út á land daginn eftir var hann viss um að hann myndi ekki hitta jólabarnið og yrði að láta sér nægja að tala um það um jólin. Hann gæti sjálfur orðið jólabarn og notið þess sem jólin færðu hverjum þeim sem tók þeim fagnandi. Háskólinn, risið, sumarvinnan og ákvörðun um hvert skyldi halda myndu bíða fram yfir jól. Hann hlakkaði til að hitta foreldra sína og systkini, vini og kunningja.

Landslagið rann fram hjá kunnuglegt, en þó var eins og það hefði tekið á sig nýjan svip. Eitt og annað virtist frábrugðið frá síðustu ferð. Hann var frábrugðinn og hlakkaði óvenjumikið til jólanna. Sennilega sæi hann sambýlingana ekki aftur, en hann myndi sakna stúlkunnar að norðan. Hún var góðleg. Kannski var hún jólabarn.



Jólasveinar Grýlusynir

Jólasveinar Grýlusynir, nýtt leikrit eftir Elfar Loga Hannesson og Soffíu Vagnsdóttur var frumsýnt á Ísafirði í nóvembermánuði. Leikritið fjallar um sveinana þrettán sem brugðu sér hér forðum á bæina heim. Unglingspiltur er sendur í sveit til ömmu sinnar. Eftir að kýrin á bænum týnist er strákur sendur að leita hennar og finnur hann á leit sinni hvorki meira né minna en helli jólasveinanna og óþekktarangana sem þar búa. Elfar Logi Hannesson er ánægður með útkomuna þegar Bæjarins besta settist með honum í kaffisopa eftir fyrstu sýningarhelgi Jólasveina Grýlusona, þar sem var húsfyllir á báðum sýningum.

Við byrjum að ræða umgjörðina um sýninguna en leikritið er sýnt í Neðstakaupstað, nánar tiltekið í Tjöruhúsinu, sem hefur gegnt hlutverki veitingarstaðar um allanga hríð yfir sumartímann, en hinsvegar verið lítið nýtt að vetrarlagi.

„Tjöruhúsið hentar einstaklega vel fyrir þessa sýningu. Fyrir það fyrsta þá er það rautt að utan, sem tengist jólunum mjög mikið. Þegar inni í húsið er komið þá blasir við ævintýraheimur jólasveinanna, með hellinum þeirra og öllu tilheyrandi. Þegar sýningin hefst birtast svo jólasveinarnir einn af öðrum. Þeir eru af öllum stærðum og gerðum, við fórum fjölbreytta leið í því að hanna jólasveinana. Þeir eru mjög skemmtilegir, bæði eru þeir brúður og svo líka grímur. Það eru þrír sem birtast sem grímur sem er skemmtilegt form."

-Þetta hljómar mjög ævintýralegt

„Það er mikið aksjón á sýningunni og á æfingum vorum við svolítið hrædd við að það gæti verið aðeins of mikið fyrir litlar sálir að sjá alla þessa sveina. Sem betur fer virðist sá ótti ástæðulaus, allavega miðað við þessar sýningar sem eru búnar að vera, það fór enginn að skæla og enginn vildi fara út. Það er mjög gott."

– Þetta eru auðvitað ekki þessir jólasveinar sem flest börn þekkja í dag sem eru rauðklæddir og vinalegir?

„Nei, þetta eru ekki rauðir Coca Cola jólasveinar heldur þessir gömlu íslensku jólasveinar sem við eigum og eru hvergi annars staðar til. Krakkarnir eru sannarlega til í að hlusta á þá líka og trúa á þá ekki síður. Í þessum sveinum er mikill leikur og prakkaraskapur. Í leikritinu þá stela þeir Búkollu, kúnni á bænum. Sem þeir viðurkenna á endanum eftir mikla leit af henni. Þeir segjast reyndar hafa fengið hana lánaða."

– Var þá mjólkurskortur í hellinum?

„Já, það var búið að vera viðvarandi mjólkurskortur í hellinum. Skyrgámur hafði miklar áhyggjur af þessu, það yrði ekkert jólaskyr og það sem verra er enginn jólagrautur. Það er náttúrulega alveg nauðsynlegt að hafa hann. Pottasleikir átti hugmyndina að því að stela kúnni."

- Fá allir jólasveinarnir að leika samkvæmt skilgreiningunum á þeim, ertu að kynna fyrir krökkunum hvað það er sem þeir gera?

„Já það má segja það. Þeir fara svolítið út í það hvað þeir gera og af hverju, þar að auki taka þeir allir lagið. Það eru 14 lög í leikritinu, jólasveinarnir syngja allir með sínu nefi og síðan syngur strákurinn eitt lag með öllum sveinunum."

– Hvernig er söguþráðurinn?

„Nútíma unglingspiltur er sendur af foreldrunum í sveit til ömmu sinnar, meðal annars til þess að hvíla hann á internetinu sem hann hefur mikinn áhuga á. Hann hefur tileinkað sér nútímasiði og furðar sig á því að það sé ekkert GSM samband uppi á fjöllum. Hann nær ekkert í ömmu sína þegar hann fer að leita Búkollu þó hann reyni og reyni. Amman á sem sagt kú sem heitir Búkolla og hún hefur strokið af bænum einn ganginn enn. Piltur inn er sendur af stað að leita kýrinnar og leitin ber hann langt upp í fjöll þar sem hann sér jólasveinahellinn. Hann fer þar inn og lendir í miklum ævintýrum. Hann er ekkert á því að jólasveinar séu til, ekki trúgjarn á það í fyrstu. Síðan kemst hann að því að þarna eru jólasveinar og þeir eru bara býsna skemmtilegir, þó þeir hafi fengið kúna lánaða."

– Hvað með nöfnin? Nú heita þeir flestir eftir einhverri óþekkt eða einhverju sem þeir gera. En Stúfur, hvað gerir hann?

„Hann segir nú frá því sjálfur í verkinu að þó hann sé smár þá sé honum ýmislegt til lista lagt, eins og að tvista. Það kemur sér oft vel að vera smár því sveinarnir biðja hann oft um að ná í ýmislegt sem hefur dottið. Eins og ef það hefur tala dottið undir borð þá er hann beðinn um að ná í hana. Þannig að það er ekkert svo slæmt að vera lítill."

– Hvaðan kemur hugmyndin að verkinu?

„Það hefur verið á stefnuskránni í nokkur ár að setja upp jólaleikrit hér fyrir vestan. Við Sossa höfum verið að vinna svolítið sama. Þegar við vorum eitt sinn að æfa fyrir

Viltu gefa öðruvísi Jólagjöf?

Hvernig væri að gefa þeim sem þér þykir vænt um gjafabréf hjá Hertz bilaleigu.
Þú velur upphæðina og viðtakandi getur notað bréfið sem innborgun fyrir bílaleigubíl innanlands og erlendis.* Að auki tryggir þú með því viðbótar afslátt af okkar bestu kjörum hverju sinni.

Hafið samband við okkur og fáið frekari upplýsingar í síma 522 44 00 eða á hertz@hertz.is

Hertz

eitthvað prógramm, þá sýnir hún mér vísur sem hún hafði samið um jólasveinana íslensku. Þetta voru þrælskemmtilegar vísur og ég spyr hana hvort við getum ekki búið til sýningu, þar sem við myndum nota þessar nýju vísur við gömlu íslensku jólasveinana svona sem grunn. Þetta var efniviðurinn sem við vorum með og þá var bara að finna út úr því hvernig við ætluðum að segja þessa sögu. Þá kemur pilturinn inn í og síðan Búkolla aðeins seinna. Það var rótin að þessu. Við byrjuðum að vinna að handriti og öðrum undirbúningi í ágúst og fengum Marsibil til að hanna búninga og leikmynd. Þar sem það svo mikil tónlist þá fórum við í næsta hús við Sossu til Hrólfs Vagnssonar sem er auðvitað algjör snillingur og mikill fengur í að fá aftur hingað. Hann var alveg til í að koma í þetta með okkur og síðan erum við fjögur búin að vera í jólaskapi. Þegar ég kom heim eftir sýningu í gær þá setti ég jólavínylplötu á fóninn. Konunni fannst það nú reyndar fullmikið, en hún fékk að rúlla yfir sunnudagssteikinni. Jólin eru skemmtilegur tími og ég held að þetta leikrit sé eitthvað sem getur vel orðið partur af jólunum, svona eins og skatan. Meiningin er að halda áfram með verkið og bjóða aftur upp á það fyrir næstu jól.

Þetta er aðeins frábrugðið því sem Kómedíuleikhúsið hefur verið að gera, þarna er töluvert meiri leikmynd og veigameiri sýning í alla staði, allavega frá því við settum upp Mugg. Það eru mikil ljós í þessu og svona ýmislegt til að galdrarnir nái fram. Þó þetta sé einleikur þá eru tveir tæknimenn í vinnu á sýningum, yfirleitt hef ég bara verið einn að vinna í öllu saman. Það þýddi ekkert annað en gera þetta með stæl, þeir eru kröfuharðir sveinarnir. Við vonum bara að áhorfendur hafi gaman að.“

– Hversu ungir geta áhorfendur verið?

„Sá yngsti sem hefur komið til þessa er tveggja ára.“

– Og var hann alveg til friðs?

„Já já og hafði bara gaman af. Þetta er sýning sem krakkarnir fá að taka þátt og þau hafa verið að gera það, þau hjálpa stráknum í leitinni. Jólasveinarnir stela til dæmis nestisboxi stráksins sem hefur að geyma sviðakjamma, en hann vildi auðvitað pizzu, en amma hans veit ekkert hvað það er.“

– Verður skóla- og leikskólabörnum boðið upp á sýninguna?

„Við höfum fengið töluvert að fyrirspurnum í þá veruna en þetta er almenn sýning og það er okkar draumur að fjölskyldan komi saman um helgar og fari í leikhús. Að mamma og pabbi, amma og afi komi og eigi góða stund með krökkunum.“

– Fallegt í jólaundirbúningnum.

„Og styttir biðina. Það er líka frábært að geta kynnt þessar sögur. Við gerum allt of lítið af því að keyra á okkar sérkennum. Í staðinn tökum við upp hluti sem er verið að gera einhvers staðar annars staðar. Þetta er miklu betur til þess fallið vekja eftirtekt en sýning með einhverjum rauðum sveinum.“

– Ætlarðu að ferðast eitthvað með sýninguna?

„Sýningin er sniðin inn í Tjöruhúsið. Með hellinn við afgreiðsluborðið og síðan er leikið eftir húsinu langsum eins og í baðstofunum í gamla daga. Þetta er í sagnamennskustílnum, þó það sé mikill söngur og því um líkt þá er þetta fyrst og fremst sagan. Gömul saga sem er poppuð örlítið upp. Við erum að velta því fyrir okkur að fara eitthvað með hana, þó við gerum það ekki þessi jólin. Við þurfum að skoða hvernig við förum að með leikmyndina. Við erum búin að fá þrjár fyrirspurnir frá Patreksfirði um að sýna þar, en það er ekki svo hægt um vik að komast á milli staða á Vestfjörðum. Við reynum samt að komast á næsta ári, eins að fara til borgarinnar, að sýna þar í leikhúsi í afmarkaðan tíma. Við erum að þróa þetta og stækka. Við erum með í bígerð að gefa alla músíkina út á geisladiski, þetta eru 15 skemmtileg lög. Við eigum eftir að finna út úr því hvernig við gerum þetta, því diskurinn getur ekki verið hefðbundinn jóladiskur. Við verðum að halda sögunni með, að láta lögin og textana tengjast. Þetta verður einskonar leikhús-jólasögu-diskur. Við erum ekkert að flýta okkur, erum búin að taka upp tvö lög og gerum ráð fyrir að diskurinn komi út 2008.“

– Þú hefur ekki mikið gert af því að syngja og dansa í verkum þínum hingað til

„Það er eitthvað sem ég hef ekki verið mikið í, nema þá bara með Megas, sem ég er enn að sýna annað slagið. Það var bara þannig að þetta voru vísur og það var fyrirsjáanlegt að ég þyrfti að syngja. Það var áskorun fyrir mig að takast á við, ég hef aldrei flíkað því að vera einhver stórsöngvari, en þegar maður er kominn í karakter þá gerist ýmislegt og karakterarnir taka völdin. Þannig að jólasveinarnir syngja þetta, hver með sínu nefi. Ég fékk athugasemd frá einum áhorfanda sem fannst skemmtilegar hreyfingarnar og dansspor í sýningunni, sem ég var ekki búinn að gera mér grein fyrir, en þegar maður setur upp grímurnar þá taka þær völdin og þú veist í raun ekkert hvað verða vill. Gáttaþefur er með mjög skemmtilegt dansferli í sínum söng og nýtir sér kosti nefsins sem leiðir hann áfram.“

– Má segja að þetta séu hraðsoðnir íslenskir jólasveinar?

„Já, þeir eru töluvert aðgangsharðir. Fólki ætti ekki

Frá uppfærslu Kómedíuleikhússins á Jólasveinar Grýlusynir í Tjöruhúsinu.

að leiðast. Það er mikið tempó í sýningunni og jólasveinarnir 13 kynntir á innan við klukkutíma, hver fær sitt rými og sinn söng.“

Umræður spinnast upp um það hversu mikið nútímamaðurinn þolir að sitja yfir hlutunum og erum við nokkuð sammála um að það sé með góðu móti eins og einn sjónvarpsþátt eða eina Stundina okkar.

„Það þarf að hafa nóg um að vera og passa upp á að það sé ekki dauð stund“

Jólasveinar Grýlusynir tekur tæpan klukkutíma og á eftir sýningu er leikhúsgestum boðið upp á heitt súkkulaði og smákökur. Eftir sýningu mega gestirnir líka skoða sveinana.

– annska@bb.is

Marel
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða

SPARISJÓÐUR Bolungarvíkur
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

SPVF SPARISJÓÐUR VESTFIRÐINGA
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

HG HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

ORKUBÚ VESTFJARÐA OHF
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

GLITNIR
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

Óskum viðskiptavinum okkar, samstarfsaðilum
og Vestfirðingum öllum, gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs!
Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða!
VESTFIRSKIR
VERKTAKAR
SKEIÐI 3 · 400 ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 6600

Kveikt upp

Ætli jólagjafirnar mættu ekki frekar missa sín, eða jólatréð? Jú, ekki nokkur spurning, jóla hitt og jóla þetta má allt missa sín svo lengi sem hangikjötið er á sínum stað. Kannski ekki hjá yngri kynslóðinni en hjá hinum eldri eru jólin meira og minna ein átveisla. Svo stórfengleg að annáluðu nautnaseggirnir í Róm myndu roðna. Í jólaglöðum Íslendingum hafa þeir mætt ofjörlum sínum. Hangikjöt með uppstúf, kartöflum og grænum baunum og laufabrauði eða hveitikökum er eina máltíðin í öllu matarsvallinu sem fullyrða má að sé snædd á öllum heimilum landsins. Og á betri heimilum er boðið upp á heimareykt, ekki sálarlaust verksmiðjukjöt. Það er ekki bara í sveitum landsins sem merki heimareykingar er haldið á lofti því í gömlum hænsnakofa á Grænagarði í Skutulsfirði hafa þrír menn komið sér upp reykkofa.

Dýrðin.

Valdastrúktúr

Ég mælti mér mót við tvo þeirra og fylgdist með einni uppkveikju. Reyndar bólaði ekkert á öðrum þeirra. Áður en lengra er haldið skal flókinn valdastrúktúr þessa félags útskýrður. Eftir því sem mér skildist trjóna á toppnum Pétur Oddsson og Hjalti Karlsson, þó hvor sé á sínum toppi. Ætternis síns vegna er Pétur yfirmaður fasteigna og staðarhaldari en Pétur er barnabarn Péturs Pétursonar sem kenndur er við Grænagarð. Hvað faglegu hliðina á hanteringu kjötsins snertir er Hjalti aðalmaðurinn, fagurkeri á mat og nostrari mikill. Þó geta þessar valdalínur víxlast eitthvað. Þetta er semsagt nokkuð flókið. En það sem er á hreinu er að þriðji maðurinn og lærlingurinn, eins og Jón Sigurpálsson er kallaður, er á botninum, sáttur við sitt hlutskipti. Hann fær jú að læra þessa fornu og dýru list. Lærlingurinn var ekki mættur og á meðan dáðumst við að forláta handsmíðuðum sleða sem Grænagarðsmenn smíðuðu fyrir margt löngu og liggur upp við skúrina. Pétur leggur ríka áherslu að þetta sé skúrin í kvenkyni, upp á góða vestfirsku. Jón lærlingurinn er hvergi sjáanlegur og það kurrar í Pétri. „Hann lærir þetta þá bara seinna“, segir hann og gott ef ég finn ekki örla fyrir vonbrigðum með lærlinginn. Greinilega miklar vonir bundnar við hann.

Kofinn

„Þetta er allt Óla í Árbæ að kenna“, segir Pétur spurður um ástæðu þess að þeir fóru að reykja. „Ilminn úr reykkofanum hans leggur yfir Holtahverfið og þetta ærði uppi í manni hungrið í gott hangikjöt.“ Reykkofinn er skammt fyrir ofan skúrina og á sér merka sögu. Pétur minnir að hann hafi heyrt að þegar afi hans var að byggja Grænagarð hafi hann búið í kofanum. Ætli kofinn sé ekki einir átta skrefaðir fermetrar. Þegar íbúðarhúsið var fokhelt var flutt inn og sofið í tjaldi í stofunni fyrst um sinn því enginn var hitinn í húsinu. Næstu ábúendur kofans voru hænur Péturs Pétursonar.

Saltið

Það er mikil kúnst að reykja og galdurinn liggur í söltuninni. Kjöt þeirra félaga er pækilsaltað og þrátt fyrir fortölur og peningaboð tókst ekki með nokkru móti að draga upp úr Pétri styrkleika pækilsins eða tímann sem kjötið liggur í. Hér áður fyrr voru lærin þurrsöltuð. Það varð til þess að söltunin náði ekki alltaf inn að beini og gat komið þrái í kjötið. Pétur segir að hangikjötsilmur sé hálfgert rangnefni þegar slíkt kjöt er soðið. En gömlu mönnunum þykir það víst best, þeim þykir þráinn oft og tíðum lostæti. Fyrir síðustu jól misfórst söltunin eitthvað og kjötið eilítið brúnt inn við bein. Það skal ekki henda aftur og mikið lagt í söltunina þetta árið.

Nútíminn

Þeir félagar nota hefðbundinn eldmat. Mó og tað eins og hefur verið notað frá landnámsöld. Mórinn kemur úr Engidal, nánar tiltekið niður við Langá þar sem jarðvegurinn hefur verið spændur upp vegna malarnáms. Taðið frá velviljuðum bændum í nágrenninu. Kveikt er upp í tunnu sem er fyrir utan kofann og reykurinn leiddur inn. Þó hér sé verið að gæla við gamlar hefðir hefur nútíminn haldið innreið sína í gamla hænsnakofann á Grænagarði. Búið að leiða rafmagn í kofann og tölvustýrð vifta sér um að dæla reyknum inn. Hvergi friður fyrir þessum nútíma. Skyldi Óli á Árbæ vera með tölvustýrða viftu? Trekkurinn sveik í Ísafjarðarlogninu og því þurfti að dæla reyknum inn í verstu lognmollunum. Hæfilegur skammtur af mó er settur í eldhólfið, taði stráð yfir og firað upp með gasbrennara því mórinn er ekki beint eldfimur þó lengi logi í honum eftir að upp næst glóð. Mér skilst að hann afi minn hafi bara skvett vænni slettu af steinolíu á móinn, eða svörðinn eins og mórinn er kallaður á hans slóðum, og kastað eldspýtu í. Það þætti ekki góð latína í dag. Enn bólar ekki á lærlingnum.

Kjötsviminn

Það er eitthvað vesen á viftunni. Kannski kominn vírus í tölvustýringuna? Ekkert hangikjöt þetta árið vegna tölvuvírus. Það væri saga til næsta bæjar. Jafnvel á Árbæ. Eftir smá fikt hjá rafvirkjanum Pétri fer þetta allt saman að malla og reykurinn liðast um kjötið. Anganin er dásamleg. Ég fæ kjötsvima af lyktinni og tilhugsuninni einni saman. Pétur opnar hurðina að reykherberginu og þarna blasa þau við lærin, fimmtíu talsins og reykurinn liðast um þau. Þvílík sýn. Ég er sem dáleiddur. Pétur lokar hurðinni og dýrðin er mér horfin. Uppkveikjunni er lokið. Þá loksins mætir Jón lærlingur. Furðu brattur miðað við seinkomuna.

– Smári Karlsson.

Mórinn settur í bakkann.



Pétur í fyrrum íbúðarhúsi og hænsnakofa. Nú reykkofa.

2007 · 2008

NÝÁRSMATSEÐILL

LAUGARDAGINN 5. DESEMBER

• VILLITERRINE MEÐ APPELSÍNUSMJÖRSÓSU
• ENGIFER OG LIME MARINERUÐ LÚÐA
• MOJITOSORBET
• FASHANI MEÐ GRÆNMETISRANDERLINU OG RÓSMARÍNSÓSU
• MYSUOSTAMARMARI
• ÁRAMÓTADESERTINN 2008 - KAFFI OG KONFEKT

9.500 KR. - MATUR
13.500 KR. - MATUR OG SÉRVALIN VÍN

LIFANDI TÓNLIST!
VEISLUSTJÓRI: HALLDÓR HALLDÓRSSON
DANSLEIKUR

SKÖTUVEISLAVEISLA 23. DES
SMURBRAUÐSVEISLA 23. DES

Við Pollinn
Restaurant - bar

MIÐAPANTANIR Í SÍMA:
456 3360

Office1 Superstore

Starfsfólk Office1 óskar
Vestfirðingum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári með þökk
fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

Opnunartímar til jóla:
Opið fimmtudag til laugardags til kl. 22:00
Opið á Þorláksmessu til kl. 23:00
Opið á aðfangadag frá kl. 09:00 - 13:00

Gamla sjúkrahúsið komið í jólabúninginn

Árleg jólasýning er hafin í Safnahúsinu á Ísafirði. Gamla sjúkrahúsið er komið í jólabúninginn og eru þau Grýla og Leppalúði mætt í skápinn að venju og synir þeirra tínast nú inn hver á fætur öðrum. Gömlu jólatrén hafa verið sett upp ásamt öðru jólaskrauti. Á jólasýningunni í ár er að finna söfn jólakorta en stærst er safn sem við fengum afhent í byrjun ársins, jólakort frá bókaverslun Matthíasar Bjarnasonar á Ísafirði. Sýningin ber heitið Með jólakveðju.

Atvinnuleysi karla næst minnst á Vestfjörðum

Atvinnuleysi karla var næst minnst á Vestfjörðum í nóvember eða 0,3% af áætluðum mannfjölda. Einnig var atvinnuleysi kvenna í lægri kantinum eða 1% sem er jafnt og á Vesturlandi og er það aðeins minna á Austurlandi. Meðalfjöldi atvinnulausra á Vestfjörðum var 23 í nóvember eða 0,6% af áætluðum mannfjölda en var 0,9 í október. Atvinnulausum hefur fækkað milli mánaða um 12. Atvinnuleysi kvenna var 1% í nóvember en var 1,3% í október s.l. og atvinnuleysi karla var 0,3% í nóvember en 0,6% október sl. Atvinnulausir karlar voru 7 í nóvember en 14 í október sl. en atvinnulausar konur voru 16 í nóvember en 21 í október.

Umframeftirspurn var í stofnfjárútboði Sparisjóðs Bolungarvíkur.

Mikill áhugi á stofnfjárútboði

Mikil umframeftirspurn var í stofnfjárútboði Sparisjóðs Bolungarvíkur. Útboðinu lauk á föstudag í síðustu viku og nýttu allir forkaupsrétthafar sinn rétt og gott betur. Mikill meirihluti stofnfjáreigenda nýtti rétt sinn til aukningar og seldist allt stofnfé er stóð til boða í fyrstu umferð útboðsins. Í útboðinu jókst stofnfé um 500 milljónir að nafnverði. Heildarverðmæti stofnfjár var fyrir útboðið rúmlega 233 milljónir en er eftir útboð rúmlega 733 milljónir. Umsjónaraðili útboðsins var Sparisjóður Keflavíkur.

Í tilkynningu frá Sparisjóðnum kemur fram þakklæti til stofnfjáreigenda fyrir það mikla traust sem þeir sýna Sparisjóðnum með þátttöku í útboðinu. Þá segir að Sparisjóður Bolungarvíkur sé eina bankastofnunin með höfuðstöðvar á Vestfjörðum eftir sviptingar á fjármálamarkaði síðustu mánuði.

Í byrjun þessa mánaðar samþykktu stofnfjáraðilar Sparisjóðs Vestfirðinga að ganga til sameiningar við Sparisjóð Keflavíkur og Sparisjóð Húnaþings og Stranda.

–smari@bb.is

Tófan er frumbyggi Íslands

Sannanir hafa verið færðar fyrir því að tófan (*Alopex lagopus*) sé frumbyggi þessa lands, eina spendýrið sem verið hafi á Íslandi við landnám. Í nýlegri rannsókn á tófubeinum sem fundust í Hvalsárhöfða milli Kollafjarðar og Steingrímsfjarðar á Ströndum, og greint er frá í nýjasta tölublaði Náttúrufræðingsins, kemur fram að beinin eru um 3500 ára gömul og því talið sannað að tófan hafi numið hér land langt á undan manninum.

Á fréttavef Strandamanna, strandir.is, segir frá því að árið 2004 hafi fundist bein í hellisskúta nokkrum sem kom fram við sprengingar í klettum í tengslum við vegagerð þar sem heitir Rauðaberg í Hvalsárhöfða, milli Grindar og Hvalsárdrangs. Fuglafræðingarnir Jón Hallur Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir, sem eru meðhöfundar próf. Páls Hersteinssonar spendýrafræðings að greininni í Náttúrufræðingnum, tóku þau til rannsóknar eftir ábendingu Guðbrandar Sverrissonar á Bassastöðum sumarið 2005 og fleiri bein fundust svo 2006 í rannsóknarferð Páls. Beinin voru stökk og molnuðu við litla snertingu. Þeim var komið í aldursgreiningu við háskólann í Stokkhólmi þar sem einangraður var bandvefur úr hverri hauskúpu, en þær voru alls sjö. Beinin voru ekki öll jafn gömul og lítur helst út fyrir að á nokkur hundruð ára tímabili hafi refirnir leitað inn í hellisskútann til að drepast af náttúrulegum orsökum.

Arfgerð íslensku tófunnar er einstök og mjög frábrugðin öllum öðrum refum. Í samtali við Morgunblaðið sagði Páll Hersteinsson að þó erfðafræðirannsóknir hafi bent til þess að tófan hafi verið einangruð mjög lengi á landinu hafi aldrei beinlínis verið sýnt fram á það með óyggjandi hætti.

„Okkur finnst líklegra að tófan hafi komið hingað frá Evrópu en frá Grænlandi. Við vitum að á ísbreiðunum milli Íslands og Evrópu voru hvítabirnir og líklegt að tófur, sem voru í V-Evrópu, hafi þvælst á ísnum í kjölfar bjarnanna. Hinsvegar var mjög þykkur jökull yfir Grænlandi og sömuleiðis yfir kanadísku heimskautaeyjunum. Vegalengdin frá Alaska, þar sem íslaust var, var miklu lengri en að austan, og leiðirnar lágu yfir jökla og ófærur," sagði Páll í Morgunblaðinu.

FASTEIGNASALA VESTFJARÐA

Tryggvi Guðmundsson hdl - löggiltur fasteignasali
Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244
Guðmundur Óli Tryggvason - löggiltur fasteignasali
Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
Heimasíða: www.fsv.is



Miðtún 29, Ísafirði

Steinsteypt einbýlishús á góðum stað, klætt að utan með stálklæðningu, húsið er á tveimur hæðum og er samtals 201 m² með sólstofu.

20.500.000,-

Hlíðarvegur 43, Ísafirði

Steinsteypt 185,9 m² endaraðhús á þremur hæðum ásamt 27 m² sér bílskúr, samtals 213 m². Séríbúð á neðstu hæð hentar vel til útleigu.

19.300.000,-



Bakkavegur 29, Hnífsdal

279,4 m² steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum með 5 svefnherbergjum og 60 m² innbyggðri bílgeymslu á neðri hæð.

22.000.000,-

Stórholt 7, Ísafirði

81 m3 þriggja herbergja íbúð á 1.hæð fyrir miðju í fjölbýli, þvottahús í íbúð og geymsla í sameign.

7.500.000,-



Hafraholt 36, Ísafirði

154,4 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 35 m² bílskúr, nýtt eldhús og nýtt þakjárn.

22.900.000,-

Ólafstún 3, Flateyri

Mikið endurnýjað 199 m² steinsteypt einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr. Fjögur svefnherbergi.

15.500.000,-

Fjarðarstræti 38, Ísafirði

72 m² mikið endurnýjuð þriggja herbergja íbúð á 2.hæð í fjölbýlishúsi.

8.300.000,-

Austurvegur 1, Ísafirði

84,6 m² atvinnuhúsnæði á 2.hæð í miðbæ Ísafjarðar.

Tilboð óskast

Stakkanes 6, Ísafirði

144,2 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt 29,6 m² bílskúr. Þrjú svefnherbergi, sólstofa og glæsilegur sólpallur.

19.500.000,-

Hjallastræti 25, Bolungarvík

Steinsteypt 123 m² einbýlishús á einni hæð með 35 m² bílskúr. Fjögur herbergi, nýr vatnshitakútur.

10.700.000,-

Leigjendur og leigusalar athugið! Nú er hægt að auglýsa eignir til leigu eða óska eftir eignum til leigu á vef okkar

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, sonar, tengdasonar, föður, tengdaföður og afa,

Óskars Hálfdánssonar
Holtastíg 16, Bolungarvík

Karitas Hafliða

Hálfdán Einarsson — Petrína H. Jónsdóttir
Níelsína Þorvaldsdóttir
Benedikt N. Óskarsson — Heiðrún Helgadóttir
Hálfdán Óskarsson — Rósa S. Ásgeirsdóttir
Ingibjörg Óskarsdóttir — Guðmundur S. Brynjólfsson
Halldóra Óskarsdóttir — Guðmundur B. Björgvinsson
og barnabörn

Einhuga um olíuhreinsistöð

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ítrekað áhuga sinn byggingu olíuhreinsistöðvar á Vestfjörðum og samþykkti samhljóða bókun þess efnis. Fjórðungssamband Vestfirðinga kynnti fyrir helgi tvær skýrslur um frumathuganir fyrir olíuhreinsistöð í Dýrafirði eða Arnarfirði. Í skýrslunum kemur fram að ekkert í aðstæðum og náttúrufari Vestfjarða komi í veg fyrir að stöðin rísi. Í bókuninni er fyrri samþykkt um áhuga Ísafjarðarbæjar á byggingu ítrekuð með fyrirvörum um að hún standist íslensk lög og skuldbindingar í umhverfismálum. Bókunin var lögð fram af Halldóri Halldórssyni bæjarstjóra og afgreidd samhljóða. Bókunin er svohljóðandi:

„Í tilefni af útkomu skýrslna Fjórðungssambands Vestfirðinga um olíuhreinsistöð á Vestfjörðum, ítrekar bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar fyrri samþykkt um áhuga á því að möguleikar á byggingu olíuhreinsistöðvar í Ísafjarðarbæ verði kannaðir til fullnustu. Vísað er til sömu fyrirvara og áður um að lykilatriði er, að áætlanir um uppbyggingu og rekstur slíkrar stöðvar standist íslensk lög og skuldbindingar í umhverfismálum. Jafnframt er nauðsynlegt að rannsókn verði gerð á áhrifum framkvæmdarinnar á samfélagið og að framkvæmdin muni hafa jákvæð áhrif til eflingar byggðar á Vestfjörðum."

Heillað af Dubai

Ísfirðingurinn Dagbjört Tryggvadóttir starfar um þessar mundir í Dubai við að búa til landseyjalíkan úti í sjó sem er einsdæmi sér í veröldinni. Dagbjört er í byggingafræðinámi í Danmörku en í því felst starfsnám hjá byggingarfyrirtæki, verk eða arkitektastofu. Að eigin sögn segist Dagbjört vilja flakka sem víðast um heiminn í starfsnámi sínu til að fá sem mest út úr reynslunni Ástæðan fyrir því að Dubai varð fyrir valinu má rekja til þess þegar Dagbjört starfaði sem flugfreyja hjá Air Atlanta en borgin heillaði hana frá fyrstu sýn. Bæjarins besta hafði samband við Ísfirðinginn víðförula og forvitnaðist um lífið í Dubai.

„Ég er að vinna hjá verktaka sem vinnur að uppfyllingu af heimslíkaninu „The World“ eða Heiminum. Það eru margir verktakar að verkinu en það er komið langt á veg en þó líka langt frá því að verða búið, svo að það er erfitt að segja til um fólksfjöldann sem vinnur að þessu. En mesta vinnan er unnin upp á landi það er hönnunin og undirbúningurinn hefur tekið langan tíma. Byggingaframkvæmdirnar sjálfar hafa ekki ennþá hafist þar, en áætlað var að þær gætu ekki hafist fyrr en eftir tíu ár þar sem jarðvegurinn þarf að síga og jafna sig. En sá tími hefur styst talsvert og einhverjir hafa stefnt á að byrja húsbyggingar innan tveggja ára. Það sem unnið er út á sjó er mest bara sanduppfylling og magntaka.

Um það bil helmingur eyjanna hafa verið seldar en þá hafa stjörnur á borð við Tom Cruise, herra og frú Beckham og Rod Steward, svo að dæmi séu nefnd, keypt sér eyju. En verðmunur er misjafn og fer auðvitað eftir staðsetningum og svo stærð. Góða Íslandið er t.d ekki val þar sem eyjan okkar mun gegna hlutverki þjónustueyju, þar sem hún er staðsett miðsvæðis og verður notuð svona svipað og Keflavíkurflugvöllur. Við erum jafn vel staðsett þarna og í hinum rétta heimi.

En núna er ég að vinna við brúarframkvæmdir, undirgöng undir byggð svæði og undirbúning innanbæjarlestar hérna í Dubai eða svokallað „Subway“ neðanjarðarlestakerfi. Fólksflutningar eru stígandi vandamál hérna þar sem fólksfjölgunin er ör og erfitt að segja til um hver hún verður í komandi framtíð. Og því eru miklar vega- og brúarframkvæmdir einnig í gangi hérna. Ég hef fengið að flakka svolítið mikið á milli svæða svo að ég geti fengið sem mest út úr þeim tíma sem ég er hérna.

Fyrirtækið Nakheel eru framkvæmdaraðilarnir af „The world“ og er hægt að heimsækja heimasíðu þeirra hérna á www.nakheel.ae til að sjá hvernig þetta er áætlað að muni líta allt saman út. Þá eru þeir líka með Pálmana þrjá sem einnig eru sanduppfylling sem teygir sig út í sjóinn. En þeir eru landfastir og það er hægt að keyra þangað út. Áætlað er að byggðar verði að meðaltali 120 villur á hverri grein (trjágrein) en hægt er að sjá myndir af þeim einning inn á síðunni hjá Nakheel. Á pálmunum eru byggingaframkvæmdir hafnar af fullum krafti og búið er að flytja inn í nokkrar villurnar þar. En þær eru margar með einkaströnd fyrir framan húsin.“

Dubai misskilin sem olíuborg

Dubai er í mikilli uppsiglingu og skráðir íbúar hérna eru um 1,7 miljónir en allir sem eru hérna að vinna verða að vera skráðir inn í landið, engan svarta markað er hérna að finna. Svo þeir hafa gott yfirsýn á fólksfjöldann hérna. En af þessum 1,7 milljónum eru aðeins 15% innfæddir þ.e. Emiratatar. En annars eru Indverjar og Indónsar í miklum meirihluta þar sem þeir eru ódýrt vinnuafl og þá koma Suður-Afríkubúar, Bretar og Þjóðverjar sem starfa að mestu við byggingageirann, heilbrigðisgeirann, fasteignasölu og bankastarfsemi. En auðvitað er að finna fólk frá mörgum öðrum þjóðernum. Enska er alls staðar töluð og maður finnur ekki fyrir því að vera útlendingur. Því eins og ég sagði þá eru þeir í meirihluta og tilheyri ég þeim „flokki“.

Dubai hefur oft verið misskilin fyrir að vera olíuborg sem hún í satt að segja er ekki, en mesta olían kemur frá Abu Dabi sem einnig höfuðborg Sameinuðu Arabísku Furstadæmana. En í Dubai er verið er að leggja mikla áherslu á túrisma og fylgir því mikil fólksfjölgun sem starfar við þjónustu að því og það er endalaust verið að byggja hótel og aðrar byggingar og afþreyingasetur sem draga að túrisma. Og þess vegna eru allar þessar byggingaframkvæmdir í gangi.“

Flugfreyja í pílagrímsflugum

– Hvernig kom það til að þú fórst að starfa í Dubai, alla leið frá Ísafirði?

„Það er löng saga að segja frá því hvernig mér datt í hug að fara hingað út. En sennilega á flökkuþörfin mín stóran part í því. Ég er í byggingafræðinámi í Danmörku og þar er skylda innan námsins að taka svokallað starfsnám hjá byggingafyrirtæki, verk eða arkitektastofu. Ég vann í sumarfríinu mínu í Skotlandi hjá danska verktakanum Phil og Sön sem er móðurfyrirtæki Ístaks HF en þar eru þeir að byggja tíu barna og unglingaskóla fyrir íslenska fjárfestingafyrirtækið Nysi hf. Ég tók þar smá part af þessu svokallaða starfsnámi þar en restina tek ég svo hérna eða meiripartinn.

En upphaflega hugmyndin af því að koma á þennan stað fékk ég þegar ég starfaði sem flugfreyja hjá Air Atlanta fyrir nokkrum árum og þá voru svokölluð pílagrímaflug flogin á þeirra vegum einu sinni ári. Ég fór í þrjú slík flug og fannst mér alltaf þessi heimur hérna heillandi eftir það. Ég hugsaði oft um að sækja um sem freyja hjá flugfélaginu hérna í Dubai en það varð svo ekki úr því. Hins vegar gerðu nokkrar samstarfskonur mínar það og gaman frá því að segja að tvær þeirra eru hér enn.“

Draumur sem rættist

„Þegar það kom að því að huga að því hvert ég ætti að fara í starfsnámið svokallaða lá hugurinn alltaf hingað til Dubai. Eitt kvöld var svo sjónvarpsþáttur um þær byggingaframkvæmdirnar sem hérna eru í gangi og viðtöl voru tekin við Dani sem eru búsettir í borginni. Þetta kveikti ennþá meira í mér og ég ákvað á þeirru stundu að koma hingað.

Það gekk þó ekki þrautarlaust fyrir sig. Ég sendi inn ótal umsóknir og oftast var ekkert um svör eða þá heldur lítil og vissu þeir þá ekkert hvað þetta „starfsnám“ væri þó svo að ég sendi greinargóða lýsingu af því með. Ég var ákveðin að fara þarna niður eftir og gekk endalaust á eftir þessu. En það hófst að lokum.

Og er nú draumurinn allur að rætast, stundum finnst mér eg vera sofandi og bara eftir að eiga að vakna. Þar sem þetta umhverfi hérna er bara eins og vera barn í heimi fullum af sælgæti, þ.e. ef að maður hefur einhvern áhuga á byggingaframkvæmdum þá er þetta staðurinn til að skoða. Einnig er þetta þó bara frábær sumardvalarstaður það er rosalega margt hægt að gera hérna til afþreyingar. Þeir eru auðvitað stærstir í öllu og eru nú að hefja bygginar á stærsta Disney world í heimi. Stærsta bygging í heimi er nú á lokastigi en hún er þannig hönnuð að ekkert mál er að bæta við einni eða fleiri hæðum ofan á hana ef að einhver önnur bygging skyldi ná hæðarmarkinu.Og eru þeir nú þegar byrjaðir á grunni annarrar byggingar sem er þeim mun stærri, bara við hliðina.

Þessu ævintýri mínu fer senn að ljúka hérna og þetta hefur verið reynslumikill tími, bæði sem upplifun og í vinnu. En ég er viss um að hingað kem ég aftur og hef jafnvel hugsað mér að koma hingað og vinna eftir útskrift. Það eru góð laun í boði hérna og vöntunin á tæknimenntuðu fólki er mikil og ekki skemmir fyrir að hér eru ekki borgaðir skattar. En allir eiga sér draum, málið er bara að láta hann rætast“, segir Ísfirðingurinn Dagbjört. *– thelma@bb.is*

Dagbjört við Burj al arab.

Dagbjört og Abrakel túlkurinn á vinnusvæðinu.

Þegar þú ert kominn á þennan aldur er gott að eiga vænan lífeyrissparnað hjá Lífeyrissjóði Vestfirðinga! Þú sleppur við jólaköttinn ef þú gengur frá samningi fyrir áramót! Það gerir þú á netinu www.lvest.is. Þar getur þú líka greitt iðgjöld og skoðað réttindi þín í Lífeyrissjóði Vestfiðinga, fengið yfirlit yfir stöðu þína og margt fleira.

Lífeyrissjóður Vestfirðinga óskar Vestfirðingum og öðrum landsmönnum árs og friðar

LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

Hafnarstræti 9-13, 400 Ísafirði • Sími: 456 4233 • Fax: 456 4710 • Netfang: afgr@lvest.is • Heimasíða: www.lvest.is

Mannlífið

Jólakveðja frá Ástralíu

Sælir vinir. Vanalega á þessum tíma er ég búinn að skrifa flest af jólakortunum sem ég sendi fjölskyldu og vinum á Ísafirði en hef ekki náð að gera það í þetta sinn. Fyrir sex vikum fékk ég starf að jarðskjálftarannsóknaskipi í Ástralíu og fékk tólf klukkustundir til þess að gera mig kláran og þar af leiðandi var enginn tími til þess að skrifa kort. Þess vegna bið ég fyrir kveðju í BB til allra heima á Íslandi. Ég kem heim í land rétt fyrir jól í ár og lendi að morgni 24. desember. Ég eyði nú miklum tíma við tölvuna (sem er óvenjulegt hjá mér) og fylgist með fréttum að heima og þar er enginn betri miðill en BB. Eftir 21 ár í burtu kalla ég Ísafjörð og Ísland enn heimili mitt og þannig verður það alltaf. Ef einhver hefur áhuga er hægt að ná í mig á netfanginu *runarhedinsson@gmail.com.* Kær kveðja, Rúnar Héðinsson.

Smáauglýsingar

Til sölu er Subaru Impreza GL, árg. 2001, ekinn 81 þús. km. Tveggja lítra vél, sjálfskiptur. Uppl. í síma 897 4283.

Kaupi bíla til niðurrifs. Uppl. í síma 899 4201.

Til sölu er Galant árg. 93, ekinn 158 þús. km., 2000 vél, 137 hestöfl. Sjálfskiptur, nýskoðaður. Nýir bremsuklossar og nýr geymir. Heilsársdekk. Verð kr. 250 þús. Uppl. í síma 867 0799.

Til sölu er vel með farið 28" Toshiba sjónvarp. Átta ára gamalt. Uppl. í símum 456 3833 eða 569 4853.

Vantar vel með farinn ísskáp, helst ekki hærri en 150 cm, uppþvottavél og barnamatarstól. Uppl. í síma 867 6657.

Taktu eftir! Ef þú ert að spá í að kaupa þér rafknúinn lyftistól, hringdu þá í síma 843 9405 eða 456 3380. Frábært verð.

Vel með farinn ísskápur, ca. 1.50 cm á hæð óskast. Á sama stað óskast Hokus Pokus stóll. Uppl. í síma 869 5636.

Til sölu er fimm ára gömul AEG þvottavél og mánaðar gamall AEG ísskápur með frystihólfum. Uppl. í síma 869 5636.

Til sölu er Hyundai Santa Fe, árg. 2005, ekinn 47 þús. km, dísel. Uppl. í símum 456 6211 og 863 6107.

Óska eftir svefnsófa, ódýrt eða gefins. Uppl. í síma 865 7214.

Til sölu er Beretta Pintail 3" hálf sjálfvirk haglabyssa. Er sem ný. Uppl. í síma 847 8531.

Til sölu er Toyota Hiace sendibíll, árg. 96, 2,4 dísel. Upplýsingar í síma 846 7479.

Til sölu er Mini Cooper árg. 02. Sá allra flottasti í bænum. Uppl. í síma 847 3856.

Til sölu er hvítur Subaru Forrester árg. 1998, ekinn 137 þús. km. Sjálfskiptur, vetrar- og sumardekk fylgja. Viðmiðunarverð Bílgreinasambandsins er 543 þús. Uppl. í síma 456 3317.

Smáauglýsingasími 456 4560

Kirkjustarf

Hnífsdalskapella: Aftansöngur á aðfangadag kl. 18:00. **Ísafjarðarkirkja:** Miðnæturmessa á aðfangadagskvöld kl. 23:30. Jólamessa á jóladag kl. 14:00. Aftansöngur á gamlársdag kl. 18:00. **Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði:** Messa á jóladag kl. 15:30. **Súðavíkurkirkja:** Jólamessa á 2 í jólum kl. 14:00.

Spurning vikunnar

Hversu miklu eyðir þú í jólagjafir?

Alls svöruðu 498.
Undir 50 þúsund sögðu 214 eða 43%
50-100 þúsund sögðu 184 eða 37%
Yfir 100 þúsund sögðu 100 eða 20%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Vestfirsk aðventa

Jólin eru á næsta leiti. Jólaljósin lýsa út í skammdegið og fólk undirbýr hátíð ljóss og friðar með tilheyrandi tilhlökkun, annríki og stressi. Bæjarins besta forvitnaðist um það hvernig aðventan og jólahátíðin fer fram hjá nokkrum Vestfirðingum og nú ætlar Svala Sigríður Jónsdóttir, kúa- og fjárbóndi í Birkihlíð í Súgandafirði að segja frá jólunum sínum í ár sem verða fyrstu jól Svölu, mannsins hennar Svavars og litla Sverris Bjarka í nýja húsinu þeirra sem þau fluttu inní í sumar og hafa nefnt Hlíð.

„Aðventan og jólin að þessu sinni eru ólík öllum undanförnum. Þetta er í fyrsta skipti sem við erum í eigin húsi, sem við höfum bisað við að koma upp síðustu þrjú árin og þar höldum við okkar fyrstu jól, ef svo má að orði komast, þó að ég hafi búið hér fyrir vestan í 4 ár. Svo eru þetta líka fyrstu jólin sem Sverrir Bjarki hefur vit til að njóta en hann varð 1 árs í júlí. Við eigum eftir að móta okkar eigin hefðir en höfum ýmsar hugmyndir sem hafa komið héðan og þaðan, úr báðum fjölskyldum. Eftir að ég kom vestur hef ég kynnst nýjum hefðum, ég hef farið á hótelið í smørrebrød og á jólahlaðborð í Krúsinni. Í ár fór ég á jólatónleika með Frostrósum og saumaklúbburinn minn ætlar að fara á veitingastaðinn Við Pollinn og gæða sér á dönsku smurbrauði.

Mig hefur alltaf langað til að reyna að vera fyrirhyggjusöm og í janúar fór ég á útsölu í IKEA og keypti fallega kransa í stofugluggana og stjörnuljósagardínur í eldhúsgluggana á nýja húsinu sem ég hlakkaði svo til að flytja inn í. Ég var því miður ekki með málin á gluggunum þó húsið væri á þeim tíma orðið fokhelt. Ég gerði mér nú ekki mikið mál úr þessu og keyrði þessu öllu í geymsluna. Ég varð því svolítið sár þegar ég ætlaði nú aldeilis að skreyta og seríugardínurnar pössuðu ekki í gluggann. Ekki nóg með að þær væru alltof síðar heldur voru þær of mjóar líka. Þetta leystist þó með aðstoð stofuskreytinganna og nú er sko aldeilis fínt hjá okkur. Sverrir Bjarki er mjög hrifinn af öllum ljósunum og bendir öllum gestum út í glugga um leið og þeir koma inn.

Jólakortahöfuðverkurinn snarbatnaði með tilkomu afkvæmisins, nú er bara hægt að setja á drenginn jólasveinahúfu, skella mynd af honum á pappír, skrifa gleðileg jól og öruggt er að kortið fær heiðursess hjá öllum frænkum.

Þegar ég var lítil var ég vön að baka með mömmu og ég man hvað loftkökurnar snerust fyrir okkur. Ég hef því ákveðið að reyna ekkert við þær og versla bara loftkökur í dollu. Annars finnst mér gaman að baka smákökur og hlakka til þegar ég fæ aðstoð frá litlum höndum. Ég er búin að baka nokkrar sortir og það á að maula á þessu alla aðventuna og ef einhver sortin klárast þá baka ég bara meira. Ætla ekki að raða þessu ofaní krukkur og fela inni í búri. Enda bara málningardósir og flísar þar.

Jólamaturinn verður ákaflega hefðbundinn en góður; hamborgarahryggur með flestu tilheyrandi eftir smekk. Á eftir verður heimatilbúinn ís og Mars-sósa. Eftir pakka og jólakort fáum við okkur ef til vill smákökur og kakó. Þetta er allt voða rómantískt í huganum og svolítill spenningur að sjá hvað gengur eftir og hvað ekki.

Ég hef alltaf verið mikill aðdáandi jólaöls og það fer ekki minnkandi með aldrinum, jaðrar við fíkn. Jólaóskin í ár er hlaupabretti til að ná af sér öllum smákökunum, jólaölinu og öðru góðgæti sem maður raðar í sig um jól og áramót. Það er nefnilega algengur misskilningur að bændur séu í svo fitt og fínir. Allavega ekki ég.

Jólin í sveitinni eru um margt ólík þeim sem ég á að venjast úr mínu uppeldi. Við vorum öll hrein og fín og sest við matarborðið korter í sex, þau jól sem við fórum ekki í messu. Eitt árið sofnaði ég nú á öxlinni á pabba mínum undir predikuninni hjá prestinum. Bróðir minn skammaðist sín niður í tær en þetta var mjög ljúfur blundur.

Það þarf að gefa skepnunum hvort sem það eru jól eða ekki og því byrja jólin hjá okkur ef til vill aðeins seinna en hjá öðrum. Eins er ekki um það að ræða að hafa það kósý á náttfötunum langt frameftir á Jóladag. Við reynum þó að hafa minna að gera þessa hátíðisdaga og gerum okkur glaða daga eins og aðrir. Ég hef sett upp jólaljós í fjósinu og dýrin fá sérstaka alúð og klapp um jólin. Hundurinn fær jólamat og kettirnir blautfóður.

Jólatréð er ákveðinn höfuðverkur. Ég ætlaði að vera rosalega myndarleg og sauma út í jólatrésdúk. Ég á þó í miklum erfileikum með að ákveða hvernig myndirnar eiga að vera því þetta á að sjálfsögðu að vera eilífðareign og því best að velja vel. Dúkurinn er því óklárаður en verður það vonandi ekki á næsta ári. Svo er það skrautið, ekki mikið til af því og hvað á að kaupa. Á að vera þema eða á ekki að vera þema. Hvað á þemað að vera, gyllt og rautt, silfrað og hvítt, silfrað og blátt eða eitthvað alveg öðruvísi, það spilast eftir eyranu. Og stóra spurningin, á tréð að vera lifandi eða gervi. Mig langar að hafa lifandi tré en skil samt praktíkina í að hafa gervitré, svo eru gervitrén orðin svo miklu eðlilegri í dag en fyrir örfáum árum.

Um áramótin höfum við ýmist keypt flugelda eða ekki. Dýrin eru ekki hrifin af sprengingum og við höfum gjarnan farið á Ísafjörð til að njóta ljósadýrðarinnar. Vinafjölskylda okkar þar flutti þó til Reykjavíkur fyrir fáum árum og höfum við verið hálf munaðarlaus um áramótin síðan.

Ég ákvað að láta fylgja með nýja smákökuuppskrift sem ég fékk frá móður minni, það er viðeigandi að vera með nýja smákökutegund í tilefni af fyrstu jólunum okkar í húsinu og svo er nafnið á þeim svo fallegt.

Draumar

Hráefni:
150 gr Smjörlíki
4 ½ dl Sykur
1½ dl Matarolía
1-2 tsk Vanillusykur
1 tsk Hjartarsalt
5 dl Hveiti

Aðferð:
Smjörlíkinu og sykrinum er hrært vel saman.
Restinni bætt út í, hnoðað með höndunum.
Litlar kúlur mótaðar og raðað á plötu, þrýst létt ofaná.
Rennur dálítið til, telur 3 plötur hjá mér.
Bakað við 150°C í 20 mín, ekki opna ofninn á meðan.

Á móti vegna fordæmisgildis

„Ég greiði atkvæði gegn starfslokasamningi við fjármálastjóra vegna fordæmisgildis“, segir Sigurður Pétursson, oddviti Í-listans í Ísafjarðarbæ. Meirihlutinn í bæjarráði samþykkti starfslokasamning við fjármálastjóra en Sigurður greiddi einn atkvæði gegn honum. Hann segir að starfsmenn bæjarins eigi rétt á sínum uppsagnarfresti og hann vilji að bærinn haldi sig við það fyrirkomulag. Halldór Halldórsson bæjarstjóri segir það ekki vera nýtt að bærinn geri starfslokasamninga við starfsmenn. Að sögn Sigurðar voru þeir samningar algjör undantekningartilfelli og gerðir við sérstakar aðstæður. „Eftir minni bestu vitund hafa þeir aldrei farið fram úr uppsagnarfresti viðkomandi starfsmanna“, segir Sigurður.

Styrkja harmonikkusafnið

Harmonikkusafnið á Ísafirði fær tvær milljónir króna frá Ísafjarðarbæ. Tillaga um 1,5 milljóna framlag til safnsins var meðal tillagna sem Í-listinn lagði fram milli umræðna um fjárhagsáætlun. Meirihlutinn yfirtrompaði minnihlutann og lagði til 2 milljóna króna framlag. Í-listinn dró því til baka sína tillögu. Reiknað er með því að Ásgeir Sigurðsson og Byggðasafn Vestfjarða starfi með Ísafjarðarbæ að uppsetningu safnsins.

Upp á lofti inn í skáp, eru jólapakkar...

Það er einstakt og öfundsvert fyrir okkur fullorðna fólkið að sjá tæra gleði og tilhlökkun barna til jólanna. Þau hafa svo ótal margt að gleðjast yfir í desember og njóta þess í sakleysi sem lífið og jólin bjóða upp á; jólasveinarnir, gjafirnar, maturinn og fínu fötin. Blaðamaður Bæjarins besta settist með fimm börnum af leikskólanum Sólborg eina morgunstund, rúmum þrettán dögum fyrir jól og fékk að upplifa barnajól á ný. Uppskriftina að barnajólunum gáfu þau Guðni Rafn Róbertsson fjögurra ára, Hafdís Bára Höskuldsdóttir fimm ára, Rebekka Skarphéðinsdóttir fimm ára, Stefán Freyr Jónsson þriggja ára og Þuríður Kristín Þorsteinsdóttir fimm ára.

Rebekka og Hafdís Bára sitja fyrir aftan. Í fremri röð: Guðni Rafn, Þuríður Kristín og Stefán Freyr.

– Nú eru að koma jól, hlakkar ykkur ekki til?

Öll: Jú! Jú!

Hafdís: Á hinn daginn getum við farið að láta skóinn út í gluggann.

– Hvað gerist þegar maður setur skóinn út í gluggann?

Hafdís: Þá kemur eitthvað dót..

Rebekka: Veistu hvað? Ég hef fengið mandarínur í skóinn og eitthvað fleira með. Hugi sagði mér einu sinni að hann hefði fengið lítið páskaegg í skóinn!!

– En hver setur þetta dót í skóinn?

Guðni Rafn: Fyrst er Stekkjastaur..

(Nú verður uppi fótur og fit og ráðskonurassarnir í hópnum, Rebekka og Hafdís Bára rjúka á fætur og benda á myndir af jólasveinunum og þylja upp jólasveinavísurnar en Guðni Rafn er fljótur að leiðrétta þær þegar þær ruglast í ríminu og segja Gluggagægi koma síðastan...)

Rebekka: Veistu hvað? Á torginu sá ég að Stúfur kallaði Hurðaskelli Rassskelli! Og hann heitir Rassskellir, sérðu (hún bendir á mynd af Hurðaskelli), af því hann skellir með rassinum! Ha ha!

– Hvaða jólasveinn er svo bestur?

Hafdís Bára: Stúfur!

Guðni Rafn: Stúfur.. eða einhver annar.

Þuríður Kristín: Giljagaur.

– Af hverju höldum við jól?

Þuríður Kristín: Af því Jesú, hann á afmæli á jólunum.

Rebekka: Hann fæddist líka, á fyrstu jólunum.

Hafdís Bára: Hann fæddist í fræhúsum.

Rebekka: Nei, fjárhúsum..

Hafdís Bára: Æi, ég man það ekki.

Guðni Rafn: Hann lá í jötu, hann var í Beklehem.

Guðni Rafn brestur í söng og byrjar að syngja Bjart er yfir Betlehem.

Þuríður Kristín: Ég veit af hverju hann var lagður í jötu.

–Já, af hverju?

Þuríður Kristín: Af því það voru svo margir gestir í Betlehem.

–Var ekki pláss?

Þuríður Kristín: Mhm, þarna í gistihúsinu.

–Hvað gerir maður til að undirbúa jólin?

Þuríður Kristín: Skreytir, með jólaseríum og svona.

Hafdís Bára: Og tréð verður svo fínt!

Guðni Rafn: Æi, ég bara kíki í skóinn, og opna pakkana... á jólunum sko.

Hafdís Bára: Já, fyrst skreyti ég, svo sýni ég hvað ég fékk í skóinn, svo borða ég jólamatinn, svo opna ég pakkana..

Rebekka: Á ég að segja þér? Það er til lag sem er svona „Skreytum hús með greinum grænum, trallalalala-lalalala“ og, og amma mín, hún er með eina grein og afi minn hengdi hana upp á einum krók, bara eina grein svona upp í eldhúsdyrunum hér (hún bendir upp í loft og er mikið niðri fyrir), alveg eins og í laginu! Og ég hef heyrt það á torginu og svo ég á þetta sjálf á disk! En ég kann ekki allt lagið.

– Fáið þið ný föt fyrir jólin?

Sum játa en önnur neita.

Hafdís Bára: Bara í pökkunum.

Þuríður Kristín: Ég á fullt af jólakjólum.

– Hvað langar ykkur í jólagjöf?

Nú vaknar áhugi Stefáns Freys, greinilega alveg sama um jólakjóla og skreytingar..

Stefán Freyr: Ég á svona mörg (hann réttir fram alla puttana) Playmo-blöð og það er FULLT af dóti í því sem mig langar í.

Hafdís Bára: Mig langar í sveitaplaymo..

Stefán Freyr: Mig langar líka að fá ...Batman búning!

Þuríður Kristín verður hugsi: Ég veit það ekki..

Tilraun blaðamannsins til að beina talinu að öðrum hlutum er fljótlega slegin út af borðinu, og óskalistinn heldur áfram..

Hafdís Bára: Á ég að segja þér, mig langar svo í sveitaplaymo með sveitahúsi og líka í Bratz. Ég á samt playmo og Bratz...

Guðni Rafn: Systir mín á milljón trilljón Bratz dúkkur..

Rebekka: Ég er sko löngu búin að ákveða það. Ég er búin að hugsa tvær sko, og þær fást báðar í Tojsaröss, stóru leikfangabúðinni í Reykjavík. Það er svona könguló, maður ýtir á takka og þá gerir hún allskonar form. Svo langar mig líka í svona þrívíddargleraugu með tæki með mynd af stjörnum á vegginn.

Stefán Freyr: Mig langar líka í svona lítið mótorhjól til að keyra á gólfinu.

Guðni Rafn: Það er ekki til Eitra-búningur. Ég myndi helst vilja hann.

–Eitra-búningur? Hver er það?

Guðni Rafn: Eitri, sem lætur alltaf tunguna út...

– Er hann í einhverri mynd?

Guðni Rafn: (Greinilega mjög hissa á fávisku blaðamannsins) Hann er í Spiderman þrjú myndinni!

– Jæja krakkar, nú skulum við tala um eitthvað annað. Hvað borðið þið á jólunum?

Þuríður Kristín: (Með sælusvip á andlitinu) Við borðum rjúpur. Og bjúgu.

Guðni Rafn: Ég borða bara morgunmat. Og nammi.

Stefán Freyr: Ég borða bara nammi.

Hafdís Bára: Ég fæ alltaf svona súpu eða kökur.

– Hvað gerist þegar jólin eru búin?

Stefán Freyr: Þá kemur nóttin og svo fáum við að sofa út, af því það er enginn leikskóli!

–Það er nú skemmtilegt á áramótunum er það ekki?

Stefán Freyr: Þá koma tröllin úr fjöllunum...

Nú fór viðtalið að leysast upp í vitleysu þar sem börnin sögðu frá álfum, sprengingum og áramótabrennum við hesthúsin hans afa, með tilheyrandi leikrænum tilburðum og því sá blaðamaður ekki annað í stöðunni en að biðja börnin að syngja fyrir sig og langaði Þuríði litlu að þau syngdu lagið Skín í rauðar skotthúfur. Það er við hæfi að enda viðtalið á þeim nótum; ljúf í gleði leika sér, lítil börn í desember. *– sigridur@bb.is*

Sælkeri vikunnar er Jón Sigurðsson á Ísafirði

Laxaflök með gráðostasósu og dúndur góður eftirréttur

Sælkeri vikunnar býður upp á dýrindis laxaflök með gráðostasósu og í eftirrétt er ávaxtahvellur sem Jón segir að sé dúndur gott í hvelli. Jón mælir með því að laxinn sé borinn fram með soðnum kartöflum og grænmetissalati.

Laxaflök með gráðaostasósu

Tvö meðalstór laxaflök með roði
Salt
Pipar
Dill
Olía

Tvö meðalstór laxaflök með roði sett á ofnskúffu með álpappír. Penslið með olíu, saltað og piprað og grænu dilli dreift yfir. Bakað í ofni við 180° - 200°C í ca. 30 mín. Gott að taka a.m.k. einu sinni út og pensla aftur. Þegar kraumar í fiskinum er hann að verða tilbúinn. Pottþéttur þegar hann er laus frá roði.

Gráðaostasósan

2-3 gráðostar bræddir í potti. Gott að nota mjólk eða matreiðslurjóma til að jafna sósuna. Þarf lítið að krydda fer þó eftir smekk.

Ávaxtahvellur

1 stór dós bl. ávextir
2 pelar þeyttur rjómi
2-3 Marssúkkulaði.

Marsið brætt í potti, ávextir settir í 4-6 staup, rjómanum dreift yfir og loks marssósunni.

Ég skora á Ellert Örn Erlingsson, skólastjóra á Þingeyri að verða næsti matgæðingur BB.

Fasteign til sölu

Til sölu er húseignin að Sólgötu 9, Ísa-firði. Um er að ræða 370m² atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum. Í húsinu er prentsmiðja og skrifstofur. Eignin gefur góða möguleika fyrir ýmis konar starfsemi, en einnig er hægt að skipta henni upp í hluta og þá jafnvel í íbúðarhúsnæði eða blöndu af atvinnu- og íbúðarhúsnæði. Meðfylgjandi er 456m² eignarlóð.

Allar nánari upplýsingar gefur Fasteignasala Vestfjarða í síma 456 3244, veffang: fsv.is.

Starfsfólk Glitnis á Ísafirði óskar öllum Vestfirðingum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Þökkum ánægjulegt samstarf liðinna ára.
GLITNIR
Starfsmenn Glitnis á Ísafirði
eru 22 á tveimur starfsstöðvum:
• Útibú Hafnarstræti 1
• Þjónustuver Hafnarstræti 9